

**VILHJÁLMUR GUNNAR PÉTURSSON**  
**Vann og skemmti sér í Ölpunum**  
 ferðir bílar heimili veiði börn  
**allt** í MIDJU BLAÐSINS



**SJÁVARÚTVEGUR**  
**Nám, nýsköpun og uppbygging**  
 Sérblað um sjávarútveg  
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**SÉRBLAÐ FYLGIR**  
**Europpris**  
**FRÁBÆR TILBOÐ!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. maí 2008 – 124. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIDVIKUDAGUR

### Ekki stórmál

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri útvarpssviðs RÚV, segir það ekki stórmál að þulur þar á bæ sé einnig starfsmaður markaðs-deildar Alcan.



FÓLK 30

### Þvottavél og sápu

John Fogerty vill hafa þvottavél og filabainshvít sápuþykki baksviðs í Laugar-dalshöllinni.



FÓLK 30

### Borgaraleg verkefni

„Við eigum að setja fjármagn og taka forystu í ákveðnum borgaralegum verkefnum þar sem reynsla okkar og þekking nýtur sín,“ skrifar Jón Gunnarsson um starf Íslands í NATO.

UMRÆÐAN 16

### Yngra og ferskara lið

Fréttablaðið spáir KR fjórða sætinu í Landsbankadeild karla í sumar.



ÍPRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG



**HÆGVÍÐRI** í dag verður hæg suðvestlæg átt. Bjart með köflum norðan og austan til, annars skýjað og hætt við lítils háttar vætu. Hiti 12-19 stig, hlýjast til landsins austan til.

VEÐUR 4

## Krónan hrekkur erlenda starfsmenn heim á leið

Erlendum starfsmönnum fækkar líklega um þrjú þúsund á árinu. Ástæður eru sagðar kjaraskerðing vegna gengislækkunar og samdráttur í byggingariðnaði.

**EFNAHAGSMÁL** „Við erum með um 150 erlenda starfsmenn núna, en ég geri ráð fyrir því að um helmingur þeirra fari heim í sumar ef ekkert breytist,“ segir Óskar Þórðarson hjá starfsmannaleigunni VOOT. Um sé að kenna samdrætti á byggingamarkaði auk þess sem gengisþróunin hafi leikið erlenda verkamenn grátt. „Þetta er ofboðsleg kjaraskerðing sem segja má að jafngildi þrjátíu prósent launalækkun,“ segir Sverrir Einar Eiríksson, hjá Starfsmannaleigunni Proventus.

Það sem af er ári hafa næstum jafn margir erlendir starfsmenn farið úr landi og allt árið í fyrra, með vottorð sem tryggir þeim atvinnuleysisbætur í heimalandinu. Margir sem hér hafa verið við störf hafa reynt að koma sér upp þaki í heimalandinu eða sent peninga til fjölskyldna sinna.

„Við höfum þegar haldið fund með pólskum starfsmönnum vegna þessara mála,“ segir Bolli Árnason,

framkvæmdastjóri GT-tækni á Grundartanga. Starfsmaður fyrirtækisins hefur ákveðið að flýja land vegna gengisfalls krónunnar og Bolli hefur heyrt af fleirum.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir að nú séu á milli sautján og átján þúsund erlendir ríkisborgarar við störf á íslenskum vinnu-markaði. „Við gerum ráð fyrir því að það fækki um þrjú þúsund manns í þessum hópi í ár.“

Fyrirtæki hafa þegar leitað til verkalýðsfélaga eftir leiðbeiningum vegna þess að starfsmenn hafa óskað þess að fá greitt í evrum. Í síðustu samningum var veitt heimild til að greiða hluta launa í erlendri mynt. Uggur er í hópi erlendra verkamanna vegna gengisfallsins.

Árni Jóhannsson hjá Samtökum iðnaðarins segir að þar hafi menn orðið varir við að erlendir starfsmenn færu heim strax um páska.

- ikh / sjá Markaðinn



**RÍÐANDI Í BÆINN** Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson riðu frá Kópavogi niður í miðbæ Reykjavíkur í gær. Tilgangurinn var að hvetja ráðamenn til að tryggja aðgengi almennings að gömlu hestaréttinni fyrir ofan Hallargarðinn, þrátt fyrir sölu borgarinnar á Fríkirkjuvegi 11. Leikararnir slitu báðir barnskónum í hverfinu og kynntust í gömlu hestaréttinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sigrún Hjálmtýsdóttir: Bræddi hjarta Pútíns með söng

**FÓLK** Óperusöngkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir söng fyrir Vladimir Pútín og arftaka hans, Dmitrí Medvedev, í Rússlandi á dögunum. Sigrún kom fram ásamt Terem-kvartettinum í Alþýðuhöllinni í Moskvu og var fullt út úr dyrum, Pútín og Medvedev sátu dolfallnir á fremsta bekk.

„Pútín er mikill aðáandi Terem-kvartettsins og kallar gjarnan á hann þegar mikið liggur við. Það var heilmikil veisla eftir tónleikana en ég talaði ekkert við Pútín. Ég hélt mig nú aðallega með tónlistarfólkinu.“

- glh / sjá síðu 30

## Hjólað í vinnuna: Þátttaka eykst með hverju ári

**SAMGÖNGUR** Átaksverkefnið „Hjól- að í vinnuna“ hefst í dag og af því tilefni verður efnt til samkomu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra mun koma hjólandi frá heimili sínu í föruneyti Dofra Hermannssonar, vara-borgarfulltrúa Samfylkingar. Síðustu fimm ár hefur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands stað- ið fyrir vinnustaðakeppni samfara áttakinu. Frá árinu 2003 til 2007 fjölgaði keppendum úr 533 í 7.333.

- jse

## Grænlandsk heimastjórnarlög: Fagnað í Nuuk

**GRÆNLAND** Nýsamþykkt tillaga að heimastjórnarlögum fyrir Grænland var afhent leiðtogum dönsku ríkisstjórnarinnar og grænlandsku landstjórnarinnar við hátíðlega athöfn í Nuuk í gær.

„Þetta er stór dagur í sameigin- legri sögu Grænlands og Dan- merkur,“ sagði Fogh Rasmussen.

Hans Enoksen landstjórnarfor- maður sagði Fogh Rasmussen eiga „miklar þakkir“ skildar. Hann sé sá danski forsætisráðherra sem hafi „skrifað sig inn í söguna sem sá sem gaf grænlandsku þjóðinni réttinn til sjálfsákvörðunar“.

- aa

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...  
  
 ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Könnun SI á stuðningi við evru og inngöngu í ESB: Evrusinum fjölgar mikið

**KÖNNUN** Ríflega tveir af hverjum þremur landsmönnum vilja kasta krónunni og taka upp evruna, samkvæmt könnun sem Capacent vann fyrir Samtök iðnaðarins í apríl.


Evrusinum hefur fjölgað mikið frá fyrri könnun. 68,3 prósent vilja taka upp evru nú, en 31,7 prósent vilja halda krónunni. Stuðningur við evruna hefur aukist um 22,4 prósent frá því í febrúar.

Einnig var spurt hvort Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið. Alls sögðust 48,6 prósent hlynnt inngöngu, en 29,5 prósent voru andvíg. Tæp 22 prósent sögðust hvorki hlynnt né andvíg.

Um var að ræða netkönnun þar sem haft var samband við 1.100 manns af landinu öllu. Þátttakendur voru valdir af handhófi úr viðhorfahópi Capacent. Svarhlutfallið var 72,8 prósent.

- bj

### Stuðningur við upptöku evru



**Einstaklingstilboð nr. 2**  
 Pizzasneið, 2 brauðstangir og gosglas  
**690 kr.**

**sbarro**

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46  
 www.sbarro.is • sími 517 7750

muundu eftir mjólkinni!

**muu**





ASKJA



Mercedes-Benz

**6x Benz** Mercedes-  
C200 Kompressor

+ 5,6 milljónir í skottið  
á tvöfaldan miða!

# Drögum á morgun!

## Síminn er 561 7757

**6x Harley** Davidson  
Fat Boy

+ 3,2 milljónir í bakpokann  
á tvöfaldan miða!



**Fleiri vinningar – meiri líkur á að vinna  
52 þús. vinningar á 80 þús. númer**








Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr. og tvöfaldur kostar 2.000 kr.

**Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is)**

HAPPDRETTI



Vinningur í hverri viku

GJALDMIDLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	76,80	77,16
	Sterlingspund	151,19	151,93
	Eura	119,13	119,79
	Dönsk króna	15,96	16,054
	Norsk króna	15,107	15,195
	Sænsk króna	12,733	12,807
	Japanskt jen	0,732	0,7362

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
153,9971  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samhljómur með ríkisstjórn og fulltrúum vinnumarkaðarins og sveitarfélaganna:

## Sérfræðingar gera tillögur

**EFNAHAGSMÁL** Samráðsfundur aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar átti sér stað í Ráðherrabústaðnum í Reykjavík í gær. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að farið hefði verið yfir efnahagsástandið og þróunina frá því í fyrra. „Við munum setja sérfræðinga í það á næstu fáum vikum að greina vandann sameiginlega og gera tillögur um leiðir til að mæta þessu. Síðan er hugmyndin að hittast hér á nýjan leik áður en langt um líður og stiga þá næstu skref,“ sagði hann. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði ánægjulegt að



**STILLA SAMAN STRENGI** Fulltrúar hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins fóru yfir þróunina í efnahagsmálum þjóðarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

heyra samhljóm á fundinum. Verðbólgan breytti forsendunum hjá

mörgum. „Við ætlum að huga að því hvernig við getum varið stöðu og kjör þess fólks sem er bæði búð að fjárfesta í íbúðarhúsnæði og gera sína kjarasamninga.“

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, benti á að misskipting hefði aukist á síðustu árum og lagði ríka áherslu á hvað stjórnvöld vildu gera varðandi heilbrigðiskerfið, Íbúðalánasjóð og aðra innviði samfélagsins. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði mestu máli skipta fyrir kjör fólksins að halda uppi atvinnustiginu í landinu. - ghs

## Forsætisráðherra Íslands: Bertie Ahern segir af sér

**ÍRLAND, AP** Bertie Ahern sagði í gær af sér sem forsætisráðherra Íslands eftir ellefu ár í embætti. Síðasta daginn notaði hann til að hitta Ian Paisley, forseta heimastjórnar Norður-Írlands.

Ahern er talinn hafa átt stóran þátt í að mótmælendur og kaþólskir á Norður-Írlandi gerðu með sér samning um heima-stjórna árið 1998, eftir þriggja áratuga blóðug átök sem kostuðu 3.600 manns lífið.

„Það er ekki nokkur leið að snúa til baka til gömlu, vondu daganna,“ sagði Ian Paisley þegar hann hitti Ahern loka-daginn hans í embætti. - gb



**SKEMMDIR** Sturla kannar skemmdir á bil sínum eftir að lögregla lagði halt á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Bílstjórar funda í kvöld:

## Alls ekki hættir

**MÓTMÆLI** Atvinnubílstjórar halda fund í kvöld í Nýju sendibílastöðinni um framhald mótmæla þeirra. Sturla Jónsson segir menn afar óánægðar með framkomu við þá en kröfur bílstjóra séu óbreyttar. „Við viljum losna við kílómetragjald, að eldsneytisgjald lækki og hvíldartíminn verði lagaður,“ segir Sturla.

Jón Gunnar Margeirsson, formaður Samtaka félagsskapar bílstjóra, segir menn reiða. „Við tölum fyrir daufum eyrum. Ef ekki verður breyting þá mótmælum við aftur. Við hræðumst lögreglu ekki, næst verðum við ekki svona fálíðaðir,“ segir Jón Gunnar. - kóp

## Lögreglustjórnin á Suðurnesjum: Gengur á fund fjárlaganefndar

**ALÞINGI** Fjármál lögregluembættisins á Suðurnesjum verða rædd á fundi fjárlaganefndar Alþingis í dag. Kemur Jóhann R. Benediktsson lögreglustjóri fyrir nefndina. „Við ætlum að fara yfir fjárveitingar ársins í ár og ræða ýmsar verklagsreglur,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar.

Nýverið voru fjármál lögregluembættis höfuðborgarsvæðisins til umræðu á fundi fjárlaganefndar. Sat Stefán Eiríksson lögreglustjóri hann. - bps

# Decode vill lögbann á sölu lóðaréttinda

Borgaryfivöld segja Íslenska erfðagreiningu aldrei hafa átt lóðaréttindi á Sturlugötu 10 en fresta sölu lóðarinnar til að heyra nánar af sjónarmiðum fyrirtækisins. ÍE segist munu leita eftir lögbanni selji borgin lóðina til S10 ehf.

**STJÓRNSÝSLA** Borgarstjórn frestaði í gær sölu á Sturlugötu 10 til að gefa Íslenskri erfðagreiningu ráðrúm til að skýra sjónarmið sín um eignarhald lóðarinnar.

Íslensk erfðagreining (ÍE) telur sig rétthafa lóðarinnar sem hafi verið lofuð fyrirtækinu þegar hús þess var byggt á Sturlugötu 8. Forsvarsmenn S8 ehf. telja ÍE hins vegar hafa selt þessi lóðaréttindi þegar félagið seldi fasteignina á Sturlugötu 8.

Sjónarmið borgaryfirvalda er að ÍE hafi aldrei verið formlegur rétthafi á lóðinni. „Telji Reykjavíkurborg að þeirri lóð sem um ræðir sé best ráðstafað með þeim hætti sem samningur milli Reykjavíkurborgar og S10 gerir ráð fyrir þá er það í hennar valdi að gera svo,“ segir í minnisblaði Kristbjargar Stephensen borgarlögmans sem sent var ÍE síðdegis á mánudag.

Guðmundur Óli Björgvinsson, lögmaður S8 og S10, segir í bréfi til borgarstjórnar að fullyrðingar ÍE um að félagið hafi á einhvern hátt undanskilið lóðaréttindi að þeirri fasteign sem félagið seldi séu „rangar og algerlega örökstuddar“. Þá hafi Kára Stefánsyni forstjóra verið kunnugt um fyrirhugaðar framkvæmdir og fengið uppdrætti afhenta.

ÍE sendi í gær borgarstjórn nýtt og harðort bréf. Þar er því hafnað að upplýsingagjöf til forstjóra ÍE megi túlka sem „þegjandi samþykki“ fyrirtækisins.

„Haldi Reykjavíkurborg fast við sinn keip og keyri málið í genn



**STURLUGATA 10** S10 ehf. vill reisa viðbyggingu við hús Íslenskrar erfðagreiningar og nýtt hús á umdeildri lóð á Sturlugötu 10. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KÁRI STEFÁNSSON**



**VILHJÁLMMUR P. VILHJÁLMSÓN**

dag með offorsi, þrátt fyrir ítrekuð og viðvarandi mótmæli ÍE, er ljóst að um verður að ræða eitt-hvað grófasta ásetningsbrot stjórnsvalds á efnis- og meginreglum íslensks stjórnsýsluréttar sem um getur á síðari árum,“ segir í feitletrudu niðurlagi bréfs Jóhanns Hjartarsonar, lögmans ÍE, sem kveður fyrirtækið munu leita eftir lögbanni gegn lóðasölu til S10.

Málinu var síðan frestað á borgarstjórnarfundum í gær eins og áður segir. „Íslensk erfðagreining telur sig hafa ákveðinn rétt og við ætlum að fara ofan í saumana á því,“ segir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs. gar@frettabladid.is

## Interpol leitar til almennings: Lýsir eftir barnaniðingi

**LÖGREGLUMÁL** INTERPOL, alþjóðalögregla, biður almenning um aðstoð vegna leitar að manni



**EFTIRLÝSTUR BARNANIÐINGUR**

sem hefur sést misnota börn á um það bil hundrað myndum sem dreift hefur verið á netinu. Myndirnar fundust í tölvu dæmdu barnaniðings. Nafn mannsins, þjóðerni og dvalarstaður eru óþekkt. Á myndunum sést hann misnota að minnsta kosti þrjá drengi á aldrinum sex til tíu ára. Lögreglan í Noregi uppgötvaði fyrstu myndirnar í mars árið 2006.

Lögreglufirvöld hafa nauðleitt að mannsins um allan heim en án árangurs til þessa. Þau leggja allt kapp á að koma í veg fyrir misnotkun fleiri barna. - js

## Insolidum til gjaldþrotaskipta: Áfrýja til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Insolidum ehf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær.

Insolidum er félag í eigu Daggar Pálsdóttur, lögmans og varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins, og sonar hennar Ágúst Páls Ólafssonar. Saga Capital Fjárfestingarbanki krafðist þess að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna gjaldfallinnar skuldar að upphæð tæplega 335 milljónir króna, vegna láns til kaupa á stofnfjárbréfum í SPRON.

Insolidum unni ekki úrskurði Héraðsdóms og hefur þegar skotið honum til Hæstaréttar. - kg

**KOMDU SMÁ GRIKKJA Í ÞIG**

**TAKTU ÞÁTT Í LUKKULEIK DALA FETA GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BØÐI**

20% MEIRA MAGN - SAMA VERÐ

**VEÐURSPÁ**

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	19°
Billund	20°
Ósló	23°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	19°
London	23°
París	24°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	24°
Berlín	22°
Alicante	24°
Mallorca	23°
Basel	23°
Eindhoven	24°
Las Palmas	24°
New York	23°
Orlando	32°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Hefur gæðin

**TUCSON**

# TOGARI

**Jepplingur með frábæra toggetu nú á frábæru verði**



**TOGARATILBOÐ**  
**HYUNDAI TUCSON 4X4**  
2.0L., BENSÍN, BEINSK. + AUKAPAKKI  
VERÐ KR. **2.990.000**

**[Aukahlutapakki]**  
að verðmæti kr. 290.000



Með bilinn handa þér

Hyundai Tucson siglir nú inn á markaðinn á fantagóðu verði. Við köllum hann í gamni togara, því hann fer létt með að draga bæði fellihýsi og hjólhýsi. Hann er líka drekkhlaðinn aukabúnaði en innifalið í verðinu er dráttarbeisli, bakkskynjarar, heilsársdekk og smart vindskeið. Þetta eru ný við-mið í verði á þessum einum mest selda jepplingi á Íslandi.

**HYUNDAI** [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - [www.bl.is](http://www.bl.is)  
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524



Átt þú stafræna myndavél?

Já 84,3%  
Nei 15,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að styðja Stoke í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, um Þjórsárver:

# Flóðið fer yfir 30 ferkílómetra

**UMHVERFISMÁL** Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að rannsókn á vegum Landsvirkjunar sýni að hamfarafloð við gos í Bárðarbungu fari að öllu óbreyttu að langmestum hluta í gamlan flóðfarveg sem liggur inn í friðland Þjórsárvera.

Með því að gera flóðvar í Þúfuversstíflu gefi stíflan sig þannig að skaði af flóðinu verði sem minnstur. „Ef Landsvirkjun gerir ekki flóðvar í Þúfuversstíflu mundi hamfarafloð rjúfa stærri stíflur norðar í friðlandinu og vatn fara yfir stærra svæði en ella,“ segir hann. Þorsteinn telur að rangt sé lesið úr korti þegar talað

sé um að útbreiðsla flóðsins í Þjórsárverum eftir aðgerðir Landsvirkjunar nemi um áttatíu ferkílómetrum. Réttara sé að tala um þrjátíu ferkílómetra og að stórum hluta í farvegi Þjórsár.

Straumhraði flóðsins verði aðeins mikill á takmörkuðum svæðum í friðlandinu. „Stærsti hluti flóðasvæðisins mundi fá yfir sig kyrrt vatn í fáa daga sem ekki er víst að skaði gróðurinn,“ segir hann. „Það sætir furðu að þegar Landsvirkjun gerir varúðarráðstafanir vegna hugsanlegs hamfarafloðs til þess að vernda bæði náttúru og mannvirki þá skuli þeirri viðleitni snúið upp í andhverfu sína,“ segir hann. - ghs



# Ólíuhreinsistöð á Vestfjörðum: Ríkið borgi ekki umhverfismat

**ALÞINGI** Ríkissjóður mun ekki greiða fyrir mat á umhverfisáhrifum ólíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum. Í það minnsta kemur það ekki til greina af hálfu Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra.

Álfheiður Ingadóttir VG innti hann svara við spurningum um aðkomu ríkisins að hugsanlegri ólíuhreinsistöð á Alþingi í gær.

Sagði hún jafnframt að umhverfismat vegna Kárahnjúkavirkjunar hefði kostað í kringum 500 milljónir króna og kvaðst fegin að heyra að ráðherra hugnast ekki að ríkið borgi slíkt mat vegna ólíuhreinsistöðvar vestra. - bps

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030

1 kr. aðra leiðina + 690 kr. (flugvallarskattur)

Gildir til 31. maí – bókaðu á www.flugfelag.is

# Tugir þúsunda létu lífið í hamförunum

Herfingjastjórnin í Búrma þiggur aðstoð frá erlendum hjálparstofnunum. Óseyrasvæði Irrawaddy-fljótsins varð verst úti. Milljón manns heimilislaus.

**BÚRMA, AP** Óseyrarnar syðst á vesturströnd Búrma hafa verið að mestu einangraðar síðan fellibylurinn Nargis reið yfir landið á laugardaginn með ofsaroki og miklu vatnsflóði. Hjálpargögn eru farin að berast til landsins, en erfitt er að koma þeim til nauðstaddir á svæðinu sem verst varð úti.


„Það sem við óttumst mest er að eftirleikurinn kosti enn fleiri mannlíf heldur en fellibylurinn sjálfur,“ segir Caryl Stern, yfirmaður Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Bandaríkjunum.

Hamfarirnar kostuðu meira en 20 þúsund manns lífið, en að auki er yfir 40 þúsund manns saknað og ein milljón manna stendur uppi án heimilis. Langmesta tjónið varð á óseyrasvæði Irrawaddy-fljótsins, þar sem íbúar eru á fjórðu milljón talsins.

Rafmagnslaust var enn í gær í Rangún, stærstu borg landsins, fjórða daginn í röð frá því hamfarirnar urðu.

Hversu alvarlegt ástandið er má marka af því að herfingjastjórn landsins, sem jafnan tortryggir útlendinga og hleypir fáum þeirra inn í landið, hefur nú beðið um aðstoð frá erlendum hjálparstofnunum. Óttast var að stjórnin myndi reyna að takast á við vandann upp á eigin spýtur, án utanaðkomandi aðstoðar.

Í gær skýrði stjórnin einnig frá því að hún hafi ákveðið að fresta að nokkru til 24. maí atkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá, sem stjórnin hefur samið en stjórnarandstæðingar segja herða



enn tók stjórnarinnar á landsmönnum. Frestun kosninganna nær þó aðeins til þeirra svæða sem verst urðu úti.

Fjöldmörg ríki og hjálparsamtök hafa lofað aðstoð, þar á meðal Rauði kross Íslands, sem hefur ákveðið að verja fimm milljónum króna í aðstoð handa nauðstöddum í Búrma.

Herfingjastjórnin er þó enn treg til að þiggja aðstoð frá útlöndum. Til að mynda var liðsmönnum

bandarískra hjálparsamtaka meinað að fara til Búrma í gær.

Allar upplýsingar um fjölda látinna, týndra og heimilislausra eru enn sem komið er eingöngu fengnar frá stjórnvöldum í landinu. Óháðir aðilar hafa ekki getað lagt neitt mat á það enn.

Hamfarirnar um helgina eru þær verstu sem orðið hafa í Asíu síðan flóðbylgjan mikla reið yfir sunnanverða álfuna í desember 2004. gudsteinn@frettabladid.is

Hefur þú ekki efni á stórstjörnu í afmælið í ár?

En þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :)

Sólarlottó til Marmaris

24. og 30. júní – 8. og 22. júlí – 19. ágúst

Verð frá: **39.900 kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð! Verðdæmið miðast við brottför 24. júní og 19. ágúst. Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

\* Netverð miðað við að 2-4 ferðist saman.

Fyrstur kemur, fyrstur fær. Nánari upplýsingar og bókanir á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

plús FERDIR

VISA MasterCard

PLÚSFERDIR – Lágmuła 4 – 105 Reykjavík – Sími 535 2100 [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins:

# Lestur á Fréttablaðinu eykst

**FJÖLMIDLAKÖNNUN** Lestur á Fréttablaðinu eykst um 3,1 prósentustig frá síðustu könnun, samkvæmt nýjustu fjölmíðlakönnun Capacent. Meðallestur á tölublað mælist nú 64,9 prósent. Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins. Lestur á 24 stundum mælist nú 50,4 prósent en var 45,8 prósent í síðustu könnun. Lestur á Morgunblaðinu mælist nú 41,6 prósent og stendur í stað frá síðustu könnun.

Lestur á Fréttablaðinu er mikill á höfuðborgarsvæðinu, þar sem meðallestur er 69,9 prósent. 53,7 prósent höfuðborgarbúa lesa að meðaltali 24 stundir og 46,3 prósent lesa Morgunblaðið.

Könnunin sýnir einnig áframhaldandi yfirburði Fréttablaðsins hvað varðar lesendur á aldursbilinu 18 til 49 ára. Á því aldursbili er lestur á Fréttablaðinu 65,1 prósent að meðaltali. 46,7 prósent lesa 24 stundir, en 32,2 prósent á aldrinum 18 til 49 ára lesa Morgunblaðið að meðaltali.

Könnunin var gerð á tímabilinu 1. febrúar til 30. apríl og mældi notkun Íslendinga á aldrinum tólf til áttatíu ára á dagblöðum og netmiðlum. Endanlegt tilviljanáurtak var 4.127 og nettó svarhlutfall var 61,6 prósent. - kg





BARNAFATNAÐUR Í  
ÚRVALI



# Kýlum niður verðbólguna!

Framlengjum tilboðin til 10.maí



casall®



20% **AUKA**-afsláttur  
af útsöluvöru

# Vorsprengja

A3

OUTLET  
CENTER

LAUGARDAG 10-16  
MÁN-FÖS 11-18

AUSTURHRAUNI 3  
210 GARDABÆ



Grunnstöðir í rekstri Landsbankans traustar á erfiðum tímum:

## Viðbúið að vanskil aukist

**VIÐSKIPTI** Búast má við að vanskil í bankakerfinu aukist á næstu ársfjórðungum að mati Sigurjóns Árnasonar, bankastjóra Landsbankans.

Á uppgjörsfundi bankans í gær sagðist hann greina mynstur í þá átt. Af þeim sökum hefði Landsbankinn fært tæpa fjóra milljarða til viðbótar á sérstakan afskriftareikning á fyrsta ársfjórðungi. Í lok mars hefði afskriftareikningurinn staðið í 27,5 milljörðum króna. Þetta væri um eitt prósent af heildarútlánnum, sem væri svipað og hjá bönkum með mun stærra lánasafn. Fjármunir á afskriftareikningi væru samt ekki tapaðir peningar,



**SIGURJÓN P. ÁRNASON** Landsbankann vantar aðeins 300 milljónir evra til að ljúka fjármögnun ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

heldur varúðarráðstöfun í ljósi erfiðra tíma á fjármálamörkuðum.

Sigurjón sagði að þegar fyrirtæki stæðu frammi fyrir því að búið væri að takmarka alla erlenda

fjármögnun þyrftu þau að fjármagna sig í íslenskum krónum sem bæru háa vexti. Í því fælist vaxtahækkun upp á 10 prósent eða meira á stuttum tíma. Mikilvægt væri að búa í haginn og leggja til hliðar á afskriftareikning.

Hagnaður Landsbankans á fyrsta ársfjórðungi eftir skatta var 17,4 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár 44 prósent. Þeir sem Fréttablaðið töluðu við töldu uppgjörið gott miðað við markaðsaðstæður. Ef horft væri á grunnrekstur bankans, og framhjá miklum áhrifum af veikingu krónunnar á rekstrarniðurstöðuna, væri afkoman vel viðunandi.

- bg

## Alþjóðlegt samstarf hjá Gæslunni eft

Landhelgisgæslan stendur á tímamótum. Efla á samstarf við nágrannabjóðirnir. Ný flugvél og nýtt varðskip er á leiðinni. Vægi fiskveiðieftirlits minnkar.

**ÖRYGGISMÁL** Ný áætlun Landhelgisgæslunnar fyrir árin 2008 til 2010 var kynnt í gær. Samkvæmt því er öryggisgæsla á hafinu umfangsmesta verkefni gæslunnar, en vægi fiskveiðieftirlits minnkar.

Við það tilefni sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra Landhelgisgæsluna standa á tímamótum, verkefni hennar hafi breyst og unnið sé að endurbótum í takt við það með nýjum tækjakosti.

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli Íslands og Noregs um útboð á þremur nýjum björgunarþyrlum sem afhentar verða á árunum 2011-2014. Þá er nýtt varðskip í smíðum, sem væntanlegt er síðla árs 2009, auk flugvélar sem kemur um mitt það ár.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að í framtíðinni verði unnið í nánara alþjóðlegu samstarfi.

Ljóst er að kostnaður við áætlunina hleypur á hundruðum milljóna og er þá kostnaður við skip, flugvél og þyrlur undanskilinn.

kolbeinn@frettabladid.is

### VIÐBRAGÐSTÍMI STYTTIST

Stefnt er að því að viðbragðstími styttest til muna. Með nýju varðskipi verður þremur skipum haldið úti allt árið. Þau verða staðsett þannig að það geti verið komið á vettvang innán átján klukkustunda frá því að beiðni berst.

Von er á nýrri Dash-8 flugvél til landsins á næsta ári. Með tilkomu hennar verður hægt að gera viðbragðstíma flugvélna sextíu mínútur að hámarki.

Með nýrri þyrlu er stefnt að því að þyrlan geti verið komin í loftið fimmtán mínútur eftir útkall.



**BJÖRN BJARNASON** DÓMSMÁLARÁÐHERRA OG **GEORG LÁRUSSON** FORSTJÓRI LANDHELGISGÆSLUNNAR Öryggisgæsla á hafinu eykst, en vægi fiskveiðieftirlits hjá Landhelgisgæslunni minnkar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### GRÍÐARSTÓRT LEITARSVÆÐI

Leitar- og björgunarsvæði Landhelgisgæslunnar er gríðarstórt, mun stærra en efnahagslögsagan. Það er 1,8 milljónir ferkílómetra að stærð. Að jafnaði eru 300 skip á svæðinu að veiðum hvern dag, en geta farið í 800 á góðum sumardeg.

Árlega koma 1.600 flutningaskip til landsins og má búast við að það aukist. Þá komu 77 skemmtiferðaskip til lands í fyrra, en sífellt fleiri og stærra skip eru hér á ferð.



Samgönguráðherra efnir til opins fundar um Sundabraut í kvöld, miðvikudaginn 7. maí. Fundurinn hefst kl. 20 og verður í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur.

#### Dagskrá:

##### Ávarp:

→ Kristján L. Möller, samgönguráðherra

##### Sundabraut:

→ Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri

→ Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri suðvestursvæðis Vegagerðarinnar

##### Ávörp:

→ Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi

→ Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi

##### Fyrirspurnir

→ Fundarstjóri Róbert Marshall, aðstoðarmaður samgönguráðherra

Framhaldsaðalfundur BHM:

## Algjör endurnýjun í stjórn

**STÉTTARFÉLÖG** Algjör endurnýjun verður í stjórn Bandalags háskólanna, BHM, á framhaldsaðalfundi BHM um miðjan maí.

Á fundinum mun uppstillingarnefnd leggja til að Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður Stéttarfélagssjúkraþjálfara, verði nýr formaður BHM og Páll Halldórsson, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga og fyrrverandi formaður BHMR, verði varaformaður.



**GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR**

- ghs

### SAMNINGAVIÐRÆÐUR

#### Aftur í næstu viku

Samningafundur Samninganefndar ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga, FÍN, skilaði litlum árangri í gær. Ina Björk Hjálmsdóttir, varaformaður FÍN, segir að samninganefndin hittist aftur í næstu viku.

### REYKJAVÍK

#### Borgarlistamaður 2008

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið hver verður útnefndur borgarlistamaður 2008 en heldur valinu leyndu þar til nafnið verður tilkynnt 17. júní.

## Gegnheil eik

Ómeðhöndlað  
Þykkt: 16 mm  
Breidd: 68 mm  
Lengd: 408 mm

**Tilboð: 2.900 kr m<sup>2</sup>**  
Fáðu sýnishorn hjá okkur!



PARKET OG GÓLF

Ármúla 23  
108 Reykjavík  
sími 568 1888  
Njarðarnesi 4  
603 Akureyri  
sími 464 7878  
www.pog.is



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



Áttu von á gestum.....



Recor Collection svefnsófar  
með heilsudýnu



Tilvalið í sumarbústaðinn.  
Fullur salur af nýjum línunum, litum og áklæðum.

Aðeins 15sek. í uppsetningu

Vortilboð á svefnsófum



6

mánaða  
vaxtalaus  
lán í maí

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra**  
**BAK**



## Fagleg og persónuleg þjónusta

Sjúkraliði RV, Jóhanna Runólfssdóttir, leiðbeinir skjólstæðingum TR, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

Sími: 520 6673  
johanna@rv.is  
www.rv.is



**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



RV/VIKUDAGUR 08083

**Við höfum gefið út vandaðan TENA bækling**  
- um úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka. Hafðu samband og við sendum þér eintak.

Ýmis úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka

## Spenna eykst í Kákasus: Njósnavélar sagðar skotnar niður

**GEORGÍA, AP** Sjálfskipuð stjórnvöld í georgíska aðskilnaðarhéradinu Abkasíu segja að her þeirra hafi skotið niður tvær ómannaðar njósnavélar Georgíuhers yfir Abkasíu. Fréttin jók enn á spennuna í deilunni um yfirráð yfir héradinu, sem er í brennidepli hagsmunatogstreitu milli Rússlands og Vesturlanda.

Talsmenn georgískra yfirvalda neituðu því að njósnavélar á þeirra vegum hefðu verið á flugi þarna og sakaði á móti Rússa um að vera að undirbúa stríð um Abkasíu. Rússar, sem hafa fjölmennt „fríðargæslu“ í Abkasíu, hafa aftur á móti sakað Georgíumenn um að vera að undirbúa slíkt stríð.



**RÚSSAR Á VAKT** Rússnesk herþyrla fylgir lest á ferð um Abkasíu nýlega. Deilt er um yfirráð yfir héradinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MÓTÆLTU** Fulltrúar landeigenda austan Þjórsár, Ólafur Sigurjónsson (til hægri) og Jón Árni Vigfússon, hittu Friðrik Sophusson, forstjóra Landsvirkjunar, á mánudag, og mótmæltu áformum um Urriðafossvirkjun. Með í för var Bjarni Harðarson þingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Háskólinn á Akureyri Heimskautaréttur LL.M./M.A.

MÓTTAKA UMSÓKNA ER HAFIN  
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ



Vor í lullisat, Vestur Grænlandi  
Mynd: Niels Einarsson

### Hver á auðlindir Norðurskautsins?

Heimskautasvæðin hafa verið mikið í sviðsljósinu undanfarin misseri, ekki síst vegna fyrirsjáanlegra breytinga á vöruflutningum um norðurskautssvæðið sem og greiðari aðgangi að miklum náttúruauðlindum. Aðliggjandi lönd hafa þegar gefið í skyn, að þau eigi fullveldistilkall á norðurslóðum, m.a. Rússland, Bandaríkin, Noregur, Kanada og Grænland (Danmörk) sem og frumbyggjar í löndunum á umræddu svæði. Hvaða reglur þjóðaréttarins gilda um svæðið og hvernig má best nota þær til að koma í veg fyrir hugsanleg átök? Hvaða alþjóðasamtök fjalla um málefni heimsskautasvæðanna? Eiga Íslendingar hagsmuna að gæta í þessu samhengi? Hver á yfirráðaréttinn á hinum nýju siglingaleiðum? Hver á réttinn til náttúruauðlindanna? Hvernig verður viðkvæmt umhverfið best verndað? Er hægt að sækja fyrirmyndir í alþjóðlegt samkomulag um suðurskautssvæðið?

Háskólinn á Akureyri er fyrstur háskóla til að bjóða upp á sérstakt nám um lagalegt umhverfi heimskautasvæðanna. Námið er þverfaglegt; fjallað er um viðfangsefnið fyrst og fremst út frá sjónarhorni laga og réttar, en einnig er litið til heimspeki, sagnfræði, mannfræði, samfélagsfræði, alþjóðatengsla og hagpróunarfræði í leitinni að svörum við þessum mikilvægu spurningum.

Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

Kynntu þér nám við Háskólann á Akureyri  
á [www.haskolanam.is](http://www.haskolanam.is)

## Þarf almanna- hagsmuni til

Reynt gæti á ákvæði vatnalaga um eignarnám náist ekki samkomulag um vatnsréttindi vegna Urriðafossvirkjunar. Ráðherra segir að almennt þurfi ríka almannahagsmuni til að eignarnám eigi rétt á sér.

**ORKUMÁL** Samningar um land og vatnsréttindi í Þjórsá vegna Urriðafossvirkjunar virðast vera komnir í hnút. Nú af tíu landeigendum austan árinna hafa lýst því yfir að þeir hyggist ekki semja við Landsvirkjun, og gæti því komið til þess að það reyni á eignarnámsákvæði í lögum.

Það mun koma í hlut Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra að úrskurða um mögulegt eignarnám vegna virkjunarinnar. Hann vill ekki tjá sig um hvernig hann muni úrskurða, enda enginn óskað eftir eignarnámi enn.

Össur ítrekar þó þá skoðun sína að „ríkir almannahagsmunir“ þurfi að vera fyrir hendi til að eignarnámsákvæðinu verði beitt.

Landsvirkjun hefur þegar yfir að ráða 93 prósentum vatnsréttinda. Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði að samningaleiðin yrði reynd áfram, á stuttum fundi með fulltrúum landeigenda á mánudag. Hann tók þó fram að Landsvirkjun áskilji sér „öll réttindi“ sem lög bjóði.

Jón Árni Vignisson, einn landeigenda á austurbakka Þjórsár, óttast ekki eignarnám. „Það þurfa að vera ákveðin skilyrði til að því sé beitt, og það er af og frá að þau séu fyrir hendi hér,“ segir Jón. Ekki sé meiri þörf fyrir raforku en svo að Búðarhálsvirkjun standi hálfkörüð ofar í Þjórsá.

Össur segir að tjá hann sig um afstöðu sína til eignarnáms í þessu tilviki geti það leitt til þess að hann teljist vanhæfur til að fjalla um málið, krefjist Landsvirkjun eignarnáms.

Hann hitti fulltrúa landeigenda

### EIGNARNÁM Í LÖGUM

Í 72. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands stendur eftirfarandi um eignarétt og eignarnám: „Eignarétturinn er fríðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

### Í vatnalögum frá árinu 2006 er sérstakur kafli um eignarnám. Þar segir meðal annars:

„Ráðherra getur heimilað að vatnsréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda í samræmi við ákvæði laga þessara. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur.“

á mánudag. Þeir afhentu honum afrit af undirskriftalista, þar sem meirihluti kosningabærra íbúa í Flóahreppi mótmælti því að sveitarfélagið setti virkjunina inn á aðalskipulag.

„Þeir höfðu mörg málefnaleg rök í sínu máli. Hugsanlega kunna að vera mótrök í málinu líka,“ segir Össur. Hann segir að þegar og ef komi til þess að kraft verði eignarnáms verði málið rannsakað með faglegum hætti og ákvörðun tekin. Ótímabært sé að ráðuneytið gefi upp viðhorf í því máli, enda liggja þau ekki fyrir að órannsökuðu máli.

bjrann@frettabladid.is

**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**eterna**

**gardeur®**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**CANALI**

POLO  RALPH LAUREN

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

**MABRUN**

**LLOYD**

**SARAR**

**BELLINI**  
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA  
FRÁ KL. 12 TIL 18  
LAUGARDAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 17



**Herra**  
*lageminn*  
**outlet**

**60%**

**afsláttur**  
**af öllum vörum**

frá miðvikudegi til laugardags

**Troðfull**  
**verslun af**  
**merkjavöru**

**Kvennværa frá**

**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**



**í miklu úrvali!**

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

WWW.VILDARKLUBBUR.IS

VISSIR ÞÚ ...

AD Á SÍÐASTA ÁRI NÝTTU 50.000 ÍSLENDINGAR VILDARPUNKTANA SÍNA Í ÁÆTLUNARFLUGI ICELANDAIR?

Vildarklúbbur

Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / www.ntv.is

**LÆRÐU AÐ LÆRA**

- UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM

### NÁMSKEIÐ FYRIR ÞÁ SEM VILJA SKARA FRAMÚR

12 daga námskeið þar sem farið er yfir marga þætti sem geta haft mjög jákvæð áhrif og tryggt góðan námsárangur.

Námsgreinar eru eftirfarandi:

Dags.	Dagur	Tími	Fag
15.maí	Fimmtudagur	18:00 - 22:00	Heimspeki og gagnrýnin hugsun
17.maí	Laugardagur	08:30 - 12:30	Hraðlestur og lestrartækni
20.maí	Þriðjudagur	18:00 - 22:00	Glósu- og minnistækni
22.maí	Fimmtudagur	18:00 - 22:00	Stærðfræði - röð aðgerða og þáttun
24.maí	Laugardagur	08:30 - 12:30	Stærðfræði - liðastærðir
27.maí	Þriðjudagur	18:00 - 22:00	Mind Manager forritið
28.maí	Miðvikudagur	18:00 - 22:00	Stærðfræði - líkindareikningur
29.maí	Fimmtudagur	18:00 - 22:00	Tímastjórnun og hagnýt vinnubrögð
31.maí	Laugardagur	08:30 - 12:30	Stærðfræði - tölfraði
3. jún.	Þriðjudagur	18:00 - 22:00	Stærðfræði - tölfraði
4. jún.	Miðvikudagur	18:00 - 22:00	Ritgerðasmíð
5. jún.	Fimmtudagur	18:00 - 22:00	Próf



SKRÁÐU ÞIG STRAX - AÐEINS 16 SÆTI Í BODI  
72 STUNDIR - VERÐ 84.000

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Leiga urriðasvæðis Laxár í Mývatnssveit:

## Hæsta tilboðið nam 285 milljónum

**VEIÐI** Hæsta tilboð í fimm ára leigu urriðasvæðis Laxár í Mývatnssveit er 285 milljónir króna. Tilboðið átti Bragi Blumenstein, sem stundað hefur veiðar á svæðinu, en alls gerðu átta aðilar tilboð, þar á meðal Stangveiðifélag Reykjavíkur og Stangveiðifélag Akureyrar.

Útboðið nær til stóru urriðasvæðanna í Mývatnssveit og Laxárdal með umsjón veiðihúsanna Hofs og Rauðhóla. Stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár skoðar tilboðin á næstu dögum og kynni þau á aðalfundi félagsins. - shá



VEITT Í LAXÁ Í MÝVATNSSVEIT Bragi Blumenstein átti hæsta tilboðið í fimm ára leigu urriðasvæðis Laxár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VGA



Á ÞJÓÐVEGINUM Í ljósi þess að flutningabílar slíta vegum margfalt á við fólksbíla vill Ármann Kr. Ólafsson skoða hvort niðurgreiddar strandsiglingar geti orðið til að minnka umferð slíkra bíla um vegina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Vegslit á við 9.000 fólksbíla

Ein ferð flutningabíls veldur ámóta sliti vega og ferðir 9.000 fólksbíla. Þingmaður Sjálfstæðisflokks telur lag að skoða hvort ríkisstuddar strandsiglingar geti dregið úr umferð flutningabíla um þjóðvegina.

**ALÞINGI** Gríðarlegur munur er á sliti á vegum eftir því hvort fólksbílur eða flutningabíll ekur um hann.

Ein ferð flutningabíls með 80 prósent hleðslu veldur svipuðu sliti á burðarlagi vegar og níu þúsund ferðir fólksbifreiðar sem vegur 1,8 tonn. Sé flutningabíllinn með tengivagn slítur hann burðarlaginu jafn mikið og tólf þúsund ferðir fólksbílur.

Þetta kemur fram í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks.

Ármann sagði í samtali við Fréttablaðið að þessar tölur væru í samræmi við það sem hann hefði áður heyrt. „Í svari er miðað við mjög þungan fólksbíl en ef miðað

væri við léttari bíl og ef flutningabíllinn væri fullhlaðinn væru tölurnar hærri.“

Ármann segir það nú staðfest af samgönguráðuneytinu að slitið sem flutningabílar valdi sé gríðarlegt. „Það má ljóst vera að skattlagning á flutningabíla er hlutfallslega miklu lægri en á fólksbifreiðar, miðað við vegslit. Hins vegar er það mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina að þeir skattar verði ekki hækkaðir. Ég tel því að skoða beri niðurgreiðslu strandsiglinga sem gæti hugsanlega orðið til að minnka umferð flutningabíla um vegina.“

Í svari ráðherra segir að aukið niðurbrot þunga bíla á vegum – umfram niðurbrot léttari bíla – byggist á því að við ákveðin þyngarmörk margfaldist áhrif á burðarlag vegarins. Þá kemur fram að miðað sé við dæmigerða vegi en niðurbrotið sé breytilegt eftir vegbyggingu, fjöðrunarbúnaði og hjólbörðum.

bjorn@frettabladid.is

StatoilHydro hefur undirbúningsrannsóknir:

## Olíuleit við Grænland

**GRÆNLAND** Norska ríkisolíufyrirtæki StatoilHydro mun á næstunni framkvæma undirbúningsrannsóknir fyrir olíuleit á hafsbotninum yndan Norðaustur-Grænlandi. Þetta upplýsir auðlindaráðuneyti grænlenku landstjórnarinnar að því er segir í dagblaðinu Sermitsiaq.

Fyrir rannsóknunum stendur KANUMAS, en það er skammstöfun fyrir Kalaalit Nuunat Marine Seismic Project. Aðild að því eiga meðal annars grænlenka olíufyrirtækið Nunaoil auk fjölpjóðlegu risanna BP, Chevron, Esso,



ERFIDAR AÐSTÆÐUR Óblíð náttúruöflin gera olíuleit erfiða á þessum slóðum.

Shell og StatoilHydro. Talið er að miklar olíu- og gaslindir sé að finna á landgrunni Grænlands. - aa

# ÞVOTTADAGAR

# Í RÖNNING

Tilboðsverð  
**91.500**

**WA73160**  
Þeytivinduhraði: 1600 sn  
Afkastageta 7 kg  
Sparnaðarkerfi  
Hraðþvottur  
Aukaskolun  
Einföld þvottavél  
Kolalaus mótur  
Stál belgur  
Einkar hljóðlát

Tilboðsverð  
**84.900**

**WA73140**  
Þeytivinduhraði: 1400 sn  
Afkastageta 7 kg  
Sparnaðarkerfi  
Hraðþvottur  
Aukaskolun  
Einföld þvottavél

Tilboðsverð  
**83.900**

**WA72145BK**  
Þeytivinduhraði: 1400 sn  
Afkastageta 7 kg  
Sparnaðarkerfi  
Hraðþvottur  
Einföld þvottavél  
Einkar hljóðlát

Tilboðsverð  
**71.500**

**WA72125**  
Þeytivinduhraði: 1200 sn  
Afkastageta 7 kg  
Sparnaðarkerfi  
Hraðþvottur  
Einföld þvottavél

Tilboðsverð  
**54.900**

**WA501250**  
Þeytivinduhraði: 1200 sn  
Afkastageta 5,5 kg  
Sparnaðarkerfi  
Hraðþvottur  
Einföld þvottavél

Kíktu við og fáðu  
frítt eintak af  
uppflettiritinu  
„Ups“.  
Góð ráð til  
að þvo þvott.

vel valin  
ráð úr  
„Ups“

- 1 Til að fjarlægja grasbletti úr buxum eftir æfingu hjá börnunum. Burstaðu með venjulegu tannkremi og fylgdu síðan þvottaleiðbeiningunum.
- 2 Til að komast hjá lykkjuföllum í sokkabuxum. Skolaðu nýjar sokkabuxurnar upp úr mýkingarefni og vatni áður en þú notar þær í fyrsta sinn.
- 3 Til að komast hjá ló í angórupsunni þinni. Þú skalt gleyma því að hrista, toga í eða teygja. Heldur vaggva eins og barni. Notaðu ularkerfið í þvottavélinni og ullinni er vaggvað varlega fram og til baka.
- 4 Til að fjarlægja varalit úr skyrtu. Dýfðu svæðinu með varalítnum í mjólk og láttu vera í 4-6 tíma áður enn skyrtan er sett í þvott. Ef enn er litur eftir þvottinn, nuddaðu þá með alkóhólí þegar fiðkin er orðin þurr.
- 5 Ef þú vilt vera örugg(ur) um að sundfötin endist lengur en nokkra sumardaga. Veldu þá aðra liti en rauðan og bláan. Útfjólubláir geislar sólarinnar vinna hraðar á þessum litum.

Góð ráð til að þvo þvott  
**ups**  
gorenje

# RÖNNING

ronning.is

REYKJAVÍK  
Borgartún 24  
Sími 562 4011

AKUREYRI  
Draupnisgata 2  
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR  
Nesbraut 9  
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR  
Hafnargata 52  
Sími 420 7200





# Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á höfuðborgarsvæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.



Allt sem þú þarft...

...alla daga





## FLUGUHNÝTINGAR

Það krefst bæði þolinmæði og natni að hnýta flugur. Björgvin Guðmundsson þekkir þá iðju vel og segir fátt jafnast á við það þegar fiskurinn bitur á flugu sem maður hefur sjálfur búið til.

VEIÐI 5

## SAUÐBURÐUR

Ábúendur á Syðri-Hofdölum í Skagafirði opna fjárhús sín um hvítasunnuhelgina og bjóða gestum að fylgjast með sauðburði. Hótel Varmahlíð býður upp á helgarpakka þar sem sveitalíf og sauðburður er innifalið.

FERÐIR 4



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA VEIÐI ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## ÞAKVIÐGERÐIR

Þarf að vinna í þakinu í sumar en hefur ekki tíma? Því ekki að láta það í hendur fagmanns?

Sérhæfi mig í sprautun á öllu bárujárninu sem gefur einstaka áferð

Uppl. í síma 8975787



Vilhjálmur kynntist fólki frá öllum heimshornum meðan hann vann í Sölden. Hann mælir óhikað með því að fólk skelli sér í ferðalög yfir vetrartímann.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Vann og lék sér í Ölpunum

Vilhjálmur Gunnar Pétursson er mikill ferðaáhugamaður og hefur komið víða við. Síðustu ár hefur hann ferðast og starfað erlendis, þar á meðal á Írlandi og nú síðast í Sölden í Austurríki.

Í Sölden starfaði Vilhjálmur á veitingastaðnum Giggijoch, sem er í 2.300 metra hæð uppi í fjöllumunum, þar sem hann sinnti ýmsum störfum sem féllu í hans hendur.

„Vinnan mín fólst aðallega í störfum úti við. Ef það var búið að snjóá á morgnana tók við mörg hundruð rúmmetra mokstur. Oft gat frostið verið mikið og það auðveldaði manni ekki vinnuna. Síðan tók við að raða upp bekkjum og stólum svo allt væri flott þegar veitingastaðurinn var opnaður. Ég var svo einnig því í að taka af borðum glös og matarbakka og síðan þegar búið var að loka veitingarstaðnum var gengið frá öllu og byrjað að þrifa aftur fyrir næsta dag. Þetta var ferli sem ég var fljótur að ná og alls engin erfiðisvinna,“ útskýrir Vilhjálmur og bætir við:

„Það sem stóð mest upp úr var umhverfið sem ég vann og bjó í og allt fólkið sem ég kynntist þarna sem kom frá öllum stöðum í heiminum. Flestir voru á sömu bylgjulengd og ég náði mjög vel til þeirra sem ég vann með. Við erum í sambandi enn í dag,“ segir Vilhjálmur.

Að sögn Vilhjálms er Sölden skemmtilegur og lifandi bær. „Bærinn var bara algjör partibær, ekkert nema hótél, barir og skemmtistaðir og fólk kom þarna náttúrulega eingöngu til að fara á skíði og bretti. Það voru álíka margir barir í fjallinu og niðri í bæ, og alltaf þegar ég var búinn í vinnunni voru flestir staðirnir orðnir pakkaðir af vel hressu fólki,“ segir Vilhjálmur.

Ástæðan fyrir því að Vilhjálmur ákvað að slá til og fara til Austurríkis var sú að hann hafði aldrei ferðast yfir vetrartímann. „Mér datt í hug að búa í Ölpunum og leika mér á bretti og fannst það vera mjög góð leið til þess að eyða vetrinum. Ég sé sko ekki eftir þessu,“ segir Vilhjálmur sem var mjög ánægður með ferðina og hvetur alla að halda á vit ævintýranna enda nægt framboð af slíku í heiminum.

mikael@frettabladid.is



## Nýjar Tiltskóflur

### Stærðir

#### Einn tjakkur

1000 mm. 1,8 - 2 tonn.  
1200 mm. 2,5 - 3,5 tonn.

#### Tveir tjakkar

1500 mm. 5 - 8 tonn.  
2000 mm. 13 - 16 tonn.  
2000 mm. 17 - 24 tonn.



## Á betra verði!



VÉLAVER  
www.velaver.is

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600

# BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

- Hjólbarðþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðupurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

## Hjólbarðþjónusta

### HRÖÐ OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA



BRIDGESTONE

SUNNY

COOPER

MERCURUS

GOODYEAR

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# allt bílar o.fl.

Vöruflutningabílar eru mikið á ferðinni á þjóðvegum landsins. Aðgát skal höfð þegar farið er fram úr stórum bílum og taka þarf mark á heilum línunum.



**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
rafstilling@rafstilling.is

**BÍLASTOÐ**  
réttingar & sprautun

**TOYOTA & LEXUS þjónusta**

GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA

Smiðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636  
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

**Allt á einum stað**

SUMARDEKK  
HEILSÁRSDEKK  
OLÍS SMURSTÖÐ  
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
BREMSUKLOSSAR  
ALLT Á EINUM STAÐ

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**  
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**bfo.is**  
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA  
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) • 200 KÓPAVOGI • SÍMI: 567 7360

**Bremsuhlutir**  
í alla jeppa og pickupa

Diskar  
Klossar  
Dælur  
Borðar

Ísetningarþjónusta

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

Auglýsingasími

**512 50 50**

Tangarhöfða 15 : 587 5810  
Vagnhöfða 6 : 577 3080

## Ný glæsikerra í hverri mynd

Allir þekkja James Bond, nýsagnarann sem starfar fyrir ensku krúnuna og hefur leyfi til að drepa. Í yfir fjörutíu ár hafa James Bond og ævintýri hans fylgt okkur og í hverri mynd birtist nýr og glæsilegur bíll.

Þær eru ófáar bílategundirnar sem hafa sést í Bondmyndunum og eru þær hver annarri glæsilegri. Í mörgum myndunum hafa bílar Bonds verið með ýmsum staðalbúnaði sem ekki fæst í bílum á hinum almenna markaði.

Brellumaðurinn Q sér um að setja alls kyns græjur í bílana sem eiga að hjálpa Bond þegar hann lendir í uppákomum, en á síðustu árum hafa slíkar græjur verið að gefa eftir, og bílarnir fengið að njóta sín betur eins og þeir eru í raun og veru.

Aston Martin og BMW eru þeir bílar sem hvað oftast hafa birst í myndunum, sem á þessu ári verða orðnar 22. Bílarnir hafa vissulega tekið miklum breytingum, bæði í útliti og vélahönnun. Óhætt er að segja að margir bílaáhugamenn fylgist spenntir með hverri mynd því bílar Bonds verða ávallt flottari og betri með árunum.

Spennandi verður að fylgjast með hvað nýjasta Bond-myndin mun bjóða upp á hvað bílana varðar, en heyrst hafa fréttir um bílslys við tókurnar á myndinni.

mikael@rettabladid.is



Aston Martin DBS V12 er sá nýjasti og þykir með eindæmum glæsilegur.

Aston Martin DB5 var fyrsti Bond-bíllinn.



Aston Martin-bifreiðin sem birtist í Casino Royale.



BMW Z3-bíllinn sem James Bond ók í GoldenEye.

## Bíla- og hjólalyftur



Vökvadrifnar á góðu verði

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

## Veisla fyrir bílafólk

Stór og mikil hjóla- og bílasýning verður haldin í Kórnum um hvítasunnuhelgina.

Það er Kvartmíluklúbburinn sem stendur fyrir sýningunni og verður allt rými íþróttahússins Kórsins í Kópavogi nýtt. Húsið er 11 þúsund fermetrar og þar verður margt forvitnilegt að sjá og skoða.

Sýningin hefst á föstudag en lýkur á mánudag. Hún verður opin frá sex til ellefu á föstudaginn en laugardag, sunnudag og mánudag verður opið frá ellefu um morguninn til tíu um kvöldið. Það kostar þúsund krónur fyrir fullorðna og börn yngri en tólf ára fá frítt í fylgd með fullorðnum. Einnig er hægt að kaupa helgarpassa á fimmtán hundruð krónur. - mmm

www.alorka.is

## Sumardekk – hjólbarðapjónusta

Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.

Hagstætt verð og traust þjónusta.



Reykjavík

Tangarhöfða 15 : 587 5810

Vagnhöfða 6 : 577 3080

Akureyri

Réttarhvammi 1 : 464 7900

**BRIDGESTONE**

Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

**ALORKA**



## Öruggt sumar á svölum

Sumarið er sá árstími þegar svalir eru mest notaðar til útiveru og yndisauka. Ávallt skal gæta fyllsta öryggis þegar kemur að svalahandriðum.



Hér gefur að líta handrið sem Benedikt vinnur að á Suðurlandsbraut. Það er úr stáli, gleri og harðvið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vinsælt er að hafa hluta svala opnar með stálpílurum, en annan hluta lokaðan fyrir veðri og vindum. MYND/STÁLI Í STÁLI

„Samkvæmt reglugerð bygginga- fulltrúa verða handrið á svölum fyrstu hæðar að vera meters há frá gólfi upp á handlista, en frá annarri hæð og upp úr þarf hæð frá gólfi og ofan á handlista að vera 120 sentimetrar. Í báðum tilvikum verður handrið að vera óklifurhæft upp í 80 sentimetra og hvergi mega vera láréttar slár sem hægt er að nota sem fótstig,“ segir Benedikt Sveinsson, löggiltur stálvirkjameistari hjá stálsmiðjunni Stál í Stál ehf, aðspurður um nýjustu úttektarstaðla bygginga- fulltrúa þegar kemur að öryggi svalahandriða.

„Í eldri húsum er víða pottur brotinn og stórhættulegt fyrir börn að leika eftirlitslaust á svölum. Áður var löglegt að hafa þrettán sentimetra ljósop á milli pílara, en í dag er hámarksbreidd ljósops tíu sentimetrar og verða öll handrið að vera með standandi, fasta pílara svo það sé óklifurhæft og barnvænt. Það á við bæði innandyra í stigahúsum og utanhúss á svölum,“ upplýsir Benedikt sem hefur í nógu að snúast að smíða handrið í fjölbreyttum útfærslum á nýbyggingar og eldri hús þar sem eigendur vilja bæta öryggi svala sinna.

„Ætli menn að breyta og bæta verður alltaf að skoða heildina og láta taka verkið út af löggiltum

meistara út frá núverandi reglugerð. Oft borgar sig að skipta alveg út handriðum, en stundum er hægt að setja ofan á lista eða gler. Gler með ósýnilegum festingum, þar sem fræst er úr gólfi að neðanverðu og utan um glerið er það heitasta hjá arkitektum nú, en í raun er líka mjög mikið um allskonar harðvið í handlistum með gleri, skrauthandrið, tréverk, stál, og í raun hvað eina sem fólki hugkvæmist að nota í handrið svala sinna,“ segir Benedikt sem brýnir fyrir húsbýggjendum og húseigendum sem ætla að endurbæta svalir sínar að fá réttindamann í verkið.

„Aðalmálið er að fá bygginga- fulltrúa til að taka út verkið og fagmann með löggilta meistaragráðu til að ganga frá málinu. Það er uppskrift að því að hlutirnir verði í lagi, og þú og þínir verði öruggir.“

thordis@frettabladid.is



Benedikt Sveinsson, löggiltur stálvirkjameistari, við nýbyggingar á Suðurlandsbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Burstafell í Vopnafirði. Búið var í bænum til ársins 1966.

## Torf og mold í vegg

Íslendingar bjuggu í torfbæjum frá landnámi og langt fram á tuttugustu öld.

Ekki var um auðugan garð að gresja í byggingarefnum þar sem viður var af skornum skammti á landinu en nóg var af grjóti og mold. Íslenskir húsveggir voru því hlaðnir úr torfi og grjóti.

Ákveðin tækni er notuð við torfhleðsluna eftir því hvaða lögun er á hnausunum. Klömbruhús er fleyglaga og hlaðið hallandi á víxl. Kvíahnaus er ferhyrnd flöt torfa, snidda er tígullaga torfa í annan

endann en þynnist út í hinn og svo kallast löng torfa strengur.

Víða um land má sjá gamlar torfhleðslur uppistandandi og gamla torfbæi sem vel hefur verið haldið við. Tvenn námskeið í torfhleðslu og torfristu fara fram nú í vor á Tyrningsstöðum á Kjálka í Skagafirði á vegum Fornverkaskólans. Þar verða kennd handtökin við þessa fornu byggingaraðferð og er skráning hafin á Byggðasafni Skagfirðinga og í Háskólanum á Hólum.

Sjá: [www.fornverk.is](http://www.fornverk.is) og [www.saga.khi.is/torf](http://www.saga.khi.is/torf)

- rat

# Valsað ál

fyrir þök og veggi  
Fegurð, mýkt, ending  
Fæst í 16 litum

**Ál er okkar mál**

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)



GISTING Í HÖRPUHÚSI  
Kaupmannahöfn  
<http://surprizetravel.is/gistingdk.html>  
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.  
Býður alla Íslendinga velkomna.  
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Stökktu til  
**Mallorca**  
28. maí  
frá kr. **39.990**



**Síðustu sætin**

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca frá 28. maí á einstökum kjörum. Mallorca er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. **39.990**  
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Aukavika kr. 15.000



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Kraftaverk í fjárhúsinu**

Fátt er eins yndisfrítt og unaðs-blítt og nýfætt lamb. Fæst nútímabörn komast í snertingu við vorundur fjárhúsanna en um hvítasunnuhelgina gefst kostur á þátttöku sauðburðar í grænum sveitum Skagafjarðar.

„Þetta er hugmynd sem ég hef lengi alið með sjálfri mér og komst loks í framkvæmd núna,“ segir Ingibjörg Klara Helgadóttir, húsfreyja á Syðri-Hofdölum í austanverðum Skagafirði, sem í samvinnu við Hótel Varmahlíð býður upp á sauðburð og sveitalíf um hvítasunnuhelgina.

„Mér finnst borgarbúa vanta aðgang að hefðbundnum sveitastörfum og daglegu lífi bænda. Börn hafa yndi af dýrum og hreint ævintýri að komast í fjárhús þar sem lömb eru að fæðast, fylgjast með bóndafjölskyldu að störfum og fá að taka þátt í sveitaverkunum,“ segir Ingibjörg Klara sem heldur stórt fjárbú með eiginmanni sínum Atla Traustasyni og þremur börnum þeirra hjóna, en Atli er fjórði ættliður sinnar ættar sem býr á Syðri-Hofdölum.

„Við búum hér á tvíþýli með tengdforeldrum mínum. Þau eru með fjórutíu mjólkandi kýr en sumarið 1996 tókum við hjónin við fjárstofni þeirra og erum nú með 700 vetrarfóðraðar ær. Sauðburður er nú í hámarki og búist er við 1.100 lömbum, en þegar eru fædd 450



Skagfirsk hamingja í miðjum sauðburði; nýfædd og spriklandi lömb í faðmi hjónanna Ingibjargar Klöru Helgadóttur og Atla Traustasonar ásamt börnum þeirra, Anítu Yr, Trausta Helga og Friðriki Andra.

MYND/ISAK ÓLI TRAUSTASON

lömb,“ segir Ingibjörg Klara, en til viðmiðunar má geta þess að sauðburði lauk á Syðri-Hofdölum þann 24. maí í fyrra.

„Sauðburður er alveg sérstök upplifun og sveitalífið í heild sinni dásamlegt. Á bænum eru einnig geitur, kanínur, nautgripir, hross, hundar og kettir, og því nóg að snúast í vorverkunum,“ segir Ingibjörg Klara alsæl í fjárhúsinu þar sem mjóróma jarm heyrir frá nýfæddri gimbur.

„Í helgarpakkanum er innifalinn sveitaheimsókn í tvo daga, gisting með morgunverði í þrjár nætur á Hótel Varmahlíð, matur alla helgina og frítt í sundlauginu í Varmahlíð.

Við verðum með grjónagraut og slátur eftir sauðburð í hádeginu á laugardaginn, kaffi og kleinur í fjárhúsinu þar sem börnin fá nýfædd lömb upp í fangið og bjóðum gestum að kíkja inn í hefðbundnar mjaltir hér heima, sem og róbótamjaltir í fjósi Ingimars Jónssonar á Flugumýri, en þar er notuð nýjasta tækni við mjaltir,“ segir Ingibjörg Klara sem fengið hefur góðar viðtökur við langþráðum draumi. „Ég held áfram næstu árin ef vel tekst til. Við bændur viljum endilega leyfa sem flestum að njóta töfra íslenskra sveita.“

Nánari upplýsingar og bókanir í síma 453 8170 eða á [svanhild@hotelvarmahlid.is](mailto:svanhild@hotelvarmahlid.is). [thordis@frettabladid.is](http://thordis@frettabladid.is)



LEIDSÖGUSKÓLINN  
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL



[www.mk.is](http://www.mk.is)

**Óskum eftir traustu, kláru og kátu fólki í Leiðsöguskólann**

**Leiðsögunám**

Leiðsögunám er spennandi eins árs kvöldnám sem veitir nemendum þjálfun í leiðsögn og haldgóða þekkingu á svæðum landsins, náttúru, sögu og menningu.

Kennt er mánudags- til miðvikudagskvölds, auk vettvangsferða um helgar. Umsækjendur skulu vera 21 árs, með stúdentspróf eða sambærilega menntun ásamt því að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli. Tungumálakunnátta er þó ekki nauðsynleg fyrir kjörsviðið „Leiðsögn með Íslendinga“.

**Innritun lýkur 15.maí.**  
Munnleg inntökupróf í erlendu tungumáli að eigin vali fara fram í lok maí.

Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:

**Afþreyingarleiðsögn**

Afþreyingarleiðsögumenn kynnast eðli og framboði afþreyingar á Íslandi með sérstakri áherslu á leiðsögn í hvata- og ævintýraferðum.

**Almenn leiðsögn**

Almennir leiðsögumenn eru þjálfðir til skipulagðra ferða um landið í hópferðabifreiðum.

**Gönguleiðsögn**

Gönguleiðsögumenn fá kennslu og þjálfun í að fara með ferðamenn í lengri eða styttri gönguferðir.

**Leiðsögn með Íslendinga**

Leiðsögn með Íslendinga er ný námsleið við skólann. Á því kjörsviði er áherslan á menningar- og sögutengda leiðsögn.

Leiðsöguskólinn | sími: 594 4025 | [www.mk.is](http://www.mk.is)

allt

# veiði o.fl.

Aflinn er misstór og mismikill eftir hverja veiðiferð. Ráðlegt er að taka með stór ílát ef vel fiskast til að koma aflanum heim.



## Æfingin skapar meistarann

Það er list að hnýta góða flugu. Björgvin Guðmundsson hefur stundað þá list í um tuttugu ár.

„Áhuginn vaknaði þegar ég sá vin minn veiða á flugu í fyrsta skipti. Það sem heillar við fluguhnýtingar er áskorunin að finna eitthvað sem fiskurinn vill taka. Það er aldrei meira gaman en þegar fiskurinn tekur eitthvað sem maður hefur hnýtt sjálfur, svo ég tali nú ekki um ef maður hefur hannað það líka,“ segir Björgvin áhugasamur.

Við fluguhönnun þarf að taka til lit til þess hvers konar fisk á að tæla til sín. „Þegar þú ert að hanna flugu fyrir silung, sjóbirting og þess háttar þá þarftu að líkja eftir því sem fiskurinn étur. En laxinn étur ekkert eftir að hann er kominn í ána þannig að það veit enginn af hverju hann tekur fluguna og hvers vegna hann velur eina frekar en aðra. Þá er áskorun í því fólgin að detta niður



á eitthvað sem hann lætur ginnast af,“ segir Björgvin kíminn og bætir við að sumir litir virki betur en aðrir. Þó eru fleiri þættir sem hafa þarf í huga. „Þetta fer líka eftir veðri en það lærist bara með reynslunni. Þá er númer eitt, tvö og þrjú að tala við sér reyndari og vitrari menn og læra af meisturum,“ útskýrir Björgvin.

Við fluguhnýtingar þarf að nota sérstök tæki eins og öngulhöldu.



Björgvin segist slaka vel á þegar hann hnýtir flugur og er þetta því í senn tómtundagaman og afslöppun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Síðan þarf skæri og tvinna og gott er að hafa keflishöldu fyrir tvinnann. „Síðan eru alls konar efni sem þarf. Fjaðrir eru mikið notaðar og íkornaskott en í þeim eru mjög góð hár. Einnig eru hrosshár mikið notuð en hægt er að fá þau í alls konar blæbrigðum. Það getur verið allt frá því að vera silkimjúkt yfir í að vera hart eins og gaddavír,“ útskýrir Björgvin.

Það sem til þarf í fluguhnýtingar fæst í veiðibúðum, en það er ekki það eina sem þar er í boði. „Þar færðu líka alla þá hjálpmenn þú þarft. Þar eru allir boðnir og búnir að hjálpa þeim sem vilja læra að hnýta flugur,“ segir Björgvin og telur hann það vera helsta kostinn við að fara í fagbúðir. „Þar færðu

þekkingu og getur spurt fagmenn um allt. En ef þú ferð annað þá vita menn ekkert hvað þeir eru með í höndunum.“

Það fyrsta sem lærist í fluguhnýtingum er haushnúturinn en hann er jafnframt það síðasta sem notað er þegar flugan er hnýtt. „Svo er hausinn lakkaður og þá festist flugan betur og verður glansandi og fín,“ segir Björgvin og vill að lokum benda fólki á að hafa tímann fyrir sér þegar þú pantar flugur, þar sem það tekur tíma að hnýta þær. Ef menn hafa áhuga á að læra fluguhnýtingar er gott að fara í veiðibúðirnar þar sem menn geta bent á námskeið og hafa púl sinn á hlutum í veiðiheimum.

hrefna@frettabladid.is

## Á að veiða í sumar?



Nú er rétti tíminn til þess að undirbúa næsta veiðitímabil. Veiðikortið veitir aðgang að rúmlega 30 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins 5000 kr. Frí heimsending þegar verslað er beint á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

**Tryggðu þér Veiðikortið í tíma!**

[www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is)

# Byltingarkennd flugustöng

Með LOOP OPTI ZPEY, nýju flugustönginni, verður áreynslan minni og líkamsbeitingin mun betri sem leiðir af sér margfalt minna líkamlegt álag, einkum á handleggi, herðar og háls.

Nýtt átak, ný og einfaldari kasttækni, þægilegra hald og mun sveigjanlegri stöng, allt þetta ásamt draumakringumstæðum gerir flugustangveiðina engu líka.

Nýja LOOP OPTI ZPEY-flugustöngin er það sem koma skal.



**Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 og Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630

Sandkassadót skal draga fram núna í góða veðrinu. Hjálpið að við að gera sandkökur og moka djúpar holur og fyllið þær af vatni.



**gling gló**

20% afsláttur af sumarvörum frá **LEGO og Grunt** framm yfir helgi

Gling-gló ehf  
Laugavegur 39  
101 Reykjavík  
S. 552-7682  
www.glingglo.is  
glingglo@glingglo.is

Hjálpðu umhverfinu með **Blaðberanum**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...  
...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Elsku mamma!**

MÆDRADAGURINN ER Á SUNNUDAGINN. ÞÁ ÆTTU ÖLL BÖRN AÐ HEIÐRA MÆÐUR SÍNAR EÐA AÐ MINNSTA KOSTI HAGA SÉR VEL.

Það er vissara að muna eftir mómmu sinni á sunnudaginn því þá er hinn alþjóðlegi mæðradagur haldinn hátíðlegur víða um heim. Dagurinn á rætur að rekja til Bandaríkjanna en árið 1914 lýsti Bandaríkjaþingi að annar sunnudagur maímánaðar skyldi teljast opinber hátíðisdagur helgaður mæðrum.

Á Íslandi var fyrst haldið upp á daginn 1934 fyrir tilstuðlan mæðrastyrksnefndar. Ýmislegt er hægt að gera til að gleðja móður sína á þessum degi. Það má færa henni blóm, baka handa henni köku eða kaupa góða bók. Ljúfur koss á kinn mun eflaust líka gefa plús í kladdann.



Elin hefur lengi átt sér þann draum að opna verslun og nú er sá draumur orðinn að veruleika. FRÉTTABLAÐID/VALLI

**Einstök í sinni röð**

Nýverið var verslunin **Milly Molly Mandy opnuð á Bergstaðastræti 13. Þar kennir ýmissa grasa og má þar meðal annars finna sérhönnuð leikföng.**

Eigandi verslunarinnar og hönnuður er Elin Arndís Gunnarsdóttir en hún saumar fatnað og fylgihluti undir nafninu Elina. „Þetta er gamall draumur sem er að rætast. Ég hef víðað að mér húsgögnum og bollastellum en þetta er líka kaffihús. Það er hægt að setjast niður og fá sér kaffi, te og vöflur um leið og fólk skoðar búðina. Ég vel vörur inn sem mér finnst vera krúttlegar

og flottar þannig þetta er algjörlega mín búð,“ segir Elin ánægð. Í búðinni eru falleg leikföng sem Elin þrjáskar og hannar. „Þetta eru kanínur og litlar kökur sem ég þrjáskar og síðan sauma ég fót á brúðurnar. Engin þeirra er eins þar sem ég geri þær alveg frá grunni. Síðan eru barnavörur frá Lisbeth Dahl og ég á einnig von á vörum frá Rexinter í Bretlandi,“ segir Elin spennt og bætir við að þetta sé mikil stelpubúð. „Þær eru að koma hér litlu dómurnar með mömmum sínum og finnst þær vera komnar í prinsessuríki, enda er hér mikið dúlleri og auðvelt að gleyma sér.“

Hægt er að sjá sýnishorn úr búðinni á heimasíðunni [www.elina.is](http://www.elina.is) og senda má Elínu póst og panta þannig vörur. Í búðinni er auk þess kvenfatnaður frá Elínu, fylgihlutir og gjafavörur, og er því kjörið fyrir ungar sem aldnar prinsessur að gera sér ferð í bleiku búðina í Bergstaðastræti. [hrefna@frettabladid.is](mailto:hrefna@frettabladid.is)



Elin hannar og þrjáskar kanínurnar og saumar á þær fót þannig að hver þeirra er einstök.



Þessar kökur eru svo sætar að þær gætu verið ætar.

**3 fyrir 2**  
á vordögum í Mjódd 6.-13. maí

Fyrir hverja 3 myndaramma veur þú kaupir bæði 1 ramma íslan, grafið er fyrir 2 dýrri rammanna

Skærum karton eftir máli

myndval

Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070  
myndval@myndval.is  
www.myndval.is

allt heimili  
Alla fimmtudaga

**Roll Roll Rollers**

Nýtist sem strigaskór

Ýtir á takkann og hjólið kemur niður

Takki fyrir hjól

...og þú rúllar áfram

Hjólaskór  
Stærðir: 28-40  
4.995

**skór.is**  
KRINGLAN • SMÁRALIND  
www.skor.is  
SKÓR.IS KRINGLUNNI S:568-9345 OG SMÁRALIND S:544-5515

**COMB & CARE**

Sjampó og næring til varnar flóka

- Mild formúla sem sviður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sitt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

Flókasprey og flókahárkrem

- Verndar raka hársins með B5 vitamini.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.

Auðvelt í notkun – frábær árangur (Lúsaförvörn) Lúsín helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósarmarín sem fælir lúsina frá.

**Dr. Fischer**

Fæst í apótekum um land allt.

*A góðumjárnnum*



**HÉÐINN**

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# sjávarútvegur

MIÐVIKUDAGUR 7. MAÍ 2008



NORDICPHOTOS/SIGURGEIR JÓNASSON

FRÉTTABLAÐIÐ

## „Allir vegir færir“

„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“

Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson,  
Glanni ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

**LÝSING**

LÝSING.IS // 540 1500

## Góð grásleppuveiði

Grásleppuveiði hefur verið góð á Drangnesi undanfarið þegar gefið hefur á sjó að sögn Valgerðar Magnúsdóttur. Hún rekur gistihúsið Malarhorn og kaffihúsið Malarkaffi á Drangnesi, ásamt manni sínum Ásbirni Magnússyni sem líka er grásleppukarl. „Það hefur verið leiðindatíð hjá okkur en þó var róíð í gær og í dag,“ sagði Valgerður þegar slegið var á þráðinn til hennar í gær, þriðjudag.

Í ráði er að setja upp grásleppu- og nytjasetur á Drangnesi í framtíðinni og er mikill áhugi fyrir því verkefni á svæðinu. Valgerður býst ekki við að það verði að veruleika í sumar því um stórt verkefni sé að ræða. „En það er hægt að byrja að safna bæði munum og fé,“ segir hún.

-gun



Fagurt er á Drangnesi þegar vel veiðist.

## Nýtt skip til Hafnar

Glæsilegt skip hefur bæst í flota Hornfirðinga. Það nefnist Ásgrímur Halldórsson SF-250 og er í eigu Skinneyjar Þinganes. Ásgrímur Halldórsson er uppsjávarveiðiskip sem fer til veiða á norsk/íslensku síldinni síðar í þessum mánuði að sögn Gunnars Ásgeirssonar, stjórnarformanns Skinneyjar Þinganes. „Það eru töluverð verkefni fram undan en við þurfum að breyta ýmsu áður en haldið verður úr höfn,“ segir hann.

Skipið er smíðað í Flekkefjord í Noregi árið 2000, er 61 metri á lengd og þrettán metrar á breidd og burðargetan er 1.540 tonn í kælitönkum. Að sögn Gunnars Ásgeirssonar verða fjórtán til fimmtán manns í áhöfn og skipstjórar eru þeir Sigurður Ægir Birgisson og Ásgrímur Ingólfsson.

Þetta er þriðja skipið sem Skinney Þinganes kaupir frá sama fyrirtækinu í Skotlandi og annað skipið sem ber nafnið Ásgrímur Halldórsson SF-250, en hið fyrra hefur verið selt.

-gun



Ásgrímur Halldórsson SF-250 er uppsjávarveiðiskip sem heldur brátt til veiða.

MYND/JÚLÍJA IMSLAND



Þorleifur með nýju tækin sem munu nýtast vel við rannsóknir Matís.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

## Nýjar kvikmyndavélar til að rannsaka atferli fiska

Matís á Ísafirði hefur fengið í hendur nýjan kvikmyndatöku-búnað sem gefur möguleika á að fylgjast enn betur með lífinu neðansjár. Grunnskólabörn í Súðavík græða á þessari nýju tækni og fá að fylgjast með atferli fiskanna á skjá í skólanum sínum.



Búnaðurinn verður einkum notaður til að fylgjast með fiskeldinu í Álftafirði.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

„Þessi búnaður býður upp á gríðarlega möguleika og bætir miklu við þá rannsóknaraðstöðu sem við höfum nú þegar,“ segir Þorleifur Ágústsson verkefnastjóri Matís á Ísafirði. Undanfarið hefur verið unnið að því að bæta tækjabúnað stofnunarinnar og eru tvær neðansjárkvikmyndavélar nýjasta viðbótin. Búnaðurinn var keyptur í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og þorskeldisfyrirtækið Álfsvell ehf. Rannís veitti styrk til kaupanna.

Á Vestfjörðum er mikil áhersla lögð á fiskeldi, til dæmis þorskeldi í sjó, og mun búnaðurinn einkum nýtast við rannsóknir tengdar því. „Þetta bætir heilmiklu við það sem við höfum getað skoðað hingað til því nú gefst okkur kostur á að rannsaka betur atferli fiskanna í eldiskvíunum,“ segir Þorleifur og útskýrir að með aðstoð myndavélarinnar megi meðal annars sjá hvernig fiskarnir hegða sér

við fóðrun og hvernig þeir bregðast við ýmsum öðrum búnaði sem notaður er við rannsóknir.

„Nú erum við til dæmis að stýra Evrópuverkefni þar sem skoðað er hvernig ljósabúnaður getur seinkað kynþroska þorsks í eldiskvíum og aukið vaxtarhraða. Þær upplýsingar sem við söfnum með aðstoð myndavélarinnar ættu að bæta heilmiklu við þá líffræðilegu og erfðafræðilegu þætti sem við þekkjum nú þegar. Það er til dæmis vitað að fiskur sem alinn er upp í kvíum hegðar sér öðruvísi en fiskur sem er veiddur og settur í kví en nú gefst okkur tækifæri á að skoða það betur,“ segir Þorleifur. Þá er einnig vonast til þess

að búnaðurinn nýtist til að kanna hvaða áhrif sjóeldiskvíarnar hafa á umhverfið, en Matís á Ísafirði er einnig að stýra Nattúrufræðistofnun Vestfjarða.

Myndavélarinnar eru þráðlausar og hægt er að stýra þeim úr tölvu í landi. Gert er ráð fyrir að mótökubúnaðurinn verði settur upp í grunnskólanum í Súðavík og þar verður settur upp skjár svo nemendurnir geti fylgst með lífinu í kvíunum. „Það verður spennandi fyrir krakkana og í staðinn fáum við að nota nettengingu skólans til þess að senda upplýsingarnar þaðan og yfir fjallið til Matís á Ísafirði þar sem unnið verður úr gögnunum,“ segir Þorleifur. -þo

# Vökvadælar

# Vökvamótorar

# Stjórnubúnaður

**SAUER**  
**DANFOSS**

*What really matters is inside*

**Danfoss hf**

Skútuvoði 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • [www.danfoss.is](http://www.danfoss.is)



# VORTILBOÐ

## TILBOÐ!

Pablo

Fjölstillanlegt þýskt  
heilsurúm með heilsudýnu  
(2x80x200)

kr. 315.000

## TILBOÐ!

Francisco

Fjölstillanlegt þýskt  
heilsurúm með heilsudýnu  
(2x90x200)

kr. 499.000

## Á RAFSTILLANLEGUM HEILSURÚMUM



## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM



COMFORT  
solutions®

By King Koil®

### AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



MIKID ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA  
RAFSTÝRÐRA HEILSURÚMA  
FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski  
stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

# rekkjan



Ýmiss konar sjávarlífverur koma úr kafinu þegar troll eru dregin og gildir skoðaðar. MYND/HRAFN E. JÓNSSON



Nemendur skoða aflann og spreyta sig á að þekkja fiskteygindirnar og gera að aflanum.



Grunnskólanemendum gefst tækifæri til að kynnst betur undirstöðuáttvinnuvegi þjóðarinnar um borð í skólaskipinu. MYND/HRAFN E. JÓNSSON

# Skólábörn fara á sjóinn

Skólaskipið Dröfn er ætlað nemendum um land allt í efstu bekkjum grunnskóla. Markmiðið er að gefa þeim tækifæri til að kynnst margvíslegum störfum um borð.

Rekstur skólaskipsins Drafnar hófst árið 1998 á ári hafsins. Verkefnið er kostað af sjávarútvegsráðuneytinu sem ber ábyrgð á því en Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnun aðstoða við framkvæmd.

„Kveikjan var fyrst og fremst að gefa grunnskólabörnum tækifæri til að kynnst lífríki sjávar og vinnu til sjós. Ungt fólk í dag hefur fjarlægst þennan undirstöðuáttvinnuveg þjóðarinnar og nú hafa krakkar kannski ekki mörg tækifæri til að kynnst sjávarútvegi. Það hefur verið mjög mikill áhugi og eru mun fleiri sem sækja um en komast að,“ segir Ólafur S. Ástþórsson, aðstoðarforstjóri hjá Hafrannsóknastofnun.

Skólaskipið er ætlað nemendum um land allt í níunda og tíunda bekk grunnskóla. Farið er í stutta sjóferð á fullbúna veiðiskipi og kynnst nemendur þar fjölbreyttum störfum og búnaði um borð. Boðið er upp á fræðslu um siglingatæki, veiðarfæri, rannsóknir á hafinu og lífríki þess og á sjávarlífverum og líffræði þeirra.

„Við höfum verið hérna á Reykjavíkursvæðinu, þar sem farið er í tvær til þrjár ferðir á dag og tekur hver ferð um tvær til þrjár klukkustundir. Svo höfum við farið eina hringferð um landið þar sem skólar úti á landi fá þá tækifæri til að nýta sér skipið,“ útskýrir Ólafur. Að undanförunu hafa sjódagar í verkefnið verið um fimmtíu og



Ólafur segir skólaskipið Dröfn hafa notið mikilla vinsælda og að það anni í raun ekki eftirspurn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þar sem oftast er farið í tvær ferðir á dag eru ferðirnar um hundrað talsins. Nemendur eru tólf til fimmtán í hverri ferð þannig að um 1.000 til 1.200 nemendur taka þátt á hverju ári.

„Þetta fer þannig fram að skipstjórinn kynnir öryggisæki og veiðarfæri um borð og svo fer starfsmaður Hafró yfir helstu þættina í lífríki sjávar. Siglt er út á sundin og þar eru ákveðnir staðir þar sem lagðar hafa verið gildir sem krabbar, sæsniglar og önnur sjávardýr sækja í og kastað er trolli og togað. Þegar aflinn er kominn um borð er hann flokkaður og mældur og

starfsmaður okkar útskýrir hvað fyrir augu ber, greinir líffræði fiskanna og svo framvegis,“ segir Ólafur áhugasamur. „Í raun finnst okkur að það þyrfti að vera miklu meira um þetta en því miður hefur fjármagnið ekki leyft meira en gert er.“

Reynt er að tengja þetta náminu í skólanum, til dæmis með verkefnum og þess háttar. „Sent er bréf í skólana þar sem greint er frá því að þetta sé í boði og í kjölfarið hafa áhugasamir kennarar samband. Síðan er það í raun bara fyrstur kemur fyrstur fær,“ segir Ólafur og bætir við að kennarar hafi lýst yfir mikilli ánægju með skólaskipið. -hs


## HEIMILI KVÓTANS

• Önnumst sölu á öllum gerðum skipa og báta með eða án hlutafélags.

• Vantar þorsk í leigu í báðum kerfum

• Vantar steinbit í leigu í báðum kerfum

[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS HF.

Vinsamlega hafið samband við Friðbjörn í síma 430 3743 eða 840 3743, fax 430 3746. E-mail: [fridbjorn@fmis.is](mailto:fridbjorn@fmis.is) eða Örvar í síma 430 3747 eða 840 3747. E-mail: [orvar@fmis.is](mailto:orvar@fmis.is)



Mikið er um seli á Vatnsnesi.

## Sjálfbær selaskoðun

Selasetur Íslands er staðsett á Hvammstanga, í hinu sögufræga VSP-húsi. Setrið gegnir hlutverki almennrar upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn. Þar geta þeir fengið upplýsingar um athyglisverða áfangastaði og afþreyingu í Húnaþingi. Þar eru einnig seldir minjagripir og handverk frá svæðinu. Markmið setursins er að byggja upp sjálfbæra selaskoðunarstaði á Vatnsnesi í samstarfi við Ferðafélag Vestur-Húnavatnssýslu og NORCE strandmenningarverkefnið. Þróun gæðahandverks og söfnun muna og heimilda tengdum selveiðum og vinnslu selafurða er einnig það sem setrið vill ná fram með starfsemi sinni.



Opnunartími setursins er frá júní og fram í október. Einnig er hægt að hafa opið á öðrum tímum eftir samkomulagi. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi setursins frekar er bent á heimasíðu þess, [www.selasetur.is](http://www.selasetur.is) -kka

# Plokkfiskur



*Plokkfiskurinn minn  
fæst eftir vigt í fiskborðum Nóatúns,  
Fjarðarkaupa, Samkaupsverslana, Sparverslunar,  
Þinnar verslunar Seljabraut (Miðbúðin) og í verslun Einarssonar*

Vörurnar okkar fást í öllum matvöruverslunum

Grímur kokkur mælir með að strá rifnum osti yfir plokkfiskinn og baka í ofni þar til osturinn er vel bráðinn. Þá er maður búinn að breyta hversdagsmat í hátíðarmat.

*Bestu kveðjur, Grímur kokkur*



Grímur fiskibollar



Grímur fiskibuff



Grímur plokkfiskur



Gratíneruð ýsa með broccólí



Gratíneruð ýsa með mexíkósú



Salsafiskur í tortilla

**Grímur kokkur**

Sími: 481-2665 · grimurkokkur@grimurkokkur.is · www.grimurkokkur.is



Sigurbjörg Árnadóttir er þess fullviss að útnárar landsins geti orðið eitt mesta aðdráttaraflíð í ferðaþjónustu. Hér stendur hún við vitann á Svalbarðseyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Menningararfleifð nýtt í uppbyggingu og nýsköpun

Íslenska vitafélagið er félag sem hefur það markmið að vekja almenning til umhugsunar um þann menningararf sem Íslendingar eiga við strendur landsins.

„Fáir eru ríkari af strandmenningu en við Íslendingar því við erum eyja,“ segir Sigurbjörg Árnadóttir, stofnandi og formaður Íslenska vitafélagsins, sem var stofnað 2003. „Það sem okkur langar mest til að gera nú er að búa til dag íslenskrar strandmenningar í samvinnu við sjómannafélögin. Það yrði fyrsti laugardagur í júní við hliðina á sjómannaádegnum. Þetta verður til að efla þann dag svo hann lagnist ekki út af og ein allsherjar strandmenningarhátíð haldin á öllu landinu.“

Hugmyndina að félaginu segir Sigurbjörg hafa kviknað þegar hún starfaði í ferðamannaíðnaði erlendis. „Mér var sífellt bent á að fara með útlendinga upp á hálendi, en þar var ég svo spurð hvernig Íslendingar lifðu, hvernig

þeir bjuggu áður og hver menning þeirra væri. En Íslendingar bjuggu ekki uppi á fjöllum. Við bjuggum við ströndina og lifðum á sjónum alveg frá landnámi og landnámsmennirnir voru að leita að veiðimiðum en ekki bara búsældarlegum dölum.“

Sigurbjörg bætir við að sérstaða íslensku vitanna hafi verið sú að bændur í námunda við þá hafi sinnt þeim. Erlendis hafi hins vegar tveir vitaverðir oft búið í vitunum og stundað sinn sjálfsþurftarþúskap. „Þar eru þeir nú nýttir undir menningarmiðstöðvar, listamiðstöðvar, kaffihús og svo framvegis. Þeir eru einnig nýttir sem gístaðir fyrir ferðamenn og þetta er gert úti um alla Evrópu. Á Íslandi eru ekki margir vitar opnir almenningi í dag nema Galtarviti og Hornbjargsviti, sem er vinsæll gístaður á Íslandi.“

Sigurbjörg segir Íslendinga hins vegar duglega við að þurrka burt strandmenninguna sem segir sögu okkar. Þeir séu hræddir við spegilmynd sína, en ef þjóð þekki ekki eigin uppruna sé hún illa stödd.

Hún rekur það til minnimáttar kenndar að vilja ekki hampa þessum menningararfi, þar sem sagan er samofin fátækt og basli. „Öldum saman bjó fólk sem stundaði sjóinn við sult og vosbúð. Við höfum ekki viðhaldið gömlu verbúðunum og þurrkað þær út, eyðilagt varinnar og upprunalegar strandir, sótt jarðýtu og sópað burt. Við höfum búið til mannvirki og uppfyllingar og nú eru ekki einu sinni strandir við bæina.“

Sigurbjörg og meðlimir félagsins vilja snúa þessu við og nýta menningararfleifðina við strendur landsins til uppbyggingar og nýsköpunar, meðal annars með ofangreindri hátíð. Þeim finnst líka vanta kaffihús, veitingastaði og hótél við sjávarbakka og benda til dæmis á Bergen í Noregi, þar sem sjórinn og fiskurinn eru eitt helsta aðdráttaraflíð. „Ég er þess fullviss að ef við lærum að virða okkar menningararf geta útnárar þessa lands orðið eitt mesta aðdráttarafl ferðaþjónustunnar og þar með haft gríðarleg áhrif á atvinnuuppbyggingu og byggðapróun í landinu.“

- nrg

## Hágæða varma- og öryggisfatnaður sem endist lengur!

Hjá Eyjavík færðu mikið úrval af hágæða sjófatnaði og vandaðan öryggisbúnað sem endist lengur en íslenkir sjómenn hafa vanist hingað til. Einnig mikið af öðrum vinnufatnaði, skóm o.fl.



Léttur og lipur björgunargalli án rennilás. Einstök einangrun og lítið viðhald!

Hinar nýðsterku X-trapper sjóbuxur eru mjúkar í kulda, hafa rif-vörn og gefa sig ekki á suðulínum.



Frábærir sjópokar í mörgum stærðum og gerðum. Algerlega vatnsheldir, léttir og sterkir.



**EYJAVÍK** ehf.

Vestmannabraut 23 - 900 Vestmannaeyjum  
Sími 481 1511 - Fax 481 3002 - eyjavik.is



Stoltir veiðimenn með bráð sína.

MYND/FISHERMAN.IS

## Spennandi sumar framundan í sjóstangaveiði

Margir stangveiðimenn eru búnir að staðfesta komu sína á Vestfirði í sumar. Fyrsti hópurinn kom til Flateyrar og Suðureyrar frá Tékklandi 28. apríl síðastliðinn til þess að stunda sjóstangaveiði. Fjórtán voru í þessum fyrsta hópi en alls eru fimmtán hundruð sjóstangaveiðimenn búnir að staðfesta komu sína.

Ferðaþjónustufyrirtækið Hvíldarklettur býður upp á þessa þjónustu og tekur á móti gestunum. Fyrirtækið hefur verið að byggja upp þjónustu sína síðastliðin sjö ár. „Við erum með þessa þjónustu á bæði Suðureyri og Flateyri. Þar erum með veitinga- og verslunarrekstur, en sjóstangaveiðin er okkar stærsta verkefni til þessa,“ útskýrir Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Við byrjuðum að þróa sjóstangaveiðiverkefnið 2005 og fyrsti hópurinn kom í fyrra. Við sjáum fólkinu fyrir húsnæði og



Þeir eru oft stórir fiskarnir sem eru veiddir.




bátum og það dvelur hér í vikutíma. Það er örli til aukning frá því í fyrra, en þeir sem koma eru miklir veiðiáhugamenn og því snýst allt um veiðina. Hvíldarklettur sér einnig um skipulagðar ferðir um svæðin sem hóparnir geta nýtt sér.“ Nánar á [www.fisherman.is](http://www.fisherman.is). - kka

# NÝR OG STÆRRI BÁTUR Í KRÓKAFLAMARKIÐ

## VÍKINGUR 1200 V



**NÝR  
BÁTUR**



## VÍKINGUR 1200 V

L: 12 m B: 4,22 m

Stærð: 14,99 bt.

Byggður uppúr Viking 1340  
Tilbúinn til lengingar í 14,99 m  
Lengdur tekur lestin 50 stk kör

29-30 stk 460 ltr. Kör í lest

Þilfarið er 30 fm

Fæst yfirbyggður með MUSTAD  
beitningarvélakerfi, 23,500 króka

Í lúkar er svefnaðstaða fyrir  
4 menn, stóru eldhúsi og salerni

Stýrishúsið er innréttað fyrir 4,  
ásamt miklu rými fyrir tæki og tól.

Aðalvélar frá 12- 20 ltr  
700-1000 hestöfl eru í boði

Lengdur mælist báturinn  
29,9 bt.

## Víkingur Gæði og áreiðanleiki

**Samtak ehf.** Skútahraun 11- Hafnarfjörður - Iceland

Sími: +354-5651670 Fax: +354-5652069 - [www.samtak.is](http://www.samtak.is) - [samtak@samtak.is](mailto:samtak@samtak.is)

# Áhugi á náminu alltaf að aukast

Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem hefur aðsetur hjá Haf-rannsóknastofnun, útskrifaði nýlega tíunda árgang skólans, en nemendum fjölgar stöðugt.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna er móðurstöð Sjávarútvegsskólans og sams konar skóla sem eru starfræktir víða um heim. En þess má geta að Ísland fóstrar, auk Sjávarútvegsskólans, Jarðhitaskóla og í burðarliðnum er Landgræðsluskóli.

„Viðskipti með fiskafurðir eru stöðugt að aukast og verða sífellt mikilvægari þáttur í efnahagslífi þróunarlanda. Nám í Sjávarútvegsskólanum er hugsað fyrir þá sem eru starfandi í greininni en vilja bæta við sig þekkingu,“ segir Þór Ágæirsson, forstöðumaður skólans. Um er að ræða hagnýta endurmenntun sem gefur þó ekki prófgráðu.

Skólinn er að mestu leyti fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu með hluta af framlagi Íslands til þróunarmála, en eins með framlögum frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Nemendurnir hljóta allir styrk til náms og framfærslu.

Á þeim áratug sem Sjávarútvegsskólinn hefur starfað hefur nemendum fjölgað úr sex í 22 á ári. „Við erum í samstarfi við yfir þrjátíu lönd en leggjum höfuðáherslu á að taka inn nemendur frá Afríku. Þeir koma þó einnig frá Asíu, Mið-Ameríku, Kyrrahafseyjunum og Karabíska hafinu, svo eitthvað sé nefnt. Við tökum mið af ábendingum Háskóla Sameinuðu þjóðanna við val á nemendum og reynum að hafa kynjahlutfall sem jafnast,“ útskýrir Þór. Hann segir að nemendurnir hafi



Þór Ágæirsson, forstöðumaður Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, í efri röð til hægri. Við hlið hans er Guðni Magnús Eiríksson, starfsmaður skólans, og með þeim fyrrverandi nemendur Sjávarútvegsskólans sem nú stunda framhaldsnám við íslenska háskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

allir mikla menntun og reynslu í sínu fagi. „Um helmingurinn er með masterspróf en við bjóðum upp á endurmenntun fyrir þá sem vilja vinna að hagnýtum verkefnum, sem nýtast þegar snúið er til baka til heimalandsins.“

Boðið er upp á sex mánaða nám og vinna nemendur meðal annars náð með íslenskum leiðbeinendum í verkefnavinnu og starfskynningum.

„Við erum með sex sérfræðilínur og sú vinsælasta er gæðastjórnun í fiskiðnaði. Þá er fiskstofnsmatsfræði einnig mjög eftirsótt en við bjóðum auk þess upp á línur í fiskeldi, veiðarfærafræði, rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og fiskveiðistjórnun. Síðustu tvö árin höfum við tekið upp þá nýbreytni að flytja það efni sem hefur orðið til hér heima til samstarfslanda og boðið upp

á styttri námskeið sem eru löguð að hverju landi fyrir sig. Hefur það gefist mjög vel,“ segir Þór.

Þá hafa nemendur sem hafa lokið Sjávarútvegsskólanum en vilja leggja stund á framhaldsnám í sjávarútvegsfræðum fengið til þess styrk og stunda nú sex fyrrverandi nemendur Sjávarútvegsskólans framhaldsnám við íslenska háskóla.

- ve

**MARÁS**

**Adventure**

Bíðum margar stærðir og geilir af Adventure gæmribátum. Vélakennir af Lurex Veritas.

**MD 50 / 40**

**TOHATSU**  
Outboards

TOHATSU útanbörðuvæðingar eru í hlöpi þeirra fyrri flokka munnstu en þó kraftmennt á markaðnum í dag.

Íbörðunar hafa um 10 til 15 véralama, 11 dæmi: "idrom Choice Award" frá Motorboating Magazine.

Útanbörðuvæðingar eru tilgjafi frá 2,5hp upp í 140 lo

Marás ehf.  
Akralind 2  
201 Kópavogur  
Sími: 555 6444  
Fax: 565 7230  
Vefur: www.maras.is  
Netfang: maras@maras.is

## Sjálfvirkt auðkenni skipa

### SIMRAD AI50 Class-B tæki

NÝTT

GPS Gervitugl

Bauja

Landstöð

AIS samband

Lögn í landi

Stjórnstöð

- \*Skipaumferðarkerfi
- \*Leit og björgun
- \*Hafnarstjórn
- \*Annað

### SIMRAD AI80 Class-A tæki

VHF lofnet

GPS lofnet

AI80 stjórnbúnaður Class A

Staðsetninga- og stefnuupplýsingar

Annað


AI80 sendir / móttakari

AI80 er samskiptakerfi milli skipa og frá skipi til hafna á sama hafsvæði. Kerfið sendir út staðsetningu, stefnu, hraða og margs konar upplýsingar um viðkomandi skip; Nafn, stærð, djúpristu o.fl. Þessar upplýsingar birtast á skjá tækisins en fara einnig sjálfkrafa inn á siglingatölvu (plotter) sem tengd er tækinu. Einnig er hægt að senda SMS skilaboð milli notenda AIS tækja.

**FRÍÐRIK A. JÓNSSON EHF**  
Akralind 2 - 201 Kópavogur - Sími: 552-2111 - Netfang: faj@faj.is - www.faj.is

# SÓKN ER BESTA VÖRNIN

Til að þreyja þorrann eru plastskip framtíðin  
Minni rekstrarkostnaður betra hráefni




## Seigur 1500

32 brt 25 brl.

Yfirbyggður fyrir línuna eða netin.  
Með fellikyli lætur vel að stjórn.

Glæsilegt skip.

Réttindi: Pungapróf.




## Seigur 2500

ca. 150 brt

Yfirbyggður fyrir línuna eða netin.  
Með fellikyli lætur vel að stjórn.

Hugmyndaskip.

Réttindi: Skipstjóri - Vélstjóri.



## Segur 2500 FS

Glæsilegt fjölveiðiskip úr plasti.

Hentugt til flestra veiða.

Disel Electric.

Electric spilbúnaður.

Vacum infusion Diab pvc.

Framtíðar hugmyndaskip.

## Einnig allir krókabátarnir

1300 W sá stærsti • 1160 sá næsti • 1100 sá Siglfyrski • 1000 sá minnsti

# Framtíðin er björt með plastskipi frá Seiglu

## SEIGLA EHF

Hjalteyrargötu 22 • 600 Akureyri • Ísland • Sími +354 551 2809 • Fax +354 551 2810 • E-mail seigla@seigla.is

Um borð í Aðalbjörginni.



Forsíðan á bókinni Íslenskir sjómenn.



## Óður til íslenskra sjómanna

Íslenskir sjómenn er bók sem kemur út í dag hjá útgáfufélaginu Ég og þú. Um er að ræða ljósmyndabók með stuttum pistlum. Markmið hennar er að sýna lífið í kringum sjómenskuna. „Bókin er óður til lífsstíls sem er á undanhaldi. Tuttugasta öldin var sá tími þegar Íslendingar urðu að fiskveiðipjóð fyrst og fremst. Við fluttum úr torfkofunum í upphituð hús með rafmagni í námunda við hafnir. Við byggðum upp nútímalegt þjóðfélag á grunni sem hafði ekki breyst öldum saman. Þetta gerði fiskurinn okkur kleift. Þetta gerðu sjómennirnir

okkur kleift. Þeir eiga allar þakkir okkar skildar.“ segir Gústaf Hannibal Ólafsson, einn útgefenda.

Ein saga úr bókinni er svona: „Árið 1960 stal ungur maður bíl á höfninni á Akureyri. Þegar hann náðist var hann látinn vinna í fiskvinnslunni til að borga skemmdirnar. Fjórutíu og átta árum seinna vinnur hann hér enn. Það hefur verið gantast með það að hann megi fara, hann sé búinn að borga fyrir skemmdirnar og það fyrir löngu síðan. En núna má hann í alvörinni fara. Það á að loka vinnslunni.“

-gun

# Ekta fiskur



## Sérfræðingar í saltfiski

**Fyrir verslanir, veitingahús, mótuneyti og stóreldhús, til suðu eða steikingar**

PÖNTUNARSÍMI:

# 466 1016

[www.ektafiskur.is](http://www.ektafiskur.is)

- Saltfiskbitar, blandaðar stærðir
- Saltfiskhnakkar, tvær stærðir (lomos)
- Saltfiskkurl
- Gellur
- Gollarapunnildi
- Ýsuflök og -hnakkar
- Steinbítiskinnar og -bitar
- Þorskhnakkar
- Rækjur

Einnig frábært úrval tilbúinna rétta frá Ekta réttum, kíkið á vörulistana á netinu!



Vinsælt er að róa frá Arnarstapa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Góð veiði fyrir vestan

„Síðustu vikur aprílmánaðar og fyrri hluti maí var hér mokfiskerí, með því mesta sem gerist hér. Það hefur kannski heldur dregið úr því síðustu daga,“ segir Reimar Karlsson, hafnarvörður á Arnarstapa, aðspurður um aflbrögð þar vestra.

Eins og vanalega koma margir með trillur sínar að Arnarstapa á vorin frá sjávarplássum frá Reykjanesi og vestur um til Breiðafjarðar. Að sögn Reimars eru nú hátt í tuttugu trillur þar á skaki og fara daglega á sjó þegar veður leyfir. Þær voru allar úti í gær þegar haft var samband vestur en línuveiðarnir sem voru þar fyrr í vor eru horfnir af svæðinu.

-gun

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD



## Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutapjónusta

### VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 [www.velar.is](http://www.velar.is)  
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&B á Norðurlandi

● **FRÓÐLEIKUR OG SKEMMTUN** Sjávarútvegsbókasafnið er í eigu Hafrannsóknastofnunarinnar og þjónar starfsmönnum þeirra sérstaklega. Starfsmenn stofnunarinnar fá sérstaka upplýsingaþjónustu á borð við heimildaleit í gagnagrunnum og millisafnalán. Safnið er þó opið fyrir almenningi, en bækur og blöð eru ekki til útláns. Gestir geta hins vegar fengið ljósrít.

Bókasafnið er sérfræðisafn á sviði haf- og fiskifræða. Árlega eru keyptar um 100 bækur inn á safnið, en þess utan er safnið áskrifandi að um 200 tímaritum. Alls eru um 500 tímarítar á safninu.

Á heimasíðu safnsins, [www.hafro.is/Bokasafn/bokasafn.htm](http://www.hafro.is/Bokasafn/bokasafn.htm), má finna skrár yfir rit sérfræðinga á Hafrannsóknastofnuninni, þar sem safnið er staðsett. Sjávarútvegsbókasafnið er opið alla virka frá klukkan 9 til 16.





# Við erum kaldir karlar!

**Þegar kemur að  
kælingu, frystingu  
eða bara ísþykkni  
erum við kaldir karlar.**

## Láréttir plötufrystar

Optimar láréttir plötufrystar PFH eru hannaðir til að frysta hin ýmsu sjávarföng í mis-munandi umbúða stærðum.



## Lóðréttir plötufrystar

Optimar lóðréttir plötufrystar gerð PFV4B eru hannaðir til að frysta hin ýmsu sjávarföng í miklu magni án umbúða.



## IQF blástursfrystir

Blástursfrystirinn saman-stendur af póleruðu rústfríu formfrystibandi úr stáli, sem frystir yfirborð vörunnar og síðan fer djúpfrysting fram á neðra færíbandi sem er úr plastefni.

Metnaður okkar felst í því að bjóða traustan og áreiðanlegan búnað og tryggja öryggi og gæði á öllum kæli- og frystikerfum sem við seljum og þjónustum.

**Optimar**   
Iceland

## Ísþykknisvél

Ísþykkni tryggir hraðari niðurkælingu en annar ís. Ísþykkni eykur líftíma fisks og tryggir betra hráefni. Ísþykknið lengir dauðastirunarferlið og hindrar bakteríuvöxt.



**Gífurleg vinnuhagræðing.**

## Optiflux RSW kerfi

Optimar Optiflux RSW kælikerfi eru hönnuð til að kæla sjó þar sem þörf er fyrir mikið magn af köldum sjó í hringrás.



## RSW kælar

Optimar RSW kælar gerð KVA eru hannaðir til að kæla sjó (ferskvatn eða þækilvatn) þar sem þörf er fyrir mikið magn af köldum sjó í hringrás.



## Kælimiðilsdæla

Gerð KS-E5 er hönnuð fyrir sjávar og iðnaðar-notkun til að dæla frá dælukút í gegnum eimara kerfisins.



**Þjónusta allan sólarhringinn  
í síma 664-1310**



# Skoðið málið vel!

**Skipaskoðun Íslands ehf.** annast reglubundnar skoðanir á flestum skipum undir 400 brúttótonn.

Hjá fyrirtækinu starfa m.a. fyrrum starfsmenn Siglingastofnunar Íslands sem búa yfir áratuga reynslu af skipaskoðun og samskiptum við útgerðaraðila í landinu.

Markmið **Skipaskoðunar Íslands ehf.** er að bjóða góða þjónustu og tryggja sanngjarnt verð með því að halda stjórnunar- og skrifstofukostnaði í lágmarki.

## **Útgerðarmenn:**

Skoðið málið til enda áður en þið veljið skoðunaraðila til samstarfs.

**Skipaskoðun  
Íslands** 

Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | Símar 535 0250 | GSM 840 0250 | skipis@skipis.is | www.skipis.is









**Loftorka Reykjavík.**  
Óskar eftir bílstjóra á trailer.  
Matur í hádegínu og heim-  
keysra.  
Upplýsingar í síma 565 0875 &  
892 0525

**Loftorka Reykjavík**  
Óskar eftir vönum manni til  
sögunar á malbiki.  
Upplýsingar í síma 565 0875 &  
892 0525.



**Ítalía - veitingahús**  
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir  
starfsfólki í sal á kvöldin og  
um helgar. Ekki yngri en 18 ára.  
Nánari upplýsingar eru einungis  
veittar á staðnum milli kl. 12 og  
17 næstu daga.  
Veitingahúsið Ítalía  
Laugavegi 11

**Veitingahúsið -  
Lauga-ás.**  
Okkur vantar áhugasaman  
og lífs glaðan starfskraft í sal.  
Góður starfsandi. Góð laun fyrir  
réttan aðila. Íslensku skilyrði.  
Nánari upplýsingar á stað-  
num. Veitingahúsið Lauga-ás,  
Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

**simstodin**  
Lettu okkur sjá um minna  
**Kvöld og helgarvinna**  
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk  
til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorð-  
ið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500  
Simstodin ehf simstodin@simstodin.is  
www.simstodin.is

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**  
Óskum eftir að ráða hressar  
og duglegar manneskjur í  
afgreiðslu í bakarið hjá Jóa Fel  
Holtagarðum. Einnig vantar fólk  
um helgar. Íslenskunnátta  
skilyrði.  
Upplýsingar gefur Dóra í  
síma 861 2417 eða Unnur  
í síma 893 0076 einnig  
umsóknir á unnur@joifel.is  
Íslenskunnátta skilyrði.

**Bókhaldsstofu vantar**  
Vanar starfsmann í 50-80%  
starf við uppgjör á fyrirtækjum,  
gerð skattframtala og bókhald.  
Upplýsingar í síma 692 6910.

**Bakarí - kaffihús,  
Skiptiholti**  
Starfskraftur óskast til  
afgreiðslustarfa. Vinnutími frá  
kl.9 eða eftir samkomulagi, og  
annan hvorn laugardag. Góð  
laun í boði fyrir rétta fólk. Helst  
reyklaus. Íslenskunnátta  
æskileg.  
Upplýsingar í síma 820 7370.

**Bakarí í Breiðholti**  
Starfskraftur óskast til  
afgreiðslustarfa í bakarí  
í Breiðholti aðra hvora  
helgi. Ekki yngri en 20 ára.  
Íslenskunnátta skilyrði.  
Uppl. í s. 820 7370, Ragga.

**KFC Selfoss poszukuje  
pracownikow.**  
Osoby starajace sie o prace  
powinny byc pracowite, schlud-  
ne, punktualne i uczciwe.  
Proponujemy prace w pelnym  
wymiarze godzin, wieczorami  
oraz na weekendy. Wymagana  
podstawowa znajomosc jezyka  
angielskiego lub islandzkiego.  
**KFC Austurvegi 46, 810 Selfoss.**  
Tel 482-3466

**KFC**  
**KFC Selfossi vantar fólk  
í vinnu.**  
Við leitum að duglegu, snyrti-  
legu, stundvísu og heiðarlegu  
fólki á fastar vaktir, og auka um  
kvöld og helgar. Nauðsynlegt  
að fólk tali eitthvað í íslensku  
eða ensku.  
Upplýsingar á staðnum og í  
síma 482 3466

**TABASCO'S**  
**Tabascos**  
**Nýr mexíkanskur veit-  
ingastaður.**  
Starfsfólk óskast í eftirfar-  
andi stöður: starfsfólk í sal.  
Vaktavinna. Góð laun í boði  
fyrir rétta fólk.  
Uppl. í síma 842 2800 eða á  
www.tabascos.is

M1 óskar eftir að ráða menn vana múr-  
vinnu og múrviðgerðum. Einnig vantar  
byggingaverkamenn. Mikil vinna fram-  
undan. Íslenskunnátta skilyrði. Uppl  
í síma 8966614. Kolbeinn Hreinsson  
Múrarameistari

Thorvaldsen Erum að leita að duglegu  
fólki í fulla vinnu og auka vinnu. Helst  
með reynslu. Þarf að geta byrjað mjög  
fljótlega. Uppl. veitir Kristín í síma 616  
3001

og Óskar ehf. óska eftir smiðum, eða  
mönnum vönum smiðavinnu, til starfa.  
Þurfa að geta starfað sjálfstætt. Uppl. í  
s. 896 8203

Óskum eftir að ráða duglegan og reglu-  
saman starfskraft í skemmtileg útistörf.  
Upplýsingar í síma 898 9993, bjarni@  
laptop.is, www.verktakar.com

**Málarar**  
Málarar eða menn vanir málningar-  
vinnu óskast. Framtíðarvinna fyrir rétta  
menn. Áferð ehf. Uppl. í síma 696 5656  
eða aferd@aferd.is

Fyrsti vélstjóri 1. vélstjóra vantar á  
29 tonna dragnótabát sem rær frá  
Vestfjörðum, vélastærð 328 KW upplýs-  
ingar í síma 852-6777 og 892-3877

Matsvein vantar á tæplega 200 tonna  
dragnótabát. Einnig vantar yfirvélstjóra  
(tímabundið) á 80 tonna netabát sem  
gerður er út frá Suðurnesjum. S. 892  
5522.

**Starfskraftur óskast**  
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði  
Grafarvogs. S. 567 4468.

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa.  
Sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 899  
6016.

Alli ehf. óskar eftir smiðum eða mön-  
num vönum allskonar smiðavinnu. Uppl.  
í s. 696 3912.

**Glaubar**  
Óskum eftir hressu starfsfólki á bar og  
í sal. Góð laun í boði fyrir duglega og  
samviskusama einstaklinga. Uppl. veitir  
Steinar í síma 896 8596.

Lipur og reglusamar starfskraftur óskast  
til sumarflýsingastarfa í byggingavöru-  
verslun í miðborginni. Uppl. í s. 552  
4321

**Járnmennt**  
Óska eftir vönum jánamönnum. Mikil  
vinna framundan. Þurfa að geta byrjað  
01.06.08. Uppl. milli kl. 16-18 s. 897  
1995 & 866 1083.

**Ironbinding**  
Potrzebni profesjonalni 2 borjarze.  
Duzojpracy na przyszosc. Informacje  
monza uzytkac pod nr. tel. 859 7586  
& 897 1995 Siggí, 866 1083 Andri.  
Dzwonic miedzy 16-18.

Starfsfólk vantar til allra almennra starfa  
við ferðþjónustuna á suðurlandi. Þarf  
að geta hafið störf strax. www.horgs-  
land.is S. 487 6655 & 894 9249

**Hefur þú áhuga á golfi?**  
Leitum af hressu fólki frá 18 ára aldri  
til einfaldra afgreiðslustarfa um kvöld  
og helgar við veitingasölu í golfskálum  
okkar. Áhugasamir hafi samband við  
Stefán Inga í s. 659 1111 eða í gegnum  
stefan@veisluhald.is.

**Atvinna óskast**

**Vantar þig Smiði, múrara  
eða járnabindingamenn?**  
Höfum á skrá menn sem að  
óska eftir mikilli vinnu. Getu  
hafið störf nú þegar.  
**Proventus starfsmannþjón-  
usta s. 661 7000.**

**Vélamaður**  
29 ára karlmaður, vanur vélamaður  
óskar eftir vinnu strax. Með öll réttindi.  
Uppl. í s. 662 2308.

24 kk með meirapróf óskar eftir að  
komast á vörubíl eða trailer. Uppl. í s.  
690 3758 / 534 1354.

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

Flott kona um fimmtugt, fjárhagslega  
sjálfstæð, ógift, vill kynnast karlmanni,  
50-60 ára. Augl. hennar er hjá Rauða  
Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (síma-  
torg) og 535-9920 (kreditkort), augl.  
nr. 8337.

Nú er töluvert um nýjar auglýsingar  
kvenna sem leita tilbreytingar eða var-  
anlegra kynna. Rauða Torgið Stefnumót,  
s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920  
(kreditkort).

Karlmann: Þið kynnist konum á Rauða  
Torginu Stefnumót og það kostar ekkert  
að auglýsa. Síminn er 535-9923.

Karlmann sem vilja kynnast karlmön-  
num auglýsa mikið á Rauða Torginu  
Stefnumót. Þú heyrir auglýsingar þeirra  
í símunum 905-2000 (símatorg) og 535-  
9920 (kreditkort).

Kona: Leitar þú tilbreytingar eða var-  
anlegra kynna? Nýttu þér gjaldfrjálsa  
þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til  
að leggja inn eigin auglýsingar, hlusta  
á og svara auglýsingum karla, og spjalla  
við karla á vandaðri spjallrás. Fullkomin  
leynd. Síminn er 555-4321.

Óska eftir konu á aldrinum 55-65 ára  
til að dvelja með í sumarbústað á fal-  
legum stað á Suðurlandi vikuna 16.-23.  
maí nk. Uppl. í s. 892 9512.

**FASTEIGNIR**

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA  
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**ATVINNUHÚSNÆÐI**  
**Reykjavíkurvegur - Hf. Sala/leiga**

Mjög gott atvinnuhúsnæði eða lagerhúsnæði. Húsnæðið er 380 fm að stærð með góðum innkeyrslu-dyrum og aðkomu. Húsnæðið getur selst/leigst í einu eða tvennu lagi, annarsvegar 175 fm og hinsvegar 205 fm. Laust 1. júlí næstkomandi. Hagstætt verð, hagstæð lán.

Upplýsingar veitir  
**Hilmar á skrifstofu eða í síma 892-9694.**  
Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

**Stóreign**  
Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590\_7600

Stóreign kynnir:

**Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lág múli 7. 108 Rvk.**

Þorlákur Ó. Einarsson Þórhildur Sandholt  
lögg. fasteignasali löggfr. og lögg. fast.sali  
storeign.is FAX 535 1009

**Holtagarðar**

Holtagarðar – í þessu húsi er til leigu um 4600 fm lagerhúsnæði steinsnar frá höfninni. Gott útisvæði og aðgengi. Stórar innkeyrsludyr. Húsnæðið hefur verið nýtt undir vörulager og getur verið laust fljótlega. Sanngjarnt leiguverð. Nánari upplýsingar hjá Stóreign Lág múla 7 í síma 590-7600.

**SMIÐIR**

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.  
Kraftafl ehf S: 840-1616

**MÚRARAR**

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.  
Kraftafl ehf S: 840-1616

**PÍPARAR**

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.  
Kraftafl ehf S: 840-1616



**Byggingafélag  
Verkamenn**

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða verkamenn til starfa í byggingavinnu. Íslensku- eða enskukunnátta æskileg.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.

Upplýsingar gefur Valdimar Birgisson í síma 693-7003  
Einnig er hægt að sækja um á [www.jbb.is](http://www.jbb.is).

JB Byggingafélag, Hlíðasmári 6, s: 544-5333

**TILKYNNINGAR****Umsókn um stæði fyrir sölutjöld á 17. júní 2008 í Reykjavík**

Þeir sem óska eftir stæðum fyrir sölutjöld á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2008, vinsamlegast vitjið umsóknareyðublaðið í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublaðið á [www.skataland.is](http://www.skataland.is) Upplýsingasími vegna þessa er 844-6134.

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi föstudaginn 23. maí fyrir kl. 16.00 í Skátamiðstöðina Hraunbæ 123.

Úthlutun verður þriðjudaginn 27. maí kl. 16.00 í Hinu Húsinu. Vakin er athygli á því, að lausasala á hátíðarsvæðinu er stranglega bönnuð.

**Gjald v/ söluleyfa ásamt uppsettu sölutjaldi og söluborði er :**

- Dagsölustæði : kr. 25.500,-
- Dag-og kvöldsölustæði: kr. 30.500,-

Stæði fyrir sölutjöld er ekki veitt einkaaðilum, heldur einungis félögum og samtökum sem sinna æskulýðs-, íþrótt- og félagsstarfi í Reykjavík.

*Þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkur og  
Skátasamband Reykjavíkur.*

**UPPBOÐ****Sýslumaðurinn á Húsavík  
UPPBOÐ**

Eftirtaldir bifreiðir og/eða önnur ökutæki verða boðnar upp við lögreglustöðina á Húsavík, miðvikudaginn 14. maí 2008 kl. 14:00:

AD-108 AT-917 ML-246  
NN-136 SX-256

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík

6. maí 2008.



Reykjavíkurborg

Menntasvið

**Skólastjóri Ingunnarskóla****Laus er staða skólastjóra Ingunnarskóla**

Ingunnarskóli er heildstæður framsækinn skóli með áherslu á sveigjanlega starfshætti, einstaklingsmiðað nám, samkennslu árganga og teymisvinnu kennara. List- og verkgreinar skipa stóran sess og eru meðal annars samþættar samfélags- og raungreinum í gegnum þemavinnu. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda. Skólinn er móðurskóli í einstaklingsmiðuðu námsmati en auk þess er unnið að ýmsum þróunarverkefnum í skólanum. Skólahúsið er hannað með hliðsjón af hugmyndafræði skólans og styður vel við starfið sem þar fer fram. Í skólanum eru rúmlega 450 nemendur.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**

- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.

**Menntunar- og færnikröfur:**

- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af skólastjórnun
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2008. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

**Umsóknarfrestur er til 5. júní 2008.**

Sótt skal um á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) eða senda umsókn á Menntasvið Reykjavíkurborgar, Frikkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri, [valgerdur.janusdottir@reykjavik.is](mailto:valgerdur.janusdottir@reykjavik.is) og Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri, [ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is](mailto:ragnar.thorsteinsson@reykjavik.is) í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Frekari upplýsingar um Ingunnarskóla er að finna á heimasíðu skólans <http://www.ingunnarskoli.is>

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**SKJÁLFRANDI**

HENRY BIRGIR LÆTUR ÞIG HEYRA ÞAÐ Í NÝJUM ÍÞRÓTTAÞÆTTI Á X-INU Í HÁDEGINU ALLA VIRKA DAGA

ALLT SEM ÞÚ ÁTT AÐ VITA UM ÍÞRÓTTIR,  
HVORT SEM ÞÉR LÍKAR ÞAÐ BETUR EÐA VERR

ENGIN FROÐA EKKERT RUGL





# TR og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn

## UMRÆÐAN

Sigríður Lilly Baldursdóttir skrifar um samninga Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn

Ígreinaskrifum og fréttáflutningi af samskiptum Tryggingastofnunar og tilteknum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem eru utan samninga við heilbrigðis-yfirvöld hefur gætt nokkurs mis-skilnings sem mikilvægt er að leiðrétta.

Lögbundið hlutverk Tryggingastofnunar er að sjá um framkvæmd almennatrygginga.

Í þessu hlutverki felast m.a. endurgreiðslur til viðskiptavina vegna ákveðins læknis- og sjúkrakostnaðar og eftirlit með réttindum sjúkratryggðra.

Sá misskilningur hefur verið í umræðunni upp á síðkastið að Tryggingastofnun semji við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna þjónustu þeirra. Hið rétta er að samninganefnd heilbrigðisráðherra „...annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku ríkisins vegna hennar fyrir hönd ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun hans hverju sinni.“ (Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/1007 og lög um almennatryggingar nr. 100/2007).

## Úttekt á skólamála

### UMRÆÐAN

Pór Ásgeirsson skrifar um skólamála í Kópavogi

Sá gleðilegi atburður átti sér stað fyrir skömmu að bæjarráð og bæjarstjórn Kópavogs samþykktu tillögu skólaneftdarinnar um úttekt á skipulagi skólamála í Kópavogi. Nokkrum vikum áður hafði meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar felld sambærilega tillögu Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, bæði í skólaneftdinni og í bæjarstjórn. Rök meirihlutans fyrir því að fella tillöguna voru æði misjöfn og ljóst að engin fagleg rök voru fyrir þeim viðbrögðum. Halda mátti að pólitísk blindi hafi borið faglegan metnað ofurlíði. Þer því að fagna að meirihlutinn hafi séð að sér.

Ljóst er að umfang skólastarfs í Kópavogi hefur vaxið í réttu hlutfalli við stækkun bæjarins en hins vegar hefur fjöldi starfsmanna á fræðsluskrifstofu Kópavogs staðið í stað. Á þeim 12 árum sem fræðsluskrifstofan hefur starfað hefur nemendum í grunnskólum Kópavogs fjölgað um rúm 40 prósent og skólunum úr sjö í tíu. Á síðasta kjörtímabili var gerður samningur um fjárhagslegt sjálfstæði skólanna með tilkomu sérstaks skólasamnings. Engin formleg endurskoðun hefur farið fram á skólasamningnum en ýmislegt bendir til að hann þurfi að endurskoða og þá sérstaklega m.t.t. fjármagns til vettvangsferða, sérkennslu og þróunarstarfs innan skólanna. Þeirri fjölgun sem átt hefur sér stað í Kópavogi hafa fylgt ýmsir vaxtaverkir í skólasamfélaginu og mikið álag á starfsfólk fræðsluskrifstofunnar. Af þeim sökum er mjög mikilvægt að fá utan- aðkomandi fagaðila til að meta á hlutlausan hátt skipulag skólamála, greina styrkleika og veikleika kerfisins, og skerpa á meginhlutverki fræðsluskrifstofunnar.

Rúmlega helmingur skatttekna bæjarins fer í skólamála og því er mikilvægt að þeir fjármunir séu nýttir vel, en þó þarf um leið að hlúa vel að starfsfólki og nemendum skólanna. Allir grunnskólar viðhafa svokallað innra mat sem er partur af gæðakerfi þeirra. Faglegt mat á skipulagi skólasamfélagsins er því í takti við nútímastjórnunarhætti. Mjög mikilvægt er að Kópavogsbær styðji við það metnaðarfulla skólastarf sem er í Kópavogi.

Höfundur er fulltrúi Samfylkingarinnar í skólaneftnd Kópavogs.

Samninganefnd heilbrigðisráðherra semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðslur úr ríkissjóði fyrir þjónustu þeirra. Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt reglugerð nr. 1265/2007 er t.d. sjálfstætt starfandi sérfræðingum á samningi, heilsgæslustöðvum og sjúkrastofnunum óheimilt að innheimta hærra eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en þar er kveðið á um. Hlutverk Tryggingastofnunar felst í



SIGRÍÐUR LILLY BALDURSDÓTTIR

að greiða umsamin gjöld fyrir þjónustu sérfræðinga sem eru á samningi að frádregnum greiðslum hins sjúkratryggðra.

Um Tryggingastofnun fara miklir fjármunir ár hvert og starfsfólki stofnunarinnar er falið að standa vörð um hag allra þeirra sem njóta réttinda skv. almennatryggingalögum. Eftirlit með samningum þeim

sem samninganefnd heilbrigðisráðherra hefur gert við heilbrigðisstarfsfólk snýst um að tryggja réttindi sjúkratryggðra hér á landi og sjá til þess að þeir njóti umsaminna þjónustu.

„Hlutverk Tryggingastofnunar felst í að greiða umsamin gjöld fyrir þjónustu sérfræðinga sem eru á samningi að frádregnum greiðslum hins sjúkratryggðra.“

Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sem ekki eru á samningi geta verðlagt þjónustu sína einhliða. Í nokkrum tilvikum hefur sjúkratryggðum viðskiptavinum þeirra verið tryggður réttur með reglugerðum til ákveðinnar endurgreiðslu að því marki sem reglugerðin (gjaldskrá ráðherra) segir til um. Verðleggi viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn þjónustu sína hærra

kemur það í hlut viðskiptavina þeirra að greiða mismuninn.

Þegar ekki takast samningar um þjónustu milli sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og samninganefndar heilbrigðisráðherra kostar það viðskiptavini meiri fyrirhöfn og oftast einnig aukin útgjöld. Jafnframt veldur það aukinni umsýslu hjá Tryggingastofnun. Tryggingastofnun hefur þó lagt áherslu á að bregðast við með aukinni þjónustu við viðskiptamenn þannig að óhagræði þeirra vegna skorts á samningi verði sem minnst.

Höfundur er forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

RÁÐSTEFNA HÁSKÓLANS Á BIFRÖST:

## Hvert er töframeðalið?

● Miðvikudaginn 28. maí frá kl. 9 – 12.30



SÆKIÐ UM MEISTARANÁM FYRIR 15. MAÍ

WWW.BIFRÖST.IS

STJÓRNUN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU EFNIR TIL RÁÐSTEFNU:

## Fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu – kostir og gallar

Hver er framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi? Verður opinberri og einkarekinni heilbrigðisþjónustu blandað saman áfallalaust? Hverjir eru kostir og gallar hvors kerfis fyrir sig? Er til eitthvert töframeðal? Þessum spurningum og mörgum fleirum verður leitast við að svara á ráðstefnunni „Fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu – kostir og gallar“ sem Stjórnun heilbrigðisþjónustu við Háskólann á Bifröst efnir til. Á ráðstefnunni mætist fjöldi sérfróðra aðila úr ólíkum áttum og tekist verður á um knýjandi spurningar um rekstur heilbrigðiskerfis á Íslandi.

Ráðstefnustjóri er Ásta Dís Óladóttir dósent og forstöðumaður meistaranáms í stjórnun heilbrigðisþjónustu við Háskólann á Bifröst. Ráðstefnan fer fram á ensku og fer skráning fram með tölvupósti á bifrost@bifrost.is.

Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík miðvikudaginn 28. maí frá kl 9.00 – 12.30, aðgangur er ókeypis.

### DAGSKRÁ

ÁGÚST EINARSSON, rektor Háskólans á Bifröst, setur ráðstefnuna.

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON, heilbrigðisráðherra, flytur ávarp.

Erindi flytja: DR. ALLYSON POLLOCK, prófessor við University of Edinburgh.

DR. SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR, stjórnsluráðgjafi hjá Heilbrigðisráðuneytinu.

DR. KIEKE OKMA, dósent við Wagner School of Public Service, NYU.

GESTUR PÉTURSSON, Stjórnarformaður Heilsuverndarstöðvarinnar.

Pallborð: STJÓRNENDUR Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU Allyson Pollock, Anna Birna Jensdóttir, Ásta Möller, Kieke Okma, Sigurður Guðmundsson, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Vilhjálmur Egilsson.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

EAGLE-EYE CHERRY TÓNLISTARMAÐUR  
ER 39 ÁRA Í DAG

„Lagið *Save Tonight* er um ljúfsáran tíma. Það fjallar um hið fullkomna kvöld með kertaljósi og víni við arininn. Ef þið deilið þessu kvöldi saman þá getið þið líklega lifað af aðskilnað, með því að minnast góðra tíma. Það fjallar um eitt þeirra kvöld þar sem þú vilt ekki að næsti dagur renni upp.“

EAGLE-EYE CHERRY FÆDDIST Í SVÍÐJÓÐ OG ER  
BRÓÐIR SÖNGKONUNNAR NENEH CHERRY. ÞAU  
FERÐUÐUST MIKIÐ MEÐ FÖÐUR SÍNUM DON  
CHERRY SEM VAR TROMPETLEIKARI.



ÞETTA GERÐIST: 7. MAÍ 2007

## Grafhýsi Heródesar finnst

Ísraelski fornleifafræðingurinn Ehud Netzer skýrði frá því að gróf Heródesar, konungs Júdeu, hefði fundist á hæð, 12 kílómetra suður af Jerúsalem, innan hernumda svæðisins á Vesturbakkanum.

Netzer og fornleifafræðingar frá Hebræska háskólanum í Jerúsalem höfðu unnið að rannsóknum á svæðinu frá árinu 1972 og var þetta ein stærsta upp-götvun sögunnar á sviði fornleifarannsóknna.

Steinkista með jarðneskum leifum konungsins fannst á greftrunarstaðnum við efsta hluta stapans Herodium, þar sem Heródes byggði sér hallarhverfi á hæðinni, sem er meira en 750 metra yfir sjávarmáli.

Það hafði löngum verið talið að Heródes væri grafinn á staðnum, en það var fyrst árið 2007 sem fornleifafræðingur tókst að finna kistuna. Hún var þá mölbrotin en talið er að hún hafi verið



eyðilögð á árunum 66 og 72 eftir Krist. Heródes var einnig þekktur sem Heródes I og Heródes hinn mikli og var hann uppi frá um 73 til 4 fyrir Krist í Jeríkó. Hann komst til valda í landinu helga þegar Rómverjar gerðu það að skattríki sínu. Hann lét byggja virkisvegg í kringum Jerúsalem og stendur hluti veggjarins enn. Hann lét einnig reisa ýmis

mannvirki í Jerúsalem sem nú eru merkar fornminjar.

Heródesar er getið í Matteusarguðspjalli 2:16-18 í Nýja testamentinu. Þar er sagt frá því þegar hann fyrirskipaði að láta myrða öll sveinbörn í Betlehem undir tveggja ára aldri til að missa ekki völdin til hins nýfædda konungs gýðinga sem vitringarnir spáðu fyrir um. Þar er átt við Jesú en faðir hans Jósef flúði með soninn og móðurina Maríu til Egyptalands.

## MERKISATBURÐIR

- 1810 Skoski náttúrufræðingurinn Sir George Stuart Mackenzie og læknirinn Henry Holland koma til landsins og ferðast víða. Báðir skrifa bækur um ferðina.
- 1812 Sjö skip frá Öndarfirði farast í öveðri og með þeim 54 menn.
- 1951 Bandaríska varnarliðið kemur til landsins en varnarsamningur var gerður tveimur dögum áður.
- 1978 Jarðgöngin í Oddsskarði vígð.
- 1999 Þrjár kínverskir ríkisborgarar láta lífið og tuttugu særast þegar NATO-flugvél varpar sprengju á kínverska sendiráðið í Belgrad.
- 2002 MD-82 flugvél frá China Southern Airlines ferst í Gula hafinu og með henni 112 manns.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Móðir mín,  
**Guðrún Magnúsdóttir**  
Hrefnugötu 6, Reykjavík,

lést laugardaginn 3. maí.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Málfríður L'Orange.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,  
 dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,  
**Auður Eggertsdóttir**

lést á Líknardeild Landspítalans 3. maí síðastliðinn.  
Útförin fer fram fimmtudaginn 15. maí kl. 13.00 frá Seljakirkju.

Gunnar Jóhannsson

Jóhann Gunnarsson  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir      Kári Gunnarsson  
Oddur Ævar Gunnarsson  
Eggert Oddur Össurarson      Guðrún Sigurðardóttir  
Sólveig Gunnarsdóttir  
systkini og aðrir vandamenn.



Föðurbróðir minn,  
**Sigurþór Jónsson**  
frá Efri-Kvíhólmna,

sem lést 27. apríl sl. verður jarðsöngurinn frá Ásólfskálakirkju föstudaginn 9. maí kl. 14.00. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimilið Kirkjuhvol, Hvolsvelli. Fyrir hönd aðstandenda,  
Guðfinna Sveinsdóttir.

Fallegir legsteinar  
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði  
Sími: 565-2566  
www.englasteinar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið  
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



HRAFNKELL SIGTRYGGSSON OG HLYNUR ÖRN HRAFNKELSSON Feðgar með mótórfaka sína.

FRÉTTAÞLADIÐ/VALLI

VÉLHJÓLAÍPRÓTTAKLÚBBURINN: ÞRJÁTÍU ÁRA UM ÞESSAR MUNDIR

## Polakstur um Jónsmessuleyti

„Það verður kannski engin rosa veisla en við ætlum þó aðeins að blása í lúðra,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson, formaður Vélhjólaíþróttaklúbbsins, um afmælishald klúbbsins í tilefni þeirra þrjátíu ára sem hann á að baki. Hrafnkell nefnir glæsilega árshátíð sem fyrirhuguð sé en þó er honum svokallað Jónsmessumót ofar í huga. „Við ætlum í fyrsta sinn að halda Jónsmessunæturþolaksturskeppni á svæðinu okkar í grennd við Litlu kaffistofuna. Hún á að hefjast klukkan 18.01 þann 21. júní og klárast eina mínútu yfir miðnætti.“

Vélhjólaíþróttaklúbburinn er elsti klúbbur sinnar tegundar á landinu, og sá fjölmennasti því félagar eru um eitt þúsund talsins. Þó þeir dreifist um landið er fjöldinn mestur á höfuðborgarsvæðinu, og stórt svæði í nágrenni Víðfells er svo að segja heimahagar klúbbsins. „Við sömdu við sveitarfélagið Ölfus um land nærri Litlu kaffistofunni og þar eru aksturslóðar, mótorkrossbrautir og byrjendabrautir. Við erum líka kominn með hús þangað með vatni og rafmagni og þetta

hefur allt verið byggt upp af okkur félögunum á síðustu tveimur árum,“ lýsir Hrafnkell.

Vefur klúbbsins er á slóðinni www.motocross.is og þar sést að starfsemi hans er öflug. Hann hefur á stefnuskrá sinni uppbyggingu svæða, þjálfun, kennslu og keppnishald svo og að berjast fyrir hagsmunum þeirra sem ferðast á vélhjólum. „Við erum með öfluga umhverfisnefnd sem sinnir áróðri fyrir bættri umgengni mótorkhjólafélks, og einnig samskiptum við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila um aðgengi að slóðum og stígum. Það starf hefur skilað mjög góðum árangri. Enda var það brunn nauðsyn, því á síðustu fimm árum er búið að flytja inn hjól í þúsundavís þannig að fjöldi þeirra hefur margfaldast. Það dugði því ekki að einungis væri um eina braut að ræða sem auk þess var umflotin vatni og drullu um tíu mánuði á ári. Það er erfitt fyrir félag eins og okkar að segja við hjólafélk: „Geymið þið hjólin bara í skúrnun. Þið megið ekkert keyra.“ Mun gæfulegra er að

eiga gott samstarf við landeigendur og sveitarfélög og fá aðgengi að slóðum sem henta fyrir þetta sport.“

Hrafnkell segir félagi á vélhjólaíþróttaklúbbum á öllum aldri eða allt niður í sex ára. Spurður hvort þeir séu ekki í bráðri hættu brosir hann og svarar. „Börnin eru auðvitað mjög vel varin, með hjálma, stór stígvél, hanska, hnjúlfifar, axla- og hálskraga og á lágum og litlum hjólum sem hreyfast ekki hratt. Svo fer leikurinn fram inni á lokaðri braut þar sem mold er undir. Ég á einn tíu ára son og tel hann í meiri hættu á fótboltavellinum eða bara á reiðhjólunni sínu úti á málbiki heldur en á mjúkri mótorkrossbraut. Það er nánast snobbað fyrir hlífum í þessari íþrótt ólíkt mörgum öðrum þar sem þær þykja jafnvel hallærislegar. Ef einhver mætir í gallabuxum og strigaskóm í mótorkross þá þykir það ekki gott. Fleiri en einn verða þá til að hnipa í viðkomandi og benda honum góðlátlega á að hann þurfi aðeins að hugsa sinn gang.“

gun@frettabladid.is



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hjalmar Þórðarson**  
Skógarseli 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 4. maí. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki 11E. Útförin fer fram 15. maí kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

Jensína Guðrún Magnúsdóttir  
Þórður Georg Hjörleifsson  
Þórdís Hjörleifsdóttir  
barnabörn.

Emelía Blöndal  
Haukur Þór Bjarnason



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Garðar Sölvason**  
Þórðarsveig 1, 113 Reykjavík,

sem lést 26. apríl sl. verður jarðsöngurinn frá Árbæjarkirkju í Reykjavík fimmtudaginn 8. maí kl. 15.00.

Edda Hrönn Hannesdóttir  
María Garðarsdóttir  
Elín Inga Garðarsdóttir  
Ríkey Garðarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Theodór S. Friðgeirsson  
Brynjar H. Jóhannesson  
Margrét Sigurðardóttir

# Sáðmenn sandanna, besta fræðibókin

Sáðmenn sandanna, Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007, hefur verið valin besta fræðibók ársins 2007 af Upplýsingu, Félagi bókasafns- og upplýsingafræða. Matsnefnd félagsins greindi frá niðurstöðunni á aðalfundi félagsins á Þjóðarbókhöðunni í gær. Höfundur bókarinnar, Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur, tók við viðurkenningskjali úr hendi Sigrúnar Klöru Hannesdóttur, formanns Upplýsingar. Í dómi matsnefndar segir meðal annars að bókin sé aðgengileg handbók um landgræðslu á Íslandi sem standist fræðilegar kröfur. Hún hafi mikið notagildi fyrir þá sem vilja kynna sér sögu elstu landgræðslustofnunar í heiminum og hvernig tekist var á við gróður- og jarðvegseyðingu með samstilltu átaki víða um land. Matsnefndin ber einnig lof á stíl og málfar sem og fagmennsku og vandvirkni við frágang.



**VERÐLAUN** Frá vinstri: Elin Kristbjörg Guðbrandsdóttir, formaður matsnefndar Upplýsingar, Andrés Arnalds úr ritnefnd Sáðmanna sandanna, Friðrik G. Olgeirsson rithöfundur, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Sigrún Klara Hannesdóttir formaður Upplýsingar.

MYND/MÓTIV JÓN SVAVARSSON

## AFMÆLI



**ÞÓRIR S. GUÐBERGS-SON**  
rithöfundur er sjötugur.



**ANDRÉS RAGNARS-SON**  
sálfræðingur er 54 ára.



**ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON**  
prófessor í bókmenntum er 51 árs.



**HÁKON LEIFSSON**  
kórstjóri er fimmtugur.



**HILDI-GUNNUR ÞRÁINS-DÓTTIR**  
leikkona er 38 ára.



**ÁRNI GAUTUR ARASON**  
markvörður er 33 ára.

## Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525 5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reginn Bergþór Árnason**  
Tjarnarlundi 16a, Akureyri,

lést 2. maí á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Akureyrar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. maí klukkan 13.30.

Málfríður H. Jónsdóttir  
Regína P. Reginsdóttir  
Valgerður J. Reginsdóttir  
Árni Jón Reginson  
barnabörn og langafabörn.

Sigurður Vilmundarson  
Guðmundur Jósteinson  
Ágústa Pálsdóttir



Þökkum auðsýnda samúð við fráfall og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Bjargar Rögnvaldsdóttir**  
frá Miðfirði í V-Húnavatnssýslu.

Starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar færum við sérstakar þakklætiskveðjur.

Guðfinna Margrét Óskarsdóttir  
Stefán Dan Óskarsson  
Brynjólfur Óskarsson  
Rögnvaldur Þór Óskarsson  
Már Óskarsson  
Arnar Óskarsson  
og ömmubörnin.

Rannveig Hestnes  
Selma Olsen  
Védís Geirsdóttir  
Bryndís G. Friðgeirsdóttir  
Anna Magnea Hreinsdóttir



Vinur okkar allra, eiginkona mín, dóttir, systir, móðir, tengdamóðir og amma,

**Helga Þórarinsdóttir**  
Kaplaskjólsvægi 53, Reykjavík,

varð bráðkvödd á heimili sínu aðfaranótt 2. maí. Bálför hennar verður frá Neskirkju kl. 15, föstudaginn 9. maí. Blóm og kransar vinsamlega afþeðnir, en þeim sem vildu minnast Helgu er bent á líknarfélög.

Sigurður Steinþórsson  
Ragnheiður Vigfúsdóttir  
Steinþór Sigurðsson  
Ragnheiður Sigurðardóttir  
systkini og barnabörn.

Valgerður Bragadóttir  
Andrés Jónsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Leó Guðbrandsson**

fýrrv. sparisjósstjóri í Ólafsvík, Núpaland 2, Kópavogi,

andaðist á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 2. maí.

Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 9. maí kl. 14.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Helga Kristín Lárusdóttir

Ásta Lára Leósdóttir  
Guðbrandur R. Leósson  
Erla Leósdóttir  
Ágúst H. Leósson  
Pröstur Leósson  
Þorvarður Sæmundsson  
Gunnhildur Tryggvadóttir  
Hjörtur Þorgilsson  
Sigrún Ellertsdóttir  
Steinn Tómasdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona og frænka,

**Vilborg Ósk Ársælsdóttir**

hárgreiðslumeistari, Vesturhólum 21, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu aðfaranótt þriðjudagsins 29. apríl, verður jarðsöngin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 8. maí kl. 13.00.

Finnbogi G. Kristinsson

Kristinn Finnbogason  
Pálína K. Pálsdóttir  
Guðrún H. Ársælsdóttir  
Páll H. Ársælsson  
Sigurður Ársælsson  
Anna Dóra Guðmundsdóttir  
og systkinabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Aðalsteinn Jónsson**

Bakkastíg 2, Eskifirði,

er andaðist þann 30. apríl sl. verður jarðsönginn frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 10. maí kl. 14.00. Um leið og við þökkum innilega fyrir samúðarkveðjur og hlýhug viljum við færa starfsfólki Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað og dvalarheimilanna að Hulduhlíð og Uppsölum sérstakar þakki fyrir góða umhyggju.

Guðlaug Kr. Stefánsdóttir

Björk Aðalsteinsdóttir  
Kristinn Aðalsteinson  
Elfar Aðalsteinson  
Þorsteinn Kristjánsson  
Hrafnhildur Hrafnkelsdóttir  
Anna María Pitt  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ágúst Sigurður Karlsson**

Kúrlandi 19,

sem lést þriðjudaginn 29. apríl sl. verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 8. maí kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarþjónustuna Karitas s. 551 5606.

Rut Sigurðardóttir

Birna Ágústsdóttir  
Sigurður Karl Ágústsson  
Guðlaugur Ágústsson  
Ævar Ágústsson  
Ína Björg Ágústsdóttir  
Magnús Ágústsson  
Berglind Ágústsdóttir  
Hjálmar Hjálmarsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Sigurðardóttir**

frá Hamraendum, Norðurbrún 1,

lést laugardaginn 19. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ólafur Steingrímsson  
Guðmundur Hannesson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Amporn Aphaikland  
Erla Björg Káradóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

## Flutningur á lækningastofu

Frá og með 1. maí flyst lækningastofa mín úr Lækningu Lágmúla 5, í Lækna húsið Domus Medica, Egilsgötu 3, 101 Reykjavík.

Tímamantar daglega milli kl 9-18 s:5631060  
Dr. Karl Logason sérgrein æðaskurðlækningar og almennar skurðlækningar

## ERTU Í PRÓFUM? VANTAR ÞIG MEIRI ORKU?

Þá gæti Power Shot verið lausnin fyrir þig. Hágæða vara unnin úr 6 ára gömlum ginseng rótum. Frábært verð.

### HREIN NÁTTÚRULEG ORKA

Aukin einbeitning · Meiri styrkur  
· Minna slen og þreyta · Meiri orka

Fæst í apótekum.

www.medico.is



## STUÐ MILLI STRÍÐA Af hönnunargöllum

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TELUR ÓMÖGULEGT AÐ GUÐ SÉ KONA



Þó að jafnréttissinni sé tel ég mig hafa fullar sannanir fyrir því að Guð sé ekki kona. Ástæðuna fyrir þessu tel ég vera að finna í þeim óskaplega hönnunargalla sem tíðahringur kvenna er. Ef Guð væri kona hefði hún fundið mun betri og þægilegri lausn á vandanum sem fjölgun mannkyns er, en að láta helming mannkyns fara á túr statt og stöðugt. Ekki satt?

Flestar ungar stúlkur bíða fyrstu heimsóknar Rósu frænku í ofvæni. Það er svo sem skiljanlegt, enda nánast eins og að ganga í leynifélag. Fyrstu blæðingarnar eru hins vegar svæsnasti bömmur í heimi. Þá kemur mjög fljótlega og á óvæg-

inn hátt í ljós að Rósa frænka er hundleiðinleg og illgjörn, sest ofan á þig svo þér finnst líkaminn vera að springa og ver nokkrum dögum í að kýla þig í mjóbak og maga. Þannig upplifði ég að minnsta kosti fyrstu heimsókn hennar og sundlaði svo af hryllingi þegar ég áttaði mig á því að hún myndi koma aftur í heimsókn, fimm daga í mánuði, alla mánuði, allar vikur, öll ár í mörg ár. Lauslegir útreikningar mínir sýna að meðalkona er á túr í samtals um fimm og hálf ár af ævi sinni. Það er, hreint út sagt, glatað.

Það merkilega er að þrátt fyrir að hver og ein heilbrigð kona á barneignaraldri fari á túr í hverjum mánuði er allt sem þær túrferðir snertir enn eins og leynifélag.

Ég hef til dæmis aldrei séð stelpu taka dömubindapakka upp úr töskunni sinni og ganga hnarreist á klósettið fyrir allra augum. Með þessar vörur er farið eins og ólögleg eiturylf, hraðari handahreyfingar en þær sem píanóleikarar geta hreykt sér af koma uppljóstrara í formi túrtappa á öruggan stað í vasa áður en trítlað er af stað. Það þrátt fyrir að allir karlmenn viti að konur fara á túr, aftur og aftur og aftur.

V-dagssamtökin hafa barist fyrir því að losa orðið píka við hvers kyns tabú. Hvernig væri að gera slíkt hið sama við túrtappana? Það er náttúrulega fátíðlegt að fimm og hálf ár af ævi konu skuli vera einhvers konar tabú. Ekki satt?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**GÍTARINN**  
HLJÓDFÆRAVERSLUN

*Stagg*

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,  
Auka Strengjasett,  
eMedia geisladiskur.

**Kr. 14.900**

Fáanlegir Litir:  
Viðarlitaður,  
Sunburst,  
Svartur,  
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125  
www.gitarinn.is

Auglýsingasími

**512 50 50**



- Mest lesið

# Enn er verið að dissa!

Frumssýning á fimmtudag í Ríkisleikhúsi íslensku þjóðarinnar. Hvernig stendur á því að Verslunarskólinn heldur ekki áfram að sjá um uppfærslur af þessum toga eins og verið hefur í vinsælum sumarsýningum sem Borgarleikhúsið hefur hýst?

Þeir sem ánetjast diskóinu eru litaglaðir einfelðningar meðan þeir sem aðhyllast pönkstefnunni eru að mótmæla um leið og þeir eru í niðurrifi á sínu eigin lífi og útliti, en svo birtist hún stjarnan okkar allra sem komið hefur Íslandi á kortið. Um þetta og svolítið misskilningsdrama fjallaði sýningin Ástin er diskó, lífið er pönk.

Það var mikil dans- og söngveisla á fjöllum Þjóðleikhússins á alþjóðabaráttudegi verkalýðsins. Það vekur í raun furðu að svona stór vinnustaður skuli halda sínu fólki í vinnu á degi sem slíkum? Hér var spríkláð, sungið, dansað og gargað milli þess sem reynt var að leysa erfið fjölskyldumál. Fyrir aðeins mánuði síðan var frumsýnt nýtt íslenskt verk norður á Akureyri þar sem ungt fólk varð ástfangið og áhorfendur látnir halda um skeið að um systkin væri að ræða. Sama misskilningsþemað er hér á ferðinni. Það er eins og það sé eitthvað í tísku að leita í þessi gömlu Grikkja- og Shakespeareminni.

Hér var stór og litskrúðugur hópur samankominn. Gamla West Side Story-þemað skein í gegn þar sem átök voru milli pönkara og diskóliðsins sem allt rann þó saman í eina Smirnoff-dýrkun undir lokin. Tónlistaratriðin voru skemmtilega hröð og þétt og söngatriði vel flutt. Dansatriðin aftur á móti eins og óendanlega löng leikfímistund í sjónvarpi á legg-hlífatímabilinu.

Þau Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Þórir Sæmundsson eru bæði firnagóðir leikarar og skuluðu sínum hlutverkum með þryði. Geiflur Vigdísar og tilfæringar þá er hún náði kjöri sem Ungfrú Hollywood voru frábærar og hvert smáatriði þaulhugsað.

Búningar þeirra þjónuðu tilgangi sínum einnig mjög vel. Þórir Sæmundsson, sem leikur ástfangna pönkarann Nonna Rokk, heldur salnum í járngreipum með sterkri nærveru sinni og góðum leik. Röddin berst út í hvert skúmaskot og leikurinn allur ósvikinn.

Önnur stjarna sýningarinnar var litla systir fegurárdrottningarinnar, Stína, sem Sara Marti Guðmundsdóttir ljáði lífi, og með fínstemmdri nálgun sinni þeytti



MENNINGARKIMAR MÆTAST Úr leikritinu Ástin er diskó, lífið er pönk.

hún öllum salnum í hláturskast. Þau Baldur Trausti Hreinsson og Ragnheiður Steinþórsdóttir í hlutverkum hjónanna voru einnig skemmtilega staðlaðar týpur sem gaman var að horfa á, einkum hið netta Baby Jane-gervi móðurinnar. Sem fyrrum hljómsveitartöfvarar og núverandi rónar voru þeir Þröstur Leó Gunnarsson og Kjartan Guðjónsson þrusugóðir. Ofur-ummugæjinn Danni diskó sem Sverrir Þór Sverrisson ljáði bleiku lífi kitlaði hláturtaugar áhorfenda og á vafalítið eftir að falla yngstu kynslóðinni vel í geð.

Pönkarastelpurnar tvær sem Elma Lísu Og Edda Björg hræktu út úr sér voru frábærar. Einn af göllum sýningarinnar var hversu ójafn leikurinn var, eins og oft vill verða þegar hópi af áhugamönnum er stillt upp með atvinnuleikurum í úrvalsflokki.

Leikmynd, lýsing og búningar voru í anda ýkjudiskósins. Það er umhugsunarefni hvernig hvert verkið á fætur öðru í leikhúsunum upp á síðkastið gengur út á að agnúst út í ákveðin tímabil, eða, eins og krakkarnir segja núna, „dissa“ diskóid og dissa pönkið, eins og uppfærslan af Kommúnunni gekk út á að „dissa“ hippana...

Væri ekki kominn tími til þess að semja eitthvað um þá litlu sjálfsvirðingu sem peningahyggjan og uppatöfvaraskapur innlit/útlit-flísafárs nútímans veldur? Á sama tíma og það er verið að agnúst út í einhverjar músíkstefnur og gera að milljónauppsætningum í leikhúsi með fjölbreytilegum hópi listamanna er brunafýla undir rassi velferðarkerfisins, og líklega ekki bara brunafýla heldur hreinlega bálkóstur, en það er ekki verið að nýta hið mikla ofurafli listarinnar til þess að slökka þann eld og um leið að kveikja á perum, opna hugsun? Nei, það er

## LEIKSÝNINGAR

**Ástin er diskó, lífið er pönk**  
Handrit: Hallgrímur Helgason

★★

Niðurstaða: Skemmtileg tónlistaratriði, löng dansatriði, góður leikhópur en innihaldslaus sýning.

líklega svo lummó, svo mikið nöldur, því tíminn okkar núna eða þeir sem telja sig „inn“ þola ekki nöldur og þras eða nokkra greiningu. Sennilega vegna þess að ástandsgreining og hugsanlegar hugmyndir um að breyta einhverju til góðs eru framandi hugsanir kynslóðar sem alist hefur upp við eina og aðeins eina stefnu. Eina stefnu sem einkennist af stöðugu bænaþrugli upp úr guðspjalli græðginnar, sem þar með fæðir af sér innihaldsleysi á borð við sýningu þá sem okkur var boðið upp á í Þjóðleikhúsinu á alþjóðlegum baráttudegi verkamanna.

Elisabet Brekkan



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ  
Miðasala í síma 551 1200  
og á www.leikhusid.is

# Þjóðleikhúsið um hel(l)gina

**Ástin er diskó, lífið er pönk**  
e. Hallgrím Helgason  
sýn. mið. 7/5 uppselt, fim. 8/5 örfá sæti laus, lau. 10/5 uppselt

**Sá ljóti** e. Marius von Mayenburg  
sýn. lau. 9/5 örfá sæti laus

**Engisprettur** e. Biljana Srbljanovic  
síðasta sýning lau. 9/5 örfá sæti laus

**Skoppa og Skrítrla**  
e. Hrefnu Hallgrímsdóttur  
Þrjár sýningar á annan í hvítasunnu, uppselt

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



**Redacted**

Kvikmynd eftir Brian De Palma  
leikstjóra Untouchables og Scarface

RITSTÝRÐ FRUMSÝND 7. MAÍ Í REGNBOGANUM



Bill O'Reilly, Fox News Channel

„Ekki sýna þessa kvikmynd, því annars verð ég þín versta martröð!“  
- Bill O'Reilly

★★★★★  
„Myndin framkallar óhemju sterk viðbrögð, þar á meðal hneykslun og réttláta reiði!“  
- Robert Ebert, Chicago Sun-Times

„Reiði og kraftur De Palma fer eins og 1000 volta rafstraumur í gegnum „Redacted!“  
- Stephanie Zacharek, Salon

„ESIFENGIN KVIKMYND. Færni De Palma í kvikmyndagerð hefur sjaldan verið jafn flugbeitt!“  
- Ray Bennett, Hollywood Reporter

„Hreint ótrúlega þróttmikið verk og sterkasta yfirlýsing De Palma á hvíta tjaldinu síðan „Casualties of War“ leit dagsins ljós!“  
- Richard Corliss, Time.

KLIPPIÐ HÉR:

**1** Ekkert hlé

**2** Minna af auglýsingum

**3** Engin truflun

**FRÉTTABLAÐIÐ** 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvisun þessarar úrklippu.

www.graenaljosisid.is - Skráning í Bióklúbb Græna ljóssins margborgar sig

**græna ljósið**  
- Ekkert hlé á göðum myndum

# Bjart yfir efnisskránni

Flautuleikararnir og hjónin Guðrún Birgisdóttir og Martial Nardéau koma fram á sannkölluðum vortónleikum ásamt pianóleikaranum Peter Máté í Salnum í kvöld kl. 20. Þau félagarnir skipa saman Trío Romance, sem lék talsvert saman á árunum 1995-2003, en hafa ekki komið saman fram undir því nafni í fimm ár. „Aðrir hlutir hafa haft forgang hjá okkur undanfarið, en þar sem okkur þótti alltaf mjög gaman að leika saman sem trío og úr því að við erum öll Kópavogsbúar þótti okkur tilvalið að koma saman að nýju nú á Kópavogsdögum. Svo er aldrei að vita með framhaldið, við stefnum í það minnsta að því að halda samstarfinu áfram,“ útskýrir Guðrún.



TRÍO ROMANCE Leikur á tónleikum í Salnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Tónleikarnir bera titilinn „Er sumarið kom yfir sæinn...“. Það kemur því vart á óvart að efnisskrá tónleikanna sé vel til þess fallin að koma áhorfendum í sumarskap, enda er hún leikandi létt. „Það er sannarlega bjart yfir þessum tónleikum. Við leikum valsa og ýmis konar danstónlist og einnig nokkur bravúr-stykki. Að auki leikum við líka afar skemmtilega og dálítið barokklega djass-svítu eftir Claude Bolling úr kvikmyndinni California Suite. Við förum því dálítið ótroðnar slóðir á þessum tónleikum, en þeir verða sumarlegir og skemmti-

legir,“ segir Guðrún. Miða á tónleikana má nálgast í miðasölu Salarins. Miðaverð er 2.000 kr. en öryrkjar, eldri borgarar og námsmenn fá miðann á 1.600 kr.

## &gt; HATAR STÚTINN

Keira Knightley þolir ekki stútin á vörnum sem er eitt helsta aðalsmerki hennar, og annaðhvort þessar eða heillar fólk upp úr skónum. „Það er eins og andlitið mitt sé frosið í eilífum undrunarsvip, og það hjálpar ekki beinlínis til við að koma tilfinningum til skila,“ segir hún. „Þegar ég er stressuð verður hálsinn á mér mjög stífur, og sú stífni yfir vörnum á mér einhvern veginn út, og þaðan kemur stúturinn,“ útskýrir leikkonan.

# fólk

folk@frettabladid.is



## Lettar treysta á sjóræningja

■ Lettar senda síkátá sjóræningja með grínlag sem hljómar ekki ósvipað og framlag Mercedes Club til íslensku undankeppninnar. „Ég vildi gera eitthvað spes og þar sem sjóræningjar eru vinsælir um þessar mundir datt mér þetta í hug,“ segir Roberto Meloni, Ítali búsettur í Ríga, sem fer fyrir hópnum. Lettar keppa í sama riðli og við. Þeir hafa keppt síðan 2000 og unnu árið 2002 í þriðju tilraun. Lettar voru í 16. sæti í síðustu tvö skipti og eru því orðnir óþreyjufullir; treysta nú á sjóræningja til að rétta skipið af.

■ Safnplatan „100 Eurovisionlög á 5 geislaþötum“ kom út í gær. Á plötu 1 og 2

er að finna 39 lög sem hafa unnið í Eurovision-söngvakeppninni, á plötu 3 eru lög sem hafa náð vinsældum hér á landi en hafa ekki unnið keppnina. Á plötu 4 er að finna öll íslensku lögin 21 sem hafa verið send í keppnina og á plötu 5 er að finna lög sem hafa notið vinsælda úr forkeppnum fyrir Eurovision hér á landi. Þá er einnig komin út safnplatan „All the Songs from the Show“ á tveimur diskum, en þar eru öll lögin 43 í keppninni í ár.

ROBERTO MELONI LENGSTIL  
HÆGRI Lettneski sönghópurinn  
The Pirates of the Sea.



EUROVISION

FIMMTÁN DAGAR TIL STEFNU

## Samningur við Japan

Japanska útgáfufyrirtækið Rallye/Klee Label hefur gert samning við hljómsveitina Rökkurró um að gefa út plötuna „Það kólnar í kvöld“ þar á landi. Platan kom út hérlendis í fyrra á vegum 12 Tóna. Japönsk útgáfa af plötunni verður gefin út með aukalögum og nýju umslagi.

Japanska fyrirtækið hefur einnig á sínum snærum Eberg auk þekktara sveita á borð við Klaxons og Au Revoir Simone. Dreifing á plötunni stendur einnig yfir í Evrópu í gegnum þýska fyrirtækið Cargo og verður hún því fáanleg í helstu plötubúðum Vestur-Evrópu innan skamms. Það er meira framundan hjá Rökkurró því sveitin hitar upp



RÖKKURRÓ Hljómsveitin Rökkurró hefur gert útgáfusamning við japanskt fyrirtæki.

fyrir Ólaf Arnalds á tónleikaferð hans um Þýskaland, Holland og Sviss í ágúst.



VÍGALEGRIR LIÐSMENN SILENT RIVERS Plötuna má panta á myspace.com/silentrivers.

## Til heiðurs Mandela



MANDELA OG SOWETO Nelson Mandela samfagnar Soweto-kórnum er hann tók á móti Grammy-verðlaununum fyrr á árinu.

Fjöldi þekktara flytjenda koma fram á stórtónleikum í London í júní í tilefni níræðisafmælis Nelsons Mandela, fyrrum forseta Suður-Afríku. Þátttaka Queen, Leonu Lewis, Annie Lennox, Sugababes, Simple Minds, Razorlight og Soweto-gospelkórnsins hefur þegar verið staðfest og vonir standa til að U2, Eminem, Amy Winehouse og Spice Girls stígi einnig á svið.

Tónleikarnir fara fram í Hyde Park og verður áhorfendafjöldinn 46.664 manns, sem er gamalt fanganúmer Mandela. Allur ágóði tónleikanna rennur til samnefndra góðgerðarsamtaka Mandela sem berjast gegn alnæmi.

## Pungarokk í sjoppu í Hveragerði

Þungarokkssveitin Silent Rivers ætlar að slá í gegn á erlendum vettvangi. Hún byrjar þó bara í heimabænum Hveragerði.

Út er kominn platan Silent Rivers með samnefndum þungarokksskvartett frá Hveragerði. Sveitin var stofnuð um mitt ár 2004 en komst í núverandi form þegar söngvarinn Þorgils Óttar Vilberg Baldursson gekk til liðs við hana fyrir tveimur árum.

„Þetta er týpískt heví-metal,“ segir Árni Þráinsson bassaleikari. „Við hlustum allir mikið á Iron Maiden en pössum okkur að hljóma ekki alveg eins og þeir. Það er þó stundum erfitt, enda eru þeir búnir að gera svo ofboðslega mikið.“

Platan var tekin upp í Hljóðsmiðju Péturs Hjaltested í Hveragerði og þótt þrír meðlimir búi í Reykjavík segir Árni að bandið telji sig vera frá Hveragerði. „Við æfum þar. En það er svo sem ekki mikið annað í gangi hérna í þessum hljómsveita-

bransa fyrir utan kannski einhver sveitaballa-bönd.“

Hljómsveitarmedlimir vinna við ýmislegt, innanborðs er póstmáður, listamaður og garðyrkjunemi. Árni bassaleikari er öryrki eftir að hann lenti í vinnuslysi fyrir þremur árum. „Það er alltaf verið að senda annan gítarleikarann til útlanda eitthvað að vinna, en við förum bráðlega að leggjast í mjög stífar æfingar,“ segir hann. „Ætli við höldum ekki útgáfutónleikana eftir sirka mánuð. Platan er bara fáanleg í einni búð eins og er, í Tífunni, sem er sjoppa í miðbæ Hveragerðis. Svo má panta hana á netinu í gegnum heimasíðuna okkar.“

En hvað á þetta nafn að fyrirstilla? „Þetta er nú bara tilvísun í norðurljósin. Okkur finnst þau minna á þöglar ár þar sem þau liðast um himingeiminn. „Þöglar ár“ hefði samt ekki verið nógu gott nafn á bandið. Við beinum sjónum okkar aðallega til útlanda og útlendingar geta ekki sagt „Þöglar ár“ fyrir fimm ára.“

- gth

## FRÍMERKI • UMSLÖG • SEÐLAR • MYNT

Fyrirtækið Thomas Höiland Auktioner A/S í Kaupmannahöfn er stærsta fyrirtækið á Norðurlöndum með uppboð á frímerkjum og mynt og heldur stór uppboð á hverju ári auk þess að vera stöðugt með uppboð á Netinu.



Leitað er eftir frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum, heilum söfnum og lagerum svo og gömlum seðlum og mynt.

Dagana 9. og 10. maí n.k. munu sérfróðir menn frá fyrirtækinu verða á Íslandi í leit að efni á næstu uppboð.

Boðið er upp á umboðssölu eða staðgreiðsluviðskipti eftir óskum viðskiptavinarins. Þeir verða til viðtals á Hótel Holti föstudaginn 9. maí kl. 16:00-18:00 og laugardaginn 10. maí kl. 10:00-12:00

## THOMAS HÖILAND AUKTIONER A/S

Frímerki • Mynt

Muslingevej 40 • 8250 Egå • Tlf. +45 8612 9350 • +45 4032 4711  
www.thauctions.com • e-mail: tr@thauctions.com



HOT CHIP Danspoppararnir í Hot Chip spila á Hróarskelduhátíðinni í sumar.

## Frímiðar á Hróarskeldu

Tónleikaþyrstir Íslendingar eiga nú kost á að fá tólf ókeypis miða á Hróarskelduhátíðina sem verður haldin í Danmörku 3. til 6. júlí.

Til að eiga möguleika á miðunum þarf að skrá sig inn á www.roskilde-festival.is eða á heimasíðu Popplands hjá Rúv.is og taka þátt í einföldu krossaprófi.

Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni í ár eru Grinderman, Hot Chip, Radiohead, Neil Young, The Chemical Brothers, Slayer, Kings of Leon, Jay-Z og The Cult. Breska söngkonan Adele hefur aftur á móti afboðað komu sína á hátíðina þar sem hún er á leiðinni í upptökuver og hefur líftinn tíma fyrir tónleikahald.

Sundbolur  
st. 12-20  
**2.999kr**



Tankini  
st. 12-20  
**2.999kr**



Sundkjólabolur  
st. 14-24  
**3.999kr**



Bikíní  
st. 12-20  
**1.999kr**



Bikíní m/vír  
st. 36-44  
**2.999kr**



# Sundfatnaður



## á ótrúlegu verði

Sundbolur  
m/púðum  
st. 36-44  
**2.499kr**



Sundbolur  
m/pallíettum  
st. 36-44  
**2.999kr**



Sundbolur  
st. 42-50  
**3.499kr**



Bikíní  
m/púðum  
st. 36-44  
**2.999kr**



Tankini  
st. 36-44  
**3.499kr**



Mikið úrval af  
strandsjólum og kjólum

Bikíní  
st. 36-44  
**2.999kr**



Bikinibrjósta-  
haldari  
Push up  
st. 36-42  
**1.699kr**



Bikinibrjósta-  
haldari  
st. 36-42  
**1.699kr**



Sundbolur  
st. 38-46  
**3.999kr**



Bikinibuxur  
st. 36-42  
**999kr**

Bikiníhipster  
st. 36-42  
**999kr**

Sjal m/pífu  
st. O/S  
**1.299kr**



Gildir á meðan birgðir endast.

# HAGKAUP

Ein ferð betra verð

**Nýtt í bíó** LAUGARÁRSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★ ★ ★ TV - kvikmyndir  
★ ★ ★ ★ ★ SV MBL  
★ ★ ★ ★ ★ SV MBL

LAUGARÁRSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5.50, 8 og 10.10	L
IRON MAN	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 og 10.15	12
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 6	7

SAMBIO.is SAMBÍÓIN  
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

LAUGARÁRSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ALFABAKKA	SELFOSS
IRON MAN DIGITAL kl. 5:30D - 8D - 10:40D	IRON MAN kl. 8 - 10:30
IRON MAN kl. 5:30 - 8 - 10:40	FORGETTING SARAH... kl. 8
MAID OF HONOR kl. 5:40 - 8 - 10:20	21 kl. 10:30
DRILLBIT TAYLOR kl. 5:40	AKUREYRI
IN THE VALLEY OF ELAH kl. 8 - 10:40	IRON MAN kl. 8 - 10:30
FORGETTING SARAH... kl. 8 - 10:20	OVER HER DEAD BODY kl. 8
SHINE A LIGHT kl. 8 - 10:40	THE RUINS kl. 10
FOOL'S GOLD kl. 5:40	KEFLAVÍK
UNDRAHUNDURINN kl. 5:40	IRON MAN kl. 8 - 10:30
KRINGLUNNI	SUPERHERO MOVIE kl. 8
IRON MAN DIGITAL kl. 6D - 9D - 10D	P2 kl. 10
OVER HER DEAD BODY kl. 5:50 - 8	
P2 kl. 10:10	
STÓRA PLANIÐ DIGITAL kl. 6D - 8D	

**NÝTT Í BÍÓ!**

Baráttu kynjanna er hafin. Búðu þig undir... stríð!  
Cameron Diaz og Ashton Kutcher í frábæri gamanmynd!

★ ★ ★ ★ ★  
"Þrælkenndleg mynd um baráttu kynjanna. Hömörinn miltis í sjálfan mark." TV - kvikmyndir

★ ★ ★ ★ ★  
"HUGLUF OG SKEMMTILEG" VJ.V - TOPPS.IS/FBL

FRÁ LEIKSTJÓRA "SCARFACE" OG "THE UNTOUCHABLES"  
Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í stríði

★ ★ ★ ★ ★  
"Ekki missa af myndinni sem Fox News vildi hanna!"

★ ★ ★ ★ ★  
24 STUNDIR

FRÁ ÞEIM SEM FÆRÐU YKKUR SCARY MOVIE OG NAKED GUN

SMÁRRÁBÍÓ Sími 564 0000 5%

WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	REDACTED	kl. 6 - 8 - 10
WHAT HAPPENS IN VEGAS LUXUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	MADE OF HONOUR	kl. 6 - 8.20 - 10.35
IRON MAN	kl. 5.20 - 8 - 10.40	THE RUINS	kl. 8 - 10
MADE OF HONOUR	kl. 5.45 - 8 - 10.15	TROPA DE ELITE	kl. 5.30 - 8 - 10.20 ENSKURT
STREET KINGS	kl. 8 - 10.30	BRÜGGUMINN	kl. 6 ENSKURT TEXTI
SUPERHERO MOVIE	kl. 6		

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919 5%

WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 6 - 8.20 - 10.30	WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 6 - 8 - 10
MADE OF HONOUR	kl. 5.45 - 8 - 10.15	MADE OF HONOUR	kl. 8 - 10
STREET KINGS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	FORGETTING SARA MARSHALL	kl. 6
21	kl. 8 - 10.30		
BRÜGGUMINN	kl. 6 ISLENSKUR TEXTI		

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN A midi.is

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI

## USB-lyklar á tónleikum

Útgáfufyrirtækið Grandmothers Records efnir til USB-tónleika á Organ á föstudagskvöld í tilefni þess að allar plötur þess eru nú fáanlegar í fullum stafrænum gæðum á síðunni Grapewire.net. Plöturnar eru fimm með hljómsveitunum Sofandi, Graveslime og Skátum.

Hægt verður að kaupa allar plöturnar í stafrænu formi á staðnum og hlaða þeim m.a. niður á USB-lykil og iPod. Allir sem mæta á tónleikana geta einnig fengið fimm lög frá Grandmothers Records ókeypis beint inn á USB-lykil á staðnum, eða fengið lykilorð til að hlaða þeim niður seinna. Á meðal þeirra sem koma fram á tónleikumunum verða Kira Kira, Skátar, Klive og Clap for Alaska. Partið hefst klukkan 21.00.

SKÁTAR Hljómsveitin Skátar spilar á tónleikum Grandmothers Records á föstudagskvöld.



## Prengist um launaleyndina

Óskar Hrafn Þorvaldsson á Vísi segir upplýsingar um laun Sigrúnar Stefánsdóttur og Þórhalls Gunnarssonar munu liggja fyrir. Spurningin sé bara hvenær. Vísir vann áfangasigur í vikunni í því stríði að fá fram upplýsingar um kjör dagskrárstjórnanna.

„Ég fagna þessari niðurstöðu og bið nú spennur að sjá til hvaða bragða þeir grípa næst,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, ritstjóri Vísis.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál vísaði frá beiðni þeirra Sigrúnar Stefánsdóttur og Þórhalls Gunnarssonar dagskrárstjóra hjá RÚV ohf. um að nefndin taki á ný fyrir synjun Ríkisútvarpsins um birtingu ráðningasamninga þeirra. Þetta er að verða löng saga því það var í september sem Óskar fór fram á upplýsingar um launin en Páll Magnússon útvarpsstjóri hefur harðneitað að upplýsa um kjörin.

Þórhallur segist aðspurður ekki hafa neitt að setja sig inn í þessa niðurstöðu úrskurðarnefndar og vísaði á lögmann sinn Hróbjart Jónatansson.

„Jú, eins og málið horfir við núna virðist sem Útvarpinu sé skylt að veita þennan aðgang. Ég vil hugsa okkar næsta leik og skoða þetta ofan í kjölinn,“ segir Hróbjartur sem staddur er í Madrid í námsleyfi. Hann segir einu leiðina til að hindra að upplýsingarnar verði gerðar opinberar vera lögbann og nú sé verið að skoða hvort það sé framkvæmanlegt. „Þessi niðurstaða er óásættanleg af ýmsum ástæðum sem of langt mál væri að fara út í hér.“ Í þessum nýjasta úrskurði er sagt að Þórhallur og Sigrún séu ekki aðilar málsins en það þykir Hróbjartur skjóta skökku við. „Sérstaklega þegar fyrir liggur dómur Hæstaréttar að einstaklingar eigi rétt á að bera slíka úrskurði undir dómstóla en teljast samt ekki aðilar. Aðildarhugtak í stjórnslu-rétti er viðtækt. Og þessi niðurstaða kemur á óvart,“ segir Hróbjartur.

Sigrún Stefánsdóttir segist líta



ÓSKAR HRAFN Óskiljanlegt hvers vegna þau vilja eyða tíma í að þrjóska við að veita upplýsingarnar.



LÖGBANN NÆSTI LEIKUR? Hróbjartur Jónatansson segir það nú verða skoðað hvort lögbann sé framkvæmanlegt.

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Vísar á lögmann sinn sem segir niðurstöðu úrskurðarnefndar óásættanlega.

svo á að laun sín séu einkamál, en hún hefur ekki hugmynd um hvernig þetta mál velkist og fer úr því sem komið er. „En ég get róað þig með því að um leið og álagningaseðlar verða lagðir fram geta allir komist að því hvað við erum með í laun, þannig að það er ekki langt í það. Og þá verður þetta ekkert leyndarmál lengur.“ Óskar, sem er öllu kátari en þau Þórhallur, Sigrún og Hróbjartur, bendir hins vegar á að álagningaseðlar veiti ekki upplýsingar um launakjör nema að takmörkuðu leyti. Hann telur sig hafa unnið

þessa orrustu og stríðið með. Hann skilur ekki hvers vegna RÚV-arar þumbist við að veita þessar upplýsingar.

„Þetta mun koma fram. Spurningin er bara hvenær. Og óskiljanlegt hvers vegna þau vilja eyða tíma okkar og sínum í að þrjóska við með undanbrögðum. Ég er orðinn leiður á þessu máli en dettur þeim í hug í eina mínútu að ég hætti bara?“ spyr Óskar. „Ef við fáum ekki aðgang að þessum upplýsingum fyrir klukkan tíu í fyrramálið [í dag] verður lögð fram aðfararbeiðni.“ jakob@frettabladid.is

## Dísa ljósálfur á toppnum

Drjár mest seldu bækurnar á Íslandi í dag eru ævintýrin um heiðursfólkið Dísa ljósálf, Alfinn álfakóng og dverginn Rauðgranda. Bækurnar, sem eru eftir Hollendinginum Gerrit T. Rotman, komu fyrst út á Íslandi í kringum 1930 og urðu strax vinsælar. Nú eru bækurnar nýkomnar út í sjöundu útgáfu og rjúka úr búðunum.

„Hluti af þessari miklu sölu núna er að bækurnar kosta innan við fimm hundruð kall stykkið. Fólk kippir þeim umhugsunarlaust með sér,“ segir Sigbrúður Gunnarsdóttir hjá Máli og Menningu, sem gefur bækurnar út. „Bækurnar hafa svo sem alltaf selst vel, enda eiga þær vísan

stað í hugum Íslendinga og hafa verið lesnar fyrir margar kynslóðir.“

Sigbrúður segist hafa „gúglad“ bækurnar en gat hvergi séð að þær væru í útgáfu annars staðar en hér. „Það er eins og við höfum ættleitt þessar bækur og að þær hafi fengið ríkisborgararétt hér. Þær eru ekki einu sinni fáanlegar í Hollandi, landi höfundarins.“

Gerrit T. Rotman lést árið 1943, slyppur og snauður og líklega án þess að vita neitt um vinsældir sínar á Íslandi. Ættingjar hans njóta ekki heldur íslensku vinsældanna því bækurnar eru komnar úr höfundarrétti.

- glh



SÍVINSÆLL LJÓSÁLFUR Dísa er á toppi vinsældalistans.



# Sumarkjólar í Sydney

Margt var að sjá fyrir kjólakonur á tískuvíkunni í Ástralíu sem lauk á föstudag. Hönnuðir sýndu þar línur sínar fyrir vor og sumar 2008 og 2009, sem gengur í garð þar á bæ á svipuðum tíma og við drögum fram vetrarfötin. Fyrirsæturnar geystust niður pallana, svo auðvelt var að ímynda sér að sumarvindar léku um leggi og kjóla þeirra.



**VINEET BAHL**  
NORDICPHOTOS/GETTY

**DÖMULEGIR OG DJARFIR**

Kjólarnir sem voru til sýnis á sýningarþöllunum í Sydney í vikunni voru af öllum gerðum. Þar mátti sjá stutt og umfangsmikið pífupils fyrir þær sem þora, í bland við dömulegri útgáfu, eins og þá hjá inksoffjohn. Bleiki kjóllinn hjá Eileen Kirby er heldur ekki leiðinlegur, enda eins og gerður fyrir partí í sumarsól.



**TINA KALIVAS**

**MAD CORTES**

**EILEEN KIRBY**

## Úti á túni

**1.290,-**

TÄRNÖ fellistóll,  
akasía/stál



© Inter IKEA Systems B.V. 2008

[www.IKEA.is/sumar](http://www.IKEA.is/sumar)



**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"

# LÚXUS

## Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bíland B&L** og kynntu þér kostina



### BMW 330XD Diesel 4x4

Nýskr: 04/2007, 3000cc, 4 dyra, beinskiptur, svartur, ekinn 11.000.

**Verð 6.290.000**



### BMW X3 2.5i

Nýskr: 08/2004, 2500cc, 4x4, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 56.000.

**Verð 3.990.000**



### BMW X5 4.6is

Nýskr: 08/2003, 4600cc, 350 hestöfl 4x4, 4 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 80.000.

**Verð 5.350.000**



### LR RANGE ROVER SPORT Diesel

Nýskr: 07/2006, 2700cc, diesel 4x4, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 16.000.

**Verð 9.200.000**

ALLIR INNFLUTTIR  
OG ÞJÓNUSTAÐIR  
AF UMBØÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.  
Bíland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - [luxusbilar@bilaland.is](mailto:luxusbilar@bilaland.is).



**bilaland.is**  
**575 1230**



## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR KR 4. SÆTINU Í LANDSBANKAÐEILD KARLA 2008

## &gt; LYKILMAÐURINN

**Gunnlaugur Jónsson** er fyrirliði og leiðtogi liðsins. Gunnlaugur fær það verðuga verkefni að binda saman unga vörn KR-liðsins en ef það er eitt sem Gunnlaug vantar ekki þá er það reynslan. Hefur verið einn besti varnarmaður deildarinnar til margra ára og KR-ingar þurfa á því að halda að hann verði upp á sitt besta og berji mönnum baráttuanda í brjóst.



## Yngra og ferskara lið hjá KR

KR teflir fram töluvert breyttu liði frá síðasta sumri. Reynslumiklir menn á borð við Rúnar Kristinsson, Ágúst Gylfason, Bjarnólf Lárusson og Sigbór Júlíusson hafa annað hvort hætt knattspyrnuíðkun eða farið annað. Jóhann Þórhallsson og Sigmundur Kristjánsson hafa svo róid á önnur mið.

Í staðinn hefur KR fengið fimm mjög sterka leikmenn, þá Viktor Bjarka Arnarson, Jónas Guðna Sævarsson, Grétar Sigfinn Sigurðsson, Guðjón Baldvinsson og Gunnar Örn Jónsson. Þessir leikmenn eru þess utan talsvert yngri en flestir þeir sem hurfu á braut. KR teflir því fram talsvert yngra og ferskara liði í sumar.

Logi Ólafsson stýrir KR nú frá upphafi

móts en hann tók við KR-liðinu á seinni stigum síðasta tímabils af Teiti Þórðarsyni. Logi hefur verið ákaflega varkár í yfirlýsingum fyrir mótið, sagt KR vera að byggja upp sterkt lið á næstu þremur árum.

Það hefur loðað við KR síðustu ár að þolinmæði stjórnarmanna í garð þjálfara er ákaflega lítil og verður áhugavert að sjá hvort það sé rétt hjá Loga að menn ætli að sýna þolinmæði í Vesturbænum. Þrátt fyrir breytingarnar er ljóst að KR er með einn allra sterkasta hópinn í deildinni, mannskap sem öllu jafna ætti að berjast um meistaratitil.

Það hefur verið óvenju hljóðlát í kringum KR í vetur og hvort það muni hjálpa liðinu kemur í ljós í lok sumars.



## &gt; X-FAKTORINN

**Guðjón Baldvinsson** er nýliði í liði KR en hann er einn efnilegasti framherji landsins. Guðjón kemur frá Stjórnunni þar sem hann skoraði 12 mörk í fyrra. Þrátt fyrir ótvíræða hæfileika er óljóst hvernig Guðjón plumar sig í deild þeirra bestu en finni hann fjölna er KR í góðum málum.



## AÐRIR LYKILMENN



STEFÁN LOGI MAGNÚSSON




JÓNAS GUÐNA SÆVARSSON



VIKTOR BJARKI ARNARSSON

## GENGI Á VORMÓTUNUM

■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töp



GENGI SÍÐUSTU ÁRA

2007 8. sæti

2006 2. sæti

2005 6. sæti

2004 6. sæti

2003 1. sæti

2002 1. sæti



**EFTIRMAÐUR ERIKSSON?** Scolari er sterklega orðaður við stjórnstöðuna hjá City.

Stjórastaðan hjá City:

## Tekur Scolari við af Eriksson?

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum BBC Sports mun portúgalski landsliðsþjálfarinn Felipe Scolari vera efstur á óskalista Thaksins Shinawatra, eiganda Manchester City, sem hugsanlegur eftirmaður Sven-Goran Eriksson í starfi knattspyrnustjóra hjá félaginu. Scolari vildi sjálfur sem minnst tjá sig um sögusagnirnar

Fregnir þess efnis að Eriksson yrði látinn taka pokann sinn eftir yfirstandandi keppnistímabil komu eins og þruma úr heiðskíru lofti og hafa valdið reiði og hneykslan aðdáenda City sem og annarra. Peter Reid, fyrrum knattspyrnustjóri City, vandar Shinawatra ekki kveðjurnar í nýlegu viðtali við útvarpsstöðina BBC 5 Live. „Öll góð og sigursæl félög eru byggð upp á stöðugleika og hann hefur einmitt vantað hjá City á undanförnum árum, þannig að Herra Shinawatra verður að vakna til lífsins og átta sig á þessu,“ sagði Reid pirraður. - óþ

## Guðlaugur fer til FCK

Handknattleikskappinn Guðlaugur Arnarsson mun um helgina skrifa undir samning við danska stórliðið FCK frá Kaupmannahöfn, en hann lék með sænska liðinu Malmö í vetur. Guðlaugur segir þetta vera frábært tækifæri.

**HANDBOLTI** Varnartrólið Guðlaugur Arnarsson, sem oft er kallaður Húsavíkurfjallí, mun á sunnudag skrifa undir samning við danska félagið FCK sem Arnór Atlason leikur með.

FCK kaupir Guðlaug frá sænska liðinu Malmö sem Guðlaugur lék með í vetur, en liðið féll úr sænsku úrvalsdeildinni í lok leiktíðar. Guðlaugur skrifar undir eins árs samning við danska liðið með möguleika á eins árs framlengingu. Undirskrift fer fram næsta sunnudag þegar FCK mætir þýska liðinu Nordhorn í seinni leik liðanna í úrslitum EHF-keppinnar.

„Þetta er algjörlega frábært tækifæri fyrir mig. Ég er að semja við eitt besta lið Evrópu sem er að berjast um danska meistaratitilinn og er einnig í úrslitum í Evrópukeppni. Það er frábær lausn fyrir mig að komast úr liði sem féll í Svíþjóð og til félags sem er þetta sterkt,“ sagði Guðlaugur kátur en hann stóð sig gríðarlega vel með Malmö þó svo liðið hafi fallið.

Hann er nú ekki beint þekktur sóknarmaður en lék lengst af vetrar á línunni hjá Malmö og endaði sem fjórði markahæsti maður liðsins. Hann var þess utan með bestu skotnýtunguna í liðinu.

„Þetta er í raun algjör draumur og ekki verra að það sé órutt að flytja fyrir okkur fjölskylduna. Maður vill spila með sem bestum liðum og ég stefni á að nýta þetta tækifæri sem allra best,“ sagði Guðlaugur sem mun aftur fara í það að spila eingöngu sem varnar-



**FER TIL KAUPMANNAHAFNAR** Varnaraxlinn Guðlaugur Arnarsson flyst búferlum til Kaupmannahafnar í sumar þar sem hann mun leika með danska stórliðinu FCK næsta vetur.

maður. Hann vonast þó eftir því að fá einhver tækifæri í sókninni, enda tók hann miklum framförum sem línumaður undir stjórn fyrrum línumanns sænska landsliðsins, Per Carlén, sem þjálfaði Malmö.

Hjá FCK hittir Guðlaugur ekki

bara fyrir landsliðsmanninn Arnór Atlason, heldur er þjálfari liðsins hinn sænski Magnus Andersson sem var fyrsti þjálfarinn sem HSÍ talaði við þegar leitinn langa að arftaka Alfreðs Gíslasonar fór af stað eftir EM í janúar.

henry@frettabladid.is

**Álímingsvélur og allar gerðir iðnaðarprentara.**  
Álímingsvélur, límmiðaprentarar, bleksprautuprentarar, filmprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.  
**Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir**



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Kvennalandslíðið í fótbolta:

## Annar leikur við Finna í dag

**FÓTBOLTI** Kvennalandslíðið mætir Finnum í vináttuleik ytra klukkan 15.30 í dag, en liðin gerðu 1-1 jafntefli á sunnudagskvöld eftir að Finnar höfðu jafnað leikinn í uppbótartíma.

Leikurinn í dag er sá síðasti fyrir fyrsta leik ársins í undankeppni EM 2009, en hann verður í Serbíu 28. maí næstkomandi. - óþ

Kenneth Webb segist alveg vera til í að þjálfanna tímbil í Borgarnesi:

## Skallagrímur er fyrsti kostur

**KÖRFUBOLTI** Það hefur mikið gengið á í herbúðum Skallagrímsmanna síðan tímbilinu lauk, en þeir eiga þó enn von um að halda þjálfara sínum, Kenneth Webb. Skallagrímsmenn hafa horft á eftir lykilmönnum á borð við Darrell Flake, Axel Kárason og Pétur Már Sigurðsson, en Webb heldur þó öllu opnu.

„Ég hef heyrt utan að mér að ég sé að fara að þjálfanna hin og þessi lið, en ég er bara að tala við Skallagrím,“ sagði Webb í léttum tón þegar Fréttablaðið heyrði í honum. Webb segir enn eitthvað í það að hans hlutir skýrist fyrir komandi tímbil og að hann sé að skoða leikmannamálin í Borgarnesi.

„Það er svo sem ekkert að fréttá af mér. Við erum að skoða

okkar mál og þó að mér hafi alltaf langað að taka annað ár í Borgarnesi þá eru ýmsir möguleikar í stöðunni. Ég er með saming út júní og ætla bara að klára hann. Skallagrímur er fyrsti kostur í stöðunni, en svo verður við bara að sjá til hvernig málin þróast,“ segir Webb sem segist líka vera að kanna möguleika að þjálfala lið erlendis.

Webb náði mjög góðum árangri með Skallagrímsliðið í vetur þrátt fyrir mikil áföll og ítrekuð meiðsli lykilmanna liðsins. Liðið gaf þó nokkuð eftir á endasprennum en komst þó í oddaleik gegn Grindavík í átta liða úrslitum úrslitakeppinnar.



**FLOTTUR** Skallagrímsmenn gera örugglega allt til þess að halda Ken Webb. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

- óþ



## Hádegisfyrirlestur ÍSÍ

Íþróttamiðstöðin í Laugardal, E-salur föstudaginn 9. maí nk. frá kl. 12.00-13.00. Þorbjörg Sveinsdóttir hjá Barnahúsi fjallar um ofbeldi gegn börnum, kynferðislegt, andlegt eða líkamlegt. Fyrirlesturinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir. Sjá nánar á [www.isi.is](http://www.isi.is)

Sextán ára landslið karla í körfubolta rétt missti af Norðurlandameistaratinum en átti besta leikmanninn:

# Haukur er mikill leiðtogi inn á vellinum

**KÖRFUBOLTI** Íslendingar áttu besta leikmann 16 ára landsliða karla á Norðurlandamótinu sem lauk um síðustu helgi og á því var enginn vafi. Haukur Helgi Pálsson átti hvern stórleikinn á fætur öðrum í sókn og vörn og hjálpaði smávöxnu íslensku liði að komast alla leið í úrslitaleikinn.

„Hann sýndi mikla leiðtoga-hæfileika og sýndi hversu flottur alhliða leikmaður hann er. Hann var í vægast sagt veigamiklu hlutverki og stóð rúmlega undir því,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins.

Haukur náði því að skora 30 stig eða meira í þremur af fimm

leikjum sínum á mótunum, þar af í báðum leikjunum á móti Norðurlandameisturum Svía, þar sem hann var með 32 stig, 14,5 fráköst og 4,5 stoðsendingar að meðaltali í tveimur leikjum þar sem hann nýtti 65,7 prósent skota sinna.

„Hann er með virkilega flottan líkama í körfuboltanum. Ég sé hann fyrir mig sem alveg úrvals lítinn framherja með aukinni snerpu og auknum styrk,“ segir Einar Árni.

Haukur rétt missti af því að verða Norðurlandameistari annað árið í röð en hann var með 7,6 stig og 5,2 fráköst að meðaltali á mótinu í fyrravor.

„Hann er foringi þó að það sé

ekki hávaði í Hauki eða að það fari ekki mikið fyrir honum. Hann er mikill leiðtogi inn á vellinum og stóð sig virkilega vel sem slíkur á betri alhliða leikmönnum sem hafa komið upp úr yngri flokka starfinu á Íslandi á síðustu árum,“ segir Einar Árni og það voru líka margir hrifnir af Hauki á mótinu.

Einar Árni var ánægður með árangur liðsins. „Við erum í þeirri stöðu að við eigum engan miðherja og Haukur, sem er meira eins og lítill framherji, er að spila sem miðherji. Við vorum að að fara langt á gríðarlegum dagnaði og baráttu. Menn voru að leggja

virkilega mikið á sig og voru að nýta sér sína styrkleika, við vorum að spila hratt og pressa,“ segir Einar sem vissi ekki alveg hvað hann var með í höndunum.

„Ég gerði mér ekki grein fyrir því hverju maður átti að reikna með. Það var engin reynsla í þessu liði fyrir utan Hauk. Við vorum bæði litlir og léttir og höfðum hvorki hæð né einhverja alvöru þyngd í okkar liði. Auðvitað er alltaf svekkjandi að tapa þegar þú átt bara eitt skref eftir í gullið en ég held að við getum virkilega vel við unað og sagt sem svo að við höfum náð lengra en margur hafði haldið,“ sagði Einar að lokum. - 66j



VALINN SÁ BESTI Haukur Helgi Pálsson stóð sig frábærlega á Norðurlandamótiinu í Solna. FRÉTTABLAÐIÐ/SNORRI ÖRN



SIGURVEGARI Capello lætur háleit markmið enska knattspyrnusambandsins ekki á sig fá. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Enska knattspyrnusambandið: Krefur landsliðið um árangur

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið, FA, gaf í gær út tilkynningu um framtíðarmarkmið sín fyrir enska landsliðið á HM 2010 og EM 2012 og þar kemur fram að krafan sé að ná í undanúrslit í það minnsta í öðru þessara stórmóta. Tilkynningin þykir nokkuð brott í ljósi þess að enska landsliðinu mistókst eins og kunnugt er að vinna sér þátttökurétt í loka-keppni EM og liðið hefur ekki náð í undanúrslit á stórmóti síðan á EM 1996, en landsliðsþjálfarinn Fabio Capello kvaðst ánægður með sett markmið sambandsins.

„Ég finn ekki fyrir neinni pressu út af þessum markmiðum og raunar er mikilvægt að setja sér markmið til þess að ná árangri. Fortíðin er í fortíðinni og ég er ekkert að spá í hvaða árangri liðið hefur náð áður heldur hvaða árangri liðið getur náð í framtíðinni. Ég kom til Englands til þess að ná árangri og tel að ég sé með nógu góða leikmenn og gott lið í höndunum til að það takist á næstu árum,“ sagði Capello í viðtali við Sky Sports. - 6p

## Eftirsjá hjá Jose Mourinho: Fékk tilboð frá stórliði í Evrópu

**FÓTBOLTI** Portúgalski knattspyrnu-stjórinn Jose Mourinho viðurkennir í nýlegu viðtali við breska dagblaðið Daily Telegraph að hann sjái eftir því að hafa ekki yfirgefið Chelsea í lok síðustu leiktíðar á eigin forsendum í stað þess að vera rekinn snemma á þessari leiktíð.

„Það voru mistök hjá mér að yfirgefa ekki Chelsea í lok síðustu leiktíðar þar sem ég fékk tilboð um að taka við einu af stærstu félögum Evrópu. Ég ákvað hins vegar að vera áfram í Lundúnum vegna virðingar minnar fyrir aðdáendum Chelsea og lofordum mínum í þeirra garð um að ég myndi ekki yfirgefa Chelsea á eigin forsendum. Eftir að hafa verið rekinn í september áttaði ég fullkomlega á því að ég hafði gert mistök,“ sagði Mourinho sem kvaðst þó ekki bera neinn kala í garð Romans Abramovich, eiganda Chelsea. - 6p



STÖRF BREYTAST VONIR BREYTAST SAMBÖND BREYTAST VÖLD BREYTAST

# GREY'S ANATOMY

NÝR ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 21:10

LÍFIÐ BREYTIST FJÖLSKYLDAN BREYTIST ÁSTIN BREYTIST



ALLT ER BREYTINGUM HÁÐ

FRÁBÆRT  
GREY'S ANATOMY  
ÁSKRIFTARTILBOÐ  
5.390 KR.\*  
EXTRA BIÓ

\*Á mánuði miðað við þriggja mánaða bindingu.



## &gt; Patricia Arquette

Leikkonan Patricia Arquette fer sem fyrr með hlutverk Allisons Dubois í þáttunum Medium sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Arquette fékk Emmy-verðlaun árið 2005 fyrir leik sinn í þáttunum og var einnig tilnefnd til Golden Globe verðlauna árin 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína.

# dagsk



## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SITUR VIÐ TÖLVUNA SÍNA

## Heimurinn alltaf að minnka og stækkar um leið

Það er þægilegt að geta rambað um vefinn og hlustað á útvarpsstöðvar, pikkað upp tónlist héðan og þaðan, jafnvel séð heilu atriðin úr ýmsum óperusviðsetningum sem maður á annars engan kost á að komast á, jafnvel þótt hljómurinn sé rýr. Þannig hafa einhverjir huldumenn hlaðið talsverðu af stórrí Evrópu-sviðsetningu á Candide eftir Bernstein á Youtube. Hún er reyndar á fjölunum í London í júní undir stjórn Gamba sinfónustjórna. Þarna er margt skemmtilegt að sjá.

Í vikunni missti ég af fimmtudagsflutningi á fyrsta þætti af fjórum um söngleiki þeirra Múla-bræðra, Jóns og Jónasar. Framundan eru þrjár þættir um Allra meina bót, Rjúkandi ráð og Járnhausinn. Jónas og Jón Múli sömdu á rúmlega tíu ára bili söngleiki. Af þeim lifir fátt nema músíkin við texta þeirra bræðra og myndar lungann af því skásta sem hér var samið fyrir tilkomu bítlisins. Næsti þáttur er á fimmtudagskvöld. Viðar Eggertsson er að



rífa útvarpsleikhúsið upp. Hann er að flytja Kamban á sunnudögum og er Marmari þar í eftirminnilegri túlkun Þorsteins Ö. Stephensen.

Á erlendum útvarpsrásum er glás af góðu efni þótt einhverra hluta vegna rambi maður oftast inn á BBC WORLD, líklega vegna endurvarps á Fjölvarpsrás svo það er inni á FM-inu, svo það má hlusta á heiminn í bílnum. Útvarp er sárlega vanmetinn miðill sem við umgöngumst af virðingarleysi.

Mynstrið hefur breyst á þann hátt að útvarp er einstaklingsneyslutæki. Raunar er reynslan að verða sú að hinir stóru fréttatímar umhverfis kvöldmat eru til mestu vandræða, rjúfa þá kyrrð sem þyrfti að vera á matmálstímum. Vefurinn og hlaðvarp mun líklega verða til þess í framtíðinni að dreifa hlustun og áhorfi enn frekar. Það er þegar allt kemur til alls ekki ástæða til að láta þessi tæki stjórna sér.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Private Practice**  
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20 Tískuráð Tíms Gunn**  
STÖÐ 2



▶ **21.50 Lipstick Jungle**  
SKJÁREINN



▶ **22.00 Point Blank** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.30 Rock School**  
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

- 15.45 Alla leið (1:3)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Kappflugið í himingimnum
- 17.55 Alda og Bára
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Alvöru dreki
- 18.23 Sígildar teiknimyndir
- 18.30 Nýi skólinn keisarans
- 18.54 Vínkalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós

▶ **20.10 Fæðingarheimilið** (4:9) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð. Addison Montgomery lækni í Grey's Anatomy-þáttunum heimsækir gömlu skólasystkini sínu til Kaliforníu. Einkalíf þeirra er í molun en þeim gengur betur í starfi og Addison bræðir það með sér að flytjast frá Seattle til Santa Monica og fara að vinna með þeim.

**20.55 Hróturinn Hreinn** (18:40)  
**21.10 Tvö á tali** (1:4) (Talk to Me)  
**22.00 Tíufréttir**  
**22.25 Forsætisráðherrarnorðurlandanna ræða málin** Forsætisráðherrarnorðurlandanna áttu tveggja daga fund í Svíþjóð fyrir skömmu. Í tengslum við fundinn fékk sænski fréttamaðurinn Erik Fichtelius forsætisráðherrana til hringborðsumræðna um heimsmálin og norræna samvinnu.

- 23.25 Teiknarinn Þrít Þärm**
- 00.20 Kastljós
- 00.50 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 06.00 Hackers
- 08.00 To Walk with Lions
- 10.00 Beauty Shop
- 12.00 Moonlight And Valentino
- 14.00 Hackers
- 16.00 To Walk with Lions
- 18.00 Beauty Shop
- 20.00 Moonlight And Valentino
- ▶ **22.00 Point Blank** Hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna eru sloppnir út og eins gott að verða ekki á vegi þeirra. Aðalhlutverk: Mickey Rourke og Kevin Gage.
- 00.00 The Rock
- 02.15 Bodywork
- 04.00 Point Blank

## STÖÐ 2

- 07.00 Tommi og Jenni
- 07.25 Hvolpurinn Scooby-Doo
- 07.45 Camp Lazlo
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella
- 10.15 Homefront
- 11.15 Standoff (12:18)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours (Nágannar)
- 13.10 Sisters (13:24) (Systurnar)
- 14.00 Wife Swap (7:10)
- 14.45 Grey's Anatomy (16:36)
- 15.30 Friends (Vínir)
- 15.55 Skrímslaspillið (Yú Gi Oh)
- 16.18 Beyblade
- 16.43 Könnuðurinn Dóra
- 17.08 Tracey McBean
- 17.18 Ruff's Patch
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours (Nágannar)
- 18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag og íþróttir
- 19.30 The Simpsons (1:22)
- 19.55 Friends (20:24) (Vínir)

▶ **20.20 Tískuráð Tíms Gunn** (5:8) Eins og nafnið gefur til kynna þá leggur Tim Gunn línurmar í stíl, hönnun og tísku í þessum nýja þætti sínum. Skemmt er frá að segja að þegar hann var frumsýndur fyrir skömmu vestanháfs sló hann í gegn og er nú orðinn umtalaðasti og vinsælasti tískuþátturinn. Nú er loksins komið að því að Tim Gunn sýni okkur Íslendingum hvað virkar og hvað virkar ekki.

- 21.10 Grey's Anatomy (11:16)
- 21.55 Medium (7:16)
- 22.40 Oprah
- 23.25 Grey's Anatomy (17:36)
- 00.10 Rome (11:12)
- 01.00 Rome (12:12)
- 01.50 Carried Away
- 03.35 Medium (7:16)
- 04.20 Grey's Anatomy (11:16)
- 05.05 The Simpsons (1:22)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## SPORT

besta sætið

- 16.40 Gillette World Sport
- 17.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar (Wachovia Championship) Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótariðinni í golfi.
- 18.05 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
- 18.50 Spænski boltinn Bein útsending frá risaslag Real Madrid og Barcelona í spænska boltanum.
- 20.50 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik Chelsea og Liverpool.
- 22.30 Bardaginn mikli (Mike Tyson - Lennox Lewis) Mike Tyson er einn af bestu boxurum allra tíma. Hann er yngsti þungavigtarmeistari sögunnar en hefur verið sjálfum sér verstur eins og dapurlegt einkalíf hans vitnar um. Í þessum magnaða þætti eru sýndar gamlar myndir með Tyson en snemma varð ljóst að þar væri afburðaboxari á ferðinni. Í þættinum er sömuleiðis fjallað um bardaga hans við Lennox Lewis en margir álíta að Tyson hafi þá þegar verið útblunninn, bæði líkamlega og andlega.
- 23.25 Spænski boltinn (e)
- 01.05 \$1,500 No Limit Hold 'Em, Las Vegas NV

## SPORT 2

enski boltinn

- 16.45 Enska úrvalseildin Útsending frá leik Blackburn og Derby í ensku úrvalseildinni.
- 18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalseildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 19.00 Coca Cola-mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 19.30 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 20.30 4 4 2
- 21.50 Leikur vikunnar
- 23.35 Enska úrvalseildin Útsending frá leik Man. Utd og West Ham í ensku úrvalseildinni.

## SKJÁREINN

- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 15.25 Vörutorg
- 16.25 Snocross (e)
- 16.55 World Cup of Pool 2007 (e)
- 17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.30 Jay Leno (e)
- 19.20 Kid Nation (e)
- 20.10 Top Chef (2:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Kokkarirnir þurfa að galdra fram sæta rétti með erótísku yfirbragði. Það er framsetningin sem skiptir öllu máli og það reynir á frumleika keppendanna í fyrri þrautinni og síðan þurfa þeir að útbúa áhugaverða eftirrétti í útslátarkeppinni.
- 21.00 America's Next Top Model (11:13) Stúlkurnar finna stríðsleiðið í sjálfum sér þegar þær stífa fyrir sem skyldingabæjar. Sigurvegarinn í þessari þraut fær að fara í verslunarleiðangur í Römarborg. Tyra tekur síðan sjálf myndir af stúlkunum í gömlum rómverskum kastala og einstök fegurð einnar stúlkunnar kemur henni á óvart.
- ▶ **21.50 Lipstick Jungle** (6:7) Glæný þáttaröð sem byggð er á metsölubók frá höfundinum Sex and the City. Aðalsöguhettumaru eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Nico og Wendy halda til Skotlands til að hitta rithöfundinn J.K. Rowling, en ferðin tekur óvænta stefnu þegar Nico ákveður að taka viðhaldið með sér. Victory reynir að komast að því hver dularfulli fjárfestirinn í fyrirtæki hennar er.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Boston Legal (e)
- 00.20 Life (e)
- 01.10 C.S.I.
- 01.50 Vörutorg
- 02.50 Óstöðvandi tónlist

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttavíkunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Menningarlegir miðvikudagar í Bláa Lóninu

Alla miðvikudaga í maí kl. 19.30 verða menningarlegir viðburðir í boði fyrir baðgesti Bláa Lónsins.



## Í KVÖLD!

### DANSSMÍÐJA ÍD

Tímarúm er nýtt dansverk eftir Guðmund Helgason sem er samið fyrir Danssmiðju Íslenska dansflokksins. Í þessu abstraktverki tekst höfundur á við hugtökin tími og rúm, hvernig þau fléttast saman og mynda eina atburðarás. Þrjár dansarar, hver af sinni kynslóðinni og hver úr sinni áttinni, sameinast í hreyfingu þangað til þeir halda áfram sína leið.

## BLUE LAGOON ICELAND

www.bluelagoon.is

Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.10**  
**Grey's Anatomy**  
– nýr þáttur

Einn vinsælasti þáttur í heimi, Grey's Anatomy, snýr nú loksins aftur eftir verkfallsleyfi. Þetta er fjórða röðin af þessum vinsæla þætti og haldið er áfram þar sem frá var horfið. Það hefur orðið skelfilegt rútuslys og sjúklingarnir bíða á bráðamóttökunni. Samband Meredith og Dereks verður enn flóknara þegar hann á í ástarsambandi við samstarfsfélaga sinn.



► **VIÐ MÆLUM MED**  
**Real Madrid - Barcelona**  
**Stöð 2 Sport kl. 18.50**

Vanalega væri allt á suðupunkti fyrir leik sem þennan. Real Madrid tókst hins vegar að klára dæmið um síðustu helgi og er þegar búið að tryggja sér spænska meistaratitilinn. Barcelona sýndi hins vegar loksins klærnar með stórsigri á Valencia og þrátt fyrir að úrslitin í deildinni séu ráðin verður heiðurinn lagður að veði.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfreginir	16.10 Veðurfreginir
06.50 Bæen	16.13 Hlaupánótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
09.05 Okkar á milli	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfreginir	18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
10.13 Brot af eilífðinni	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútvarp	20.30 Stefnumót
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Út um græna grundu
12.45 Veðurfreginir	22.07 Veðurfreginir
12.50 Dánarfreginir og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vít og breitt	22.15 Í öðrum heimum – vísindaskáldskapur kvenna
14.03 Tónar að nóni	23.00 Listin og landfræðin
15.03 Útvarpssagan: Lesarinn	00.07 Næturtonar
15.30 Dr. RÚV	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Hlustendaverðlaun FM957 2008
- 18.30 Seinfeld (1:22)
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Hlustendaverðlaun FM957 2008
- 21.30 Seinfeld (1:22)
- 22.00 Hell's Kitchen (7:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaftharðasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis.
- 22.45 Shark (9:22)
- 23.30 Rock School (1:4) Töfvarinn og goðsögnin Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss er mættur í annað sinn og tekur nú að sér að gera agalusa og kjaftharðar unglunga að alvöru rokkurum. Krakkarnir þurfa að fara í áheymarprufur, semja lög og taka þau upp undir styrki stjórn Gene. Þetta gera þau til þess að undirbúa sig fyrir lokaverkefnið sitt sem er að hita upp fyrir Judas Priest, Rob Zombie og Anthrax á risatónleikum á Long Beach. Suzy Quatro kíkir í heimsókn og tekur unglungana í gítarkennslu og Tony Iommi, gítarleikarinn úr Black Sabbath, heilsar einnig upp á þau. Verða nemandurnir orðnir nógu slípaðir til þess að geta spilað saman sem alvöru hljómsveit?
- 00.15 X-Files (22:24)
- 01.00 Extreme: Life Through a Lens

INN

- 20.00 Mér finnst... Kofinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
- 21.00 Af lífi og sál Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spjallar við áhorfendur INN eins og honum einum er lagið.
- 21.30 Fókus á framhaldsskóla Nemendur frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga kynna skólann og félagslífið.

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Kontant 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.25 Wilde hjerter 11.50 Ha' det godt 12.20 Sporløs 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Pigerne mod drengene 14.30 Bernard 14.35 Svampebob Frikant 15.00 AMIGO 15.30 Shanes verden 15.55 Tjulahop - Zakarias og Jessica 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd? 18.00 Søren Ryge præsenterer 18.30 Danskernes Krønike - Vores kærlighed 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.40 Onsdags Lotto 21.45 OBS 21.50 Seinfeld 22.10 Anklaget 22.50 Godt arbejde 23.20 Kom igen

NRK 1

- 7.55 Frokost-tv 10.00 NRK nyheter 10.10 Den lunefulle naturen 10.40 Brennpunkt 11.30 4+4-2: Bakrommet: Fotballmagasin 12.00 Jan i naturen 12.15 Presidenten 13.00 Zombie hotell 13.30 Malena 14.05 Ghost Trackers 14.30 Fabrikken 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Danske Vidundere 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.15 Dyrestien 64 16.25 Todds verden 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektorene 17.55 Veterinær på safari 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 Sporløst forsvunnet 20.30 Migrapolis 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket: Musikkbyen Reykjavik 21.45 The Wire 22.40 Neste stopp Beograd 23.10 VM ishockey 2008: Norge-Tyskland

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Så ska det låta 11.05 Mitt i naturen 11.35 Härifrån till evigheten 13.30 Andra Avenyn 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Naturmollorna 15.30 Krokodill 16.00 Bolibompa 16.10 Så orättvist 16.15 Lilla röda traktorn 16.25 Räkna med skägg 16.30 Sagoberättaren 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Bammorskoma 19.30 Morgonsoffan 20.00 Big Love 20.55 Rapport 21.05 Kulturnyheterna 21.20 Sthlm 22.05 Vår fan är mitt band? 22.35 Sändningar från SVT24



# Goran Superform á 6 vikum

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

VILT ÞÚ:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja óncæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki. Takmarkaður fjöldi.

Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.

Persónuleg næringarráðgjöf.

Ráðgjöf við matarinnkaup.

Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.

Frábær spennandi lífrænn matur.

Næringardrykkur í lok hvers tíma.

Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,

kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.



**\*Nýtt á Íslandi\***  
**Goran Superform**  
**matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200

## Námskeiðin byrja 13. maí!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is





„Myndin er tekin um það leyti sem við vorum að hefja tölur á kvikmyndinni Á hjara veraldar. Ég man að ég keypti þennan röndóttu jakka í París sem var mjög flottur þá.“

Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri  
Myndin var tekin í ágúst 1982

# Fogerty heimtar þvottavél og þurrkara

Það styttest í að tónleikahrina erlendra tónlistarsnillinga hefjist í Reykjavík. John Fogerty úr Creedence Clearwater Revival ríður á vaðið með tónleikum í Laugardalshöllinni miðvikudagskvöldið 21. maí.

Karlinn kemur með þrjátíu manna hópi til Íslands, þar á meðal hans þauvana og þetta bandi. Þetta eru fyrstu tónleikarnir í viðamiklum Evróputúr sem mun standa fram á haust, og því eru menn eflaust æstir í að taka almennilega á því. Fogerty og félagar dvelja í einn dag aukalega á Íslandi til æfinga í Laugardalshöllinni.

Óskir Fogertys um aðbúnað baksviðs eru ósköp látlausar. Hann

vill fá tvö herbergi út af fyrir sig með snyrtilegum sturtum, vaski og vatnssalerni. Þá vill Fogerty góðan netaðgang, tvö flabeinshvít sápuþykki, sjónvarp og X-box leikjatölvu auk góðs úrvals bío-mynda og leikja. Hann biður um eitt miðlungsstórt borð, tvö minni borð, átta þægilega stóla, tvo stóra spegla og tólf dökk handklæði. Fogerty vill ekki sjá eiginhandar-áritanabettandi aðdáendur og teknið er sérstaklega fram með hástöfum í samningi að Fogerty vilji að baksviðs sé rúmmikil og snyrtileg þvottavél og þurrkari sem hann einn fái til afnota.

Creedence-aðdáendur eiga von á góðu því Fogerty spilar nánast eingöngu gamla stórsmelli á tón-



FOGERTY Í HAM Á TÓNLEIKUM Líklega nýbúinn að setja í vél baksviðs.

leikum sínum. Down on the Corner, Proud Mary, Fortunate Song og öll hin snilldarlögin verða því örugglega á sínum stað í Höllinni.

KK hefur verið fenginn til að hita upp fyrir meistaranum og enn eru til miðar á tónleikana, þótt þeim fari reyndar ört fækkandi. - glh

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**  
2. faðmlag 6. kusk 8. erlendis 9. gerast 11. skóli 12. sjúga 14. sáldur 16. berist til 17. óvild 18. for 20. guð 21. krukka.

**LÓÐRÉTT**  
1. fyrst fædd 3. núna 4. greffrunar 5. arr 7. galli 10. skammstöfun 13. verkur 15. gan 16. hryggur 19. óreiða.

**LAUSN**  
bak, 19. ru.  
ókostur, 10. etv, 13. ták, 15. flán, 16.

**LÓÐRÉTT:**  
1. eist, 3. nu, 4. útfarar, 5. sig, 7. 20. ra, 21. krús.  
**LÁRÉTT:**  
2. knús, 6. íó, 8. úti, 9. ske, 11. fg, 12.

## SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR: KOMIN MEÐ ATVINNULEYFI Í RÚSSLANDI

# Diddú söng fyrir Pútín

„Það verður ekki flóafríður fyrir manni í Rússlandi á næstunni. Ég er komin með atvinnu- og dvalarleyfi í heilt ár,“ segir Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, sem nú er stódd í Rússlandi. Hún er nýbúin að syngja með Terem-kvartettinum í Alþýðuhöllinni í Kreml. Pútín og eftirmaður hans, Medvedev, sátu dolfallnir á fremsta bekk. „Þetta er sex þúsund manna staður og það var fullt upp í rjáfur,“ segir Diddú. „Pútín er mikill aðdáandi Terem-kvartettsins og kallar gjarnan á hann þegar mikið liggur við. Það var heilmikil veisla eftir tónleikana en ég talaði ekkert við Pútín. Ég hélt mig nú aðallega með tónlistarfólkinu.“

Leiðir Diddúar og rússneska kvartettsins lágu saman á Rússneskum dögum í Kópavogi fyrir tæplega þremur árum. „Þá sat ég dáleidd úti í sal eins og aðrir, en svo leiddi eitt af öðru og þetta vatt upp á sig.“

Nú eru Diddú og kvartettinn í vinnubúðum í Pétursborg og ætla að taka upp plötu saman. „Við klárum plötuna líklega í maí og hún kemur út með haustinu. Þarna verða íslensk lög eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, Sigfús Halldórsson og Freymód Jóhannsson, ásamt rússneskum og ítölskum lögum og fleiru.“

Terem-kvartettinn var stofnaður í Pétursborg árið 1986. Hann hefur frá upphafi farið ótroðnar slóðir í tónlistarflutningi sínum og segja má að meðlimir hans hafi fundið upp nýjar aðferðir við að laða fram tónlist úr rússneskum alþýðuhljóðfærum. Peter Gabriel, Robert Plant og Nigel Kennedy eru listamenn sem unnið hafa með sveitinni, og nú er það Diddú. „Þetta eru ótrúlegir snillingar,“ segir hún og ræður sér varla fyrir kæti yfir því sem koma skal, plötuupptöku og tónleikaferðum.



## EKKI FLÓAFRÍÐUR FYRIR DIDDÚ Í RÚSSLANDI

Gerir plötu með hinum heimsfræga Terem-kvarett og spilaði fyrir 6.000 manns í Alþýðuhöllinni í Kreml. Pútín sat á fremsta bekk og réð sér ekki fyrir kæti.



Diddú segist ekkert hafa rekist á rússnesku maffuna á ferðum sínum. „Ég veit nú ekki einu sinni hvernig hún lítur út,“ segir söng-



konan og hlær, „Er rússneska maffian ekki aðallega í útrás á Íslandi þessa dagana?“  
gunnarh@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú standa yfir tölur á Dagvaktinni í Reykholahreppi. **Jón Gunnar Geirdal**, markaðsstjóri Senu, lagði sem kunnugt er til flestra frasana sem Ólafur Ragnar, persóna **Péturs Jóhanns Sigfússonar**, hafði á hraðbergi í Næturvaktinni, en ekki hefur sérstaklega verið haft samband við hann til að draga upp úr honum nýja frasa fyrir nýju seríuna. Hann segir að Pétur Jóhann búi að áratuga-löngum samskiptum við sig og því séu eflaust nóg af ferskum frösom í sarpinum sem hægt er að grípa til.



Á alþjóðlegu arkitektúrarástundi arcspace.com er nú hægt að sjá myndir af húsi **Baltasars Kormáks og Lilju Pálmadóttur** á Hofi í Skagafirði, en síðan fjallar um arkitektúr frá öllum heimshornum. Fögrum orðum er farið um hönnun Studio Granda á húsinu, en hún hlaut meðal annars sjónlistaverðlaunin á síðasta ári. Myndirnar munu ekki hafa borist arkitektúrarástundi að frumkvæði þeirra hjónakorna, enda hafa þau ekki verið mikið fyrir að opna heimili sitt fyrir fjölmiðlafólki í gegnum tíðina.

Mikill fjöldi sótti um sumarstarf hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem auglýst var á dögumum eða hátt í sex hundruð manns. Var þeim flestum sendur tölvupóstur þar sem þeim var þakkaður áhuginn en því miður væri ekkert laust fyrir viðkomandi. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá fylgdi fyrir einstök svarbréfi OR til hvers og eins tölvupóstfang allra þeirra sem sóttu um en fengu ekki. Sá sem skrifar undir kurteisilegleg nei-bréfið er Sprengjuhalla-ástarinn **Snorri Helgason** en hann er einmitt sonur **Helga Péturssonar** í Ríó sem jafnframt er talsmaður Orkuveitunnar.



- glh/sm/jbg

Eldri Vinstri græn  
í Stangarhyl 4 kl. 20  
www.vg.is



## Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur. Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklaetisskýni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is



Pósthusið ehf. – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

## Starfsmaður ALCAN les fréttir á RÚV

„Ef satt reynist væri ég afskaplega ósáttur. Og þætti þetta slæmt,“ segir Óðinn Jónsson fréttastjóri útvarps. Jón Hannes Stefánsson er starfsmaður RÚV – útvarps sviðs, og þykir með betri þulum sem fram hefur komið á seinna árum. Það fengu útvarpshlustendur til dæmis að heyra þegar Jón Hannes las fjögur-fréttir á laugardag síðastliðinn en þá lesa starfsmenn útvarps sviðs sem ekki tilheyra fréttadeildinni fréttirnar. Hins vegar hnykkti glöggum og gagnrýnum við því Jón Hannes er jafnframt starfsmaður markaðsdeildar Alcan eða Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Fréttablaðið sannreynði að Jón væri hjá Rio Tinto með því að hringja í Straumsvík og var gefið samband við Jón. Kvað við símsvari Jóns sem tilkynnti að hann væri vant við látinn. Og þar við sat. Ekki tókst að ná tali af Jóni í gær.

Óðinn segir Jón Hannes ekki heyrja undir sig heldur Sigrúnu Stefánsdóttur dagskrárstjóra

útvarps sviðs. „Ég stóð í þeirri meiningu að hann væri atvinnulaus þegar ég réði hann,“ segir Sigrún í samtali við Fréttablaðið sem lítur ekki á þetta sem stórmál. „Mér skilst að hann komi hvergi fram fyrir hönd fyrirtækisins og rödd hans heyrst aldrei í því samhengi. Hans starf er ekki út á við heldur inn á við og snýr að starfsmönnum.“ segir Sigrún. Hún hyggst ekki grípa til neinna aðgerða og hafnar því alfarið aðspurð að þulir hafi ritstjórnarlega ábyrgð. „Þeirra einasta vald er að laga orðalag ef eitthvað er vitlaust. Þeir mega ekki breyta neinu né hafa þeir vald til að raða upp fréttum. Þannig að ég lít ekki á þetta sem neitt mál,“ segir Sigrún Stefánsdóttir.

- jbg



**EKKERT MÁL**  
Sigrún Stefánsdóttir hyggst ekki gera neitt mál úr fréttalestri Jóns á laugar-daginn.

AFTUR Á  
ÍSLANDI

Sýningar á Kommúnunni hefjast loksins aftur á Stóra sviði Borgarleikhússins. Að lokinni sigurför um Mexíkó snúa hipparnir heim.

Hilmir Snær og Ilmur taka við hlutverkum Gaels og Elenu og verkið verður eingöngu leikið á íslensku. Vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að bjóða upp á nokkrar sýningar í viðbót á þessu vinsæla verki. Tryggðu þér miða strax.

# Kommúnan

Ilmur Kristjánsdóttir



ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON



Hilmir Snær Guðnason

KJANAR FREYR GÍSLASON



SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR



ATLI RAFN SIGURÐARSON



NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR



ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON

Kommúnan er grátbrostleg kómedía sem skartar frábærum leikurum. Unnið upp úr kvikmyndinni Tillsammans eftir Lucas Moodysson

LEIKSTJÓRN OG LEIKGERÐ Gísli Örn Garðarson LEIKMYND Börkur Jónsson  
[www.myspace.com/togethertheplay](http://www.myspace.com/togethertheplay) [www.vesturport.com](http://www.vesturport.com)




BORGARLEIKHÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaæild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Sumarbæklingur  
Next fylgir  
blaðinu í dag!



**BAKÞANKAR**  
Þórhildar Elínar  
Elínardóttur

## Drama- drottning


Faðir minn var vel lesinn í Íslendingasögum og lunkinn við að kveikja áhuga á sagnaarfnum. Sem spons var ég í hefðbundnum álögum lítilla stúlkna sem vilja ólmar vera prinsessur. Þá fékk ég ítarlegar frásagnir af hennar hágöfgi Melkorku sem rænt var frá Írlandi og var bæði stórlynd og staðföst. Í útgáfu þabba var hún langamma mín í beinan kvenlegg sem þýddi þar með að ég var sjálf konungborin.

**ÁRUM** síðar fékk ég loks tækifæri til að hitta annað kóngafólk á hátignarlegum tónleikum í útlöndum. Vegna þess að tilefnið var ærið og staðurinn glæsilegur fór ég í fínasta kjólinn og þaggaði strengilega niður í mínum innri pönkara sem þolir ekkert tildur. Við hjónin vorum svo heppin að sitja beint fyrir aftan hásetin svo ég hefði næstum getað rótað í hárinu á drottningunni. Það hefði minn innri pönkari trúlega gert í eilífri viðleitni við að koma mér í vandræði, en hann var sumsé bundinn og keflaður. Ég var til sóma, sat og stóð eins og hirðsiðameistarinn fyrirskipaði og tókst að vera alveg kjur í sætinu fram að hléi.

**ÞÁ** var sérstök konungleg mót-taka fyrir fáeina útvalda og vegna þess að ég er komin í beinan kvenlegg af Melkorku prinsessu var ég auðvitað þar. Röðin að kóngi og drottningu var dálítið löng svo enn voru nokkrar mínútur til að æfa samræðutæknina. Þegar aðeins fáeinir metrar skildu okkur hátignirnar að vatt sér að okkur áður nefndur hirðsiðameistari og kippti mér út úr röðinni. Útskýrði hraðmæltur að aðeins öðru okkar hjóna hlotnaðist heiðurinn af handabandi við konung. Það skyldi vera bóndi minn og ekki oss.

**MINN** innri pönkari lítur út alveg eins og ég en hefur ekki nokkurn sans fyrir siðareglum. Þegar hágöfgin létu loksins sjá sig eftir hlé átti salurinn að rísa á fætur að viðlagðri næstum dauðarefsingu. Þetta hefði verið glæsileg fjöldahreyfing ef ekki hefði verið fyrir svívirðilegan pönkarann sem sat sem fastast í síðkjólnum beint fyrir aftan hásetin. Mér tókst rétt svo að koma í veg fyrir að hann gramsaði í hárinu á drollunni, sem var gott, því annars hefði bóndi minn þurft aðra sprengitöflu.

**KANNSKI** hefur forsetinn frétt af þessum skandal, að minnsta kosti bauð hann mér ekki á Bessa-staði að hitta Friðrik og Mary.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er miðvikudagur 7. maí,  
128. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.38	13.24	22.12
Akureyri	4.08	13.09	22.13

Heimild: Almanak Háskólans



MINNEAPOLIS - ST. PAUL  
TORONTO  
ORLANDO  
BOSTON  
NEW YORK  
HALIFAX  
AKUREYRI  
REYKJAVIK  
HLSINKI  
STOKKHÖLMUR  
OSLO  
GAUTABORG  
BERGEN  
KAUPMANNAHÖFN  
BERLIN  
FRANKFURT  
MÜNCHEN  
AMSTERDAM  
LONDON  
MANCHESTER  
PARIS  
BARCELONA  
MADRID  
MILANO

**KAUPMANNAHÖFN**

Frá kr. 13.750\*

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Þeir sem elska smurt brauð í sólskini, listasafn og „bröns“ á laugardagsmorgni, hjólatúra, eða Tivoli ættu að fara til Kaupmannahafnar.

Farðu til Kaupmannahafnar, í helgarferð eða í sumarleyfi, taktu fjölskylduna með og dönsku málfraeðina úr tíunda þekk. Værságod! Þú átt skilið að hafa það „hyggeligt“. Drifðu bara í því að panta far!

Safnaðu Vildarpunktum  
VISA Punktarnir upp í  
Ferðaávisun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

\*Flug aðra leiðina með sköttum.